skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

SKYLDUEIGN FYRIR SKÓLAFÓLK
NÝ ÚTGÁFA NÚ Á KYNNINGARVERÐI
ÍSLENSK ORÐABÓK
www.forlagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
MÁNUDAGUR
ÞITT
23. ágúst 2010 — 196. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

Íslenska platan 100 ára

Hljómplötuklúbburinn Íslensk tónlist efnir til veglegrar dagskrár.

tímamót 22

Hönnuður heiðraður

Stefán Einarsson hittir Soffíu Spánardrottningu og Antonio Banderas í Madríd.

fólk 38

Topplið ÍBV tapaði

Grindavík vann ÍBV og FH vann Fylki í gær. Þjálfari Fylkis íhugar afsögn.

sport 34

veðrið í dag

MINNKANDI ÚRKOMA norðan- og austanlands en suðvestanlands léttir heldur til þegar líður á daginn. Það dregur úr vindi vestanlands síðdegis. Hiti verður á bilinu 8 til 16 stig.

VEÐUR 4

HS Orka vill hærra verð

Tafir á nýju aðal- og deiliskipulagi á fyrirhuguðum virkjanasvæðum HS Orku á Reykjanesi valda því að tilraunaboranir frestast og raforkusala dregst. Samningur HS Orku og Norðuráls gæti verið í uppnámi. Samið er um hærra verð. „Allur kostnaður hækkaði við hrunið," segir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku.

ORKUMÁL Bæjaryfirvöld í Grindavík og Hafnarfirði hafa ekki lokið breytingum á aðal- og deiliskipulagi á Reykjanesi og í Krýsuvík. Það tefur fyrir fyrirhuguðum tilraunaborunum og raforkuframleiðslu HS Orku. Hægst hefur á framkvæmdum við byggingu álversins í Helguvík af þessum sökum.

Þrjú ár eru síðan HS Orka fór fram á breytingu á aðal- og deiliskipulagi á svæðinu. Samningar standa nú yfir á milli HS Orku og Norðuráls um sölu á raforku til álversins í Helguvík. Viðræður hafa staðið yfir í ár en gengið rólega upp á síðkastið. „Ég vil ekki gefa þessu nafn eða kalla þetta uppnám. Það er verið að reyna að lenda þessu. En málið verður sleggið út af borðinu ef engin leyfi fást," segir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku.

Eftir því sem næst verður komist hefur kostnaður HS Orku hækkað mikið upp á síðkastið og hefur það áhrif á arðsemiskröfu fyrirtækisins. Það hefur leitt til þess að nú er samið um hærra raforkuverð til álversins en áður hafði verið rætt um. „Í samningum á sínum tíma var rætt um lágmarksarðsemi. En allur kostnaður hækkaði við hrunið," segir Júlíus.

Forstjóri HS Orku segir tafir á aðal- og deiliskipulagi á fyrirhuguðu virkjanasvæði hafa keðjuverkandi áhrif. Erfitt sé að ljúka samningum þegar orka sé ekki til staðar fyrir álverið. Því til viðbótar hafi Orkustofnun enn ekki veitt leyfi til tilraunaborana og stækkun á virkjun HS Orku á Reykjanesi. Vonast er til að leyfi til stækkunar skili sér í næsta mánuði. Ekki liggur fyrir hvenær aðal- og deiliskipulag á fyrirhuguðu virkjanasvæði liggur fyrir en vonast er til að tilraunaboranir hefjist á næsta ári. Tafirnar hafa valdið því að fjármögnun HS Orku er ekki tryggð. „Þegar rætt er við fjárfesta án leyfa er lítið hægt að gera," segir Júlíus.

Þegar útlit var fyrir að tafir yrðu á afhendingu raforku til álversins í Helguvík fyrr á árinu hægðist á framkvæmdum þar og hafa þær verið með rólegasta móti í sumar.

Ekki náðist í Ragnar Guðmundsson, forstjóra Norðuráls, við vinnslu fréttarinnar í gær. **- jab**

HAUSTLEGT VIÐ GRÓTTU Vissara er að hafa hraðann á að koma sér í land þegar tekur að falla að við Gróttuvita á Seltjarnarnesi. Stöku sinnum kemur fyrir að fólk verður þar innlyksa og gæti orðið kalt að bíða eftir fjöru á ný, nú þegar tekið hefur að kólna í veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hönnuður í útrás:

Góðar viðtökur á tískuvikunni

FÓLK „Þetta gekk rosalega vel. Ég á í viðræðum við verslanir í Tókýó, París, London, Kaupmannahöfn, Kanada og nokkrar vefverslanir að auki þannig að móttökurnar hafa bara verið mjög góðar," segir fatahönnuðurinn Sonja Bent sem er nýkomin heim frá Danmörku eftir að hafa tekið þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn.

SONJA BENT

Sonja fékk í kjölfar þáttöku sinnar í tískuvikunni boð á tískuvikuna í Berlín og Pret a porter í París auk þess sem fjölmiðlar sýndu hönnun hennar mikinn áhuga. „Ég er búin að staðfesta þátttöku mína í tískuvikunni í París en er enn að velta fyrir mér boðinu til Berlínar."

-sm / sjá síðu 38

létt&laggott
er komið í nýjan búning

Fjármálaráðherra segir góðan árangur hafa náðst í viðsnúningi efnahagslífsins:

Bölmóður víki fyrir bjartsýni

STJÓRNMÁL Vísbendingar eru um að farið sé að sjá til sólar í íslensku efnahagslífi og á bölmóður að víkja fyrir bjartsýni. Þetta segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í þriðju grein sinni af sex um stöðu mála eftir bankahrunið.

Steingrímur bendir á ýmis merki þess að efnahagslífið sé að taka við sér. Samdráttur í landsframleiðslu hafi reynst minni en svörtustu spár hafi gert ráð fyrir, atvinnuleysi hér sé minna en að meðaltali innan þeirra ríkja sem aðild eiga að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Evrópusambandinu.

Steingrímur tekur sem dæmi að algjör viðsnúningur hafi orðið á vöru- og þjónustujöfnuði frá útrásartímanum fyrir hrun. Í stað mörg hundruð milljarða uppsafnaðs halla áður hafi afgangurinn numið um tvö hundruð milljörðum króna um mitt ár. Það ásamt öðru hafi stuðlað að verulegri styrkingu og stöðugra gengi krónunnar.

„Engir, ekki einu sinni svartsýnustu heimsendaspámenn, geta borið á móti því að mikill árangur hefur náðst og að við erum á réttri leið," skrifar Steingrímur.

- jab / sjá síðu 18

SKYLDUEIGN FYRIR SKÓLAFÓLK
NÝ ÚTGÁFA NÚ Á KYNNINGARVERÐI
ÍSLENSK ORÐABÓK
94.000 UPPFLETTIORÐ
Alvöru bókabúð á netinu
www.forlagid.is

SPURNING DAGSINS



Helgi Már, er partíið nokkuð orðið þreytt?

„Partíið er rétt að byrja, enda er danstónlist svalari en andskotinn."

Útvarpsþátturinn Party Zone fagnar tuttugu ára afmæli sínu í ár og heldur upp á þau tímamót með afmælisveislu á Nasa þann 4. september. Helgi Már Bjarnason er annar umsjónarmanna þáttarins.

Friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna hefjast aftur í næstu viku:

Netanyahu vill koma á óvart

ÍSRAEL, AP Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, hefur gefið í skyn að friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna, sem hefjast aftur í næstu viku, geti skilað árangri. Það er þó með þeim fyrirvara að Palestínumenn gangi að kröfum Ísraela.

Netanyahu segir að erfitt verði að ná samkomulagi en þó mögulegt. „Við viljum koma gagnrýnendum og efasemdarmönnum á óvart. En til þess að svo megi verða verðum við að finna fyrir samstöðu í hópi Palestínumanna," sagði Netanyahu á sunnudag. „Ef við finnum slíka samstöðu eigum við möguleika á að ná sögulegu samkomulagi."

Netanyahu sagði að kæmi til þess að Palestínumenn stofnuðu eigin ríki mætti það ekki hafa neinn her, yrði að viðurkenna Ísrael sem ríki gyðinga sem og að gangast við öðrum „öryggiskröfum" Ísraela.

Netanyahu minntist þó ekki á nokkur af aðaldeiluefnunum eins og landamæri, hvaða hlutverki Jerúsalem myndi gegna eða hvað yrði um palestínska fanga.

Friðarviðræður Palestínumanna og Ísraela hófust í Ósló fyrir sautján árum en hafa ekki enn skilað árangri. Viðræðurnar hefjast aftur í næstu viku en Netanyahu og Mahmud Abbas, forseti Palestínu, hafa samþykkt að hittast í Washington í Bandaríkjunum í byrjun næsta mánaðar. -ve

VONAST EFTIR SAMSTÖÐU Netanyahu segir að erfitt verði að ná samkomulagi en þó mögulegt.

Kvartað á Klukkuvöllum:

Vilja slysagildrurnar í burtu

HAFNARFJÖRÐUR Íbúar á Klukkuvöllum í Hafnarfirði hafa ítrekað kvartað undan slæmum frágangi á byggingarlóðum í götunni, að því er frá var greint í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Eftir hrunið hafa húsgrunnar staðið ókláraðir, byggingarkranar eru orðnir leiktæki krakkanna í hverfinu og stór gryfja þar sem blokk átti að rísa er nú slysagildra við hlið leikskóla. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogsbæjar hefur fengið kvörtun frá áhyggjufullum foreldrum. - óká

MEÐ VEGGSPJALD Tíu ára drengur, Mohammed Adel, dreifir veggspjöldum fyrir Gamal Mubarak í Kaíró á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Foretakosningar í Egyptalandi:

Sonur Mubaraks býður fram

EGYPTALAND, AP Auglýsingaspjöld þess efnis að Gamal Mubarak, yngri sonur Hosni Mubarak forseta Egyptalands, sé næsti leiðtogi Egyptalands er nú víða að finna í Egyptalandi.

Síðastliðin tíu ár hefur því verið haldið fram að Gamal komi til með að taka við af 82 ára gömlum föður sínum sem hefur verið við stjórnvölinn í nærri þrjátíu ár. Hugmyndin hefur fengið misgóðar undirtektir. Talið er að Gamal sé með plaggötunum að kanna jarðveginn fyrir framboð sitt. -ve

Námuslys í Chile:

Á lífi eftir rúmlega tvær vikur

CHILE, AP Þrjátíu og þrír námuverkamenn sem festust í gull- og koparnámu nærri Copiapo í norðurhluta Chile, þegar hún féll saman hinn fimmta ágúst síðastliðinn, eru allir á lífi að því er Sebastian Pinera, forseti landsins, greindi frá í gær.

Björgunarsveit sem var send á vettvang fékk bréfsnepil í hendurnar frá mönnunum sem á stóð rauðum stöfum: „Við erum allir óhultir í skýli." Mennirnir eru fastir á tæplega sjö hundruð metra dýpi og getur tekið allt að fjóra mánuði að ná þeim út.

-ve

Segir íslenska skóga nýtanlega auðlind

Skógrækt ríkisins vill markaðssetja íslenskt hágæðatimbur sem til fellur við grisjun. Hægt sé að nota timbrið í klæðningu, húsgögn og fleira. Vantar alveg einhvern farveg fyrir þróunarvinnu segir kona sem nýtt hefur íslenskt timbur.

NÁTTÚRA Mikið magn af hágæðatimbri hefur fallið til við grisjun í Skorradal í sumar. Skógræktarstjóri segist viss um að markaður sé fyrir timbrið og er bjartsýnn á að koma því í auknum mæli í notkun hér á landi.

„Við höfum verið að prófa þetta, ég var að setja upp hús sjálfur þar sem ég notaði svona timbur, og það kom rosalega vel út," segir Jón Loftsson skógræktarstjóri. Hann segir hægt að nota timbrið í klæðningu, húsgögn og ýmislegt annað.

Á bilinu fimm til sex þúsund rúmmetrar voru grisjaðir úr skóginum í Skorradal. Elstu trén eru ríflega 50 ára og því stórir stofnar og gott timbur sem fæst úr bestu trjánum, segir Jón.

Stór hluti af því timbri sem til féll við grisjunina var kurlaður og nýttur í ofnum járnblendiverksmiðju Elkem á Grundartanga. Þá er lélegasta timbrið kurlað í spæni og notað fyrir dýr í kjúklinga- og svínabúum og víðar.

Jón segir að Skógræktin hafi haldið besta timbrinu eftir og vonast til þess að hægt verði að selja það í haust. Til greina komi að Skógræktin eignist betri sög til að saga timbrið í planka, enda engin sögunarmylla á Íslandi til að vinna trjábolina.

„Það er ekki spurning að það er markaður fyrir þetta," segir Jón. „Það sem gerðist eftir hrunið var að menn áttuðu sig á því að íslenskt timbur er nýtanleg auðlind."

Hann segir að mikil uppsöfnuð þörf sé fyrir grisjun í skógum landsins og því lítið vandamál að svara eftirspurn.

Hulda Gunnarsdóttir, sem býr á Fitjum í Skorradal, segir ekki nóg að gert við að koma íslensku timbri í notkun. Hún hefur látið klæða hús og smíða húsgögn úr timbri úr Skorradal, og segir alla sem að því hafa komið sammála um að um úrvals hráefni sé að ræða.

TIMBURHÚS Með því að saga ekki hliðarnar af trjábolunum fæst fallegt timbur sem til dæmis er hægt að nota til að klæða hús, segir Jón Loftsson skógræktarstjóri. MYND/JÓN LOFTSSON

> Það sem gerðist eftir hrunið var að menn áttuðu sig á því að íslenskt timbur er nýtanleg auðlind
>
> **JÓN LOFTSSON**
> SKÓGRÆKTARSTJÓRI

„Vandamálið er að enginn farvegur er fyrir úrvinnslu," segir Hulda. Hún segir Skógræktina þurfa að gera mun meira en hingað til hafi verið gert til að koma timbrinu í umferð. „Það mun falla til timbur, og ef við gerum ekkert með það fer það allt í kurl."

Hulda segir að til dæmis mætti leyfa fyrirtækjum sem byggja sumarbústaði að prófa að smíða úr íslensku timbri fyrir lítið fé og leyfa minni verkstæðum að kaupa ódýrt til að prófa sig áfram með smíði á húsgögnum eða öðru tilfallandi.

brjann@frettabladid.is

Kröfuhafar fá kynningu í dag:

Bankinn í mál við stjórnendur

VIÐSKIPTI Tvö skaðabótamál slitastjórnar Landsbankans gegn fyrrverandi stjórnendum bankans eru á leið til dómstóla, að því er Stöð 2 greindi frá í fréttum sínum í gær.

Skaðabótakröfurnar í málunum eru sagðar skipta tugum milljarða króna, en ítrasta krafan í stærra málinu nemur um 20 milljörðum króna.

Slitastjórnin og skilanefndin fengu til liðs við sig sérfræðiteymi á vegum Deloitte í Bretlandi til að rannsaka starfsemi bankans í aðdraganda hrunsins.

Gera má ráð fyrir að kröfuhöfum verði kynnt staða mála á kröfuhafafundi í dag.

- óká

Forseti Írans býður sættir:

Íran kýs alþjóðlega einangrun

ÍRAN, AP Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, bauð Bandaríkjunum sættir í sjónvarpsviðtali í gær, en ögraði Washington á sama tíma með því að segja að hann hræddist ekki árás þeirra því herinn gæti ekki einu sinni sigrað lítinn íraskan her.

MAHMOUD AHMADINEJAD

Barack Obama hefur hvað eftir annað reynt að hefja samningaviðræður við Íran. Stjórn hans segir Íran þó kjósa alþjóðlega einangrun. Löndin tvö eiga í deilum vegna kjarnorkuáætlunar Írans.

Mike Mullen bandarískur hershöfðingi hótaði Írönum árás fyrr í sumar. - mmf

Nokkrir lífeyrissjóðir eiga í viðræðum um kaup á stórum eignarhlut í HS Orku:

Magma mun ávallt eiga mest

VIÐSKIPTI Viðræður standa yfir á milli kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy og nokkurra lífeyrissjóða um kaup þeirra á 25 til 40 prósenta hlut í HS Orku. Áætlað verðmæti hlutarins er á bilinu átta til þrettán milljarðar króna. Magma Energy á 86 prósenta hlut í félaginu.

Viðræður hófust í júní. Ásgeir Margeirsson, forstjóri Magma Energy á Íslandi, segir þær skammt komnar. Sumir lífeyrissjóðir hafi haft meiri áhuga en aðrir.

Framtakssjóði Íslands, sem sextán lífeyrissjóðir standa að, bauðst að kaupa hlutinn fyrr á árinu. Forsvarsmönnum sjóðsins fannst verðmiðinn of hár.

Deilur hafa sprottið um kaup Magma Energy í HS Orku og bauð Ross Beaty, forstjóri Magma Energy, ríkinu forkaupsrétt að hlut félagsins í fyrirtækinu auk þess að stytta tímann sem fyrirtækið hefur til orkunýtingar á Reykjanesi.

ÁSGEIR MARGEIRSSON

BJARNI BENEDIKTSSON

Atli Gíslason, fulltrúi Vinstri grænna í iðnaðarnefnd Alþingis sagði um helgina það ekki duga og vill að orkuauðlindir landsins séu ótvírætt í eigu opinberra aðila. Þjóðnýting komi til greina.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist í samtali við Fréttastofu Stöðvar 2 um helgina enga trú hafa á að meirihluti væri fyrir þjóðnýtingu HS Orku á Alþingi. Hann rifjaði upp að þingmenn Vinstri grænna hefðu beitt sér gegn álveri í Helguvík í fyrra og reyndu enn að bregða fæti fyrir það. „Þetta er auðvitað ein leið fyrir Vinstri græna til þess að koma í veg fyrir að þau áform nái fram að ganga," sagði hann.

Ásgeir segir málflutning andstæðinga kaupa Magma Energy á meirihluta hlutafjár í HS Orku undarlegan, ekki síst á sama tíma og lífeyrissjóðum standi til boða að kaupa hlut í fyrirtækinu. „Þegar menn eru komnir með, segjum 35 prósenta hlut í fyrirtæki, þá hafa þeir talsverð ítök," segir hann en leggur áherslu á að Magma Energy hafi í hyggju að verða ávallt meirihlutaeigandi í HS Orku. - jab

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Gleðilegt nýtt leikár!

Með leikhúskorti Þjóðleikhússins átt þú spennandi vetur í vændum

AÐ VERA EÐA EKKI VERA MEÐ LEIKHÚSKORT ... það er enginn efi

Óbreytt verð á leikhúskortum þriðja árið í röð!
Fjórir leikhúsmiðar sem þú ræður hvernig þú nýtir á leikárinu.

Leikhúskort
4 miðar á aðeins
9.900 kr.

Miðasalan er hafin

Tryggðu þér kort
Komdu til okkar í miðasöluna á Hverfisgötunni, hringdu í síma 551 1200 eða kíktu á leikhusid.is

BAKHJARL ÞJÓÐLEIKHÚSSINS

Þú getur sótt kynningarbækling leikársins á leikhusid.is

GENGIÐ 20.08.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	120,20	120,78
Sterlingspund	186,16	187,06
Evra	152,63	153,49
Dönsk króna	20,483	20,603
Norsk króna	19,141	19,253
Sænsk króna	16,106	16,200
Japanskt jen	1,4073	1,4155
SDR	181,18	182,26

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,667

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vilja taka upp makrílveiðar Íslendinga í aðildarviðræðum við Evrópusambandið:

Makrílstríð sagt í uppsiglingu

SJÁVARÚTVEGSMÁL Makrílstríð er í uppsiglingu á milli Íslendinga og Færeyinga annars vegar og Breta og Evrópusambandsins hins vegar samkvæmt breska blaðinu The Guardian.

Skoskir sjómenn og stjórnmálamenn kalla eftir aðgerðum af hálfu Evrópusambandsins eftir að samanlagður makrílkvóti landanna tveggja var aukinn úr 27 þúsund tonnum í 215 þúsund tonn. Talið er að deilurnar stofni ekki einungis framtíðarúthafsveiðum Breta í hættu heldur einnig framtíð makrílsins sjálfs, að sögn Guardian.

„Við ættum að hóta því að loka öllum höfnum í Evrópusambandinu fyrir íslenskum og færeyskum skipum," sagði Struan Stevenson, yfirmaður fiskveiðinefndar Evrópuþingsins. Hann bætti við að loka ætti fyrir innflutning landanna tveggja til Evrópusambandsins, „Og sýna þeim að okkur er alvara."

Stevenson sagði að makríllinn ætti að vera lykilatriði í aðildarviðræðum Íslands að Evrópusambandinu. „Hér er þjóð í aðildarviðræðum. En hvað hefur hún gefið okkur? Öskusky og fjármálavandræði með þjóðaratkvæðagreiðslu hennar þar sem þún neitaði að greiða skuldir sínar við Breta." - mmf

FRAMTÍÐ MAKRÍLSINS Struan Stevenson sagði að makríllinn ætti að vera lykilatriði í aðildarviðræðum Íslendinga og ESB.

Jarðskjálfti í Grikklandi:

Hús stóðu af sér skjálftann

GRIKKLAND, AP Jarðskjálfti sem mældist 5,4 stig á Richter varð um 65 kílómetra frá grísku eyjunni Zakynthos um klukkan 10.23 í gær. Slökkviliðsmenn á staðnum segja að engin slys hafi orðið á fólki og að mannvirki séu óskemmd.

Jarðskjálftar á skalanum fimm og yfir eru nokkuð algengir á Grikklandi. Sérstaklega er tekið mið af því við húsbyggingar á Zakynthos enda fóru mannvirki á staðnum afar illa í röð jarðskjálfta árið 1953. -ve

FÁNAGANGAN Stjórnarandstæðingar með risastóra útgáfu af rússneska fánanum í Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fánaganga í Moskvu:

Stjórnarandstæðingar teknir höndum

RÚSSLAND, AP Rússneska lögreglan kom í veg fyrir að um hundrað stjórnarandstæðingar færu í fánagöngu í gegnum miðborg Moskvu í gær og handtók þrjá af leiðtogum stjórnarandstöðunnar. Þar á meðal var Boris Nemtsov sem talið er að komi til með að leiða stjórnarandstöðuna í næstu kosningum.

Stjórnarandstaðan var að fagna fánadeginum, sem er tileinkaður rússneska fánanum. „Fáninn er tákn frelsis og lýðræðis, en augljóslega ekki í huga Pútins," sagði Nemtsov við handtökuna.

Fáninn skipar stóran sess í hugum Rússa. Boris Jeltsín klifraði upp á skriðdreka hinn 22. ágúst árið 1991 og flaggaði þrílita fánanum til að fagna falli Sovetríkjanna. Þremur árum síðar lýsti hann daginn hátíðisdag. -ve

LEIÐRÉTTING

Þess misskilnings gætti í leiðara blaðsins á laugardag að Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi hefði flutt tillöguna um stofnun starfshóps, sem vinna á að því að bæta námsárangur stráka í grunnskólum. Þorbjörg er formaður hópsins, en meirihlutinn í borgarstjórn flutti tillöguna. Beðist er afsökunar á misherminu.

Dómsmálaráðherra fundar með biskupi

Prestar kalla eftir því að biskup leysi þjóðkirkjuprest frá störfum vegna þeirra ummæla að þagnarskylda sé hafin yfir landslög. Biskup vísar því á bug að hann hafi reynt að þagga niður mál á hendur Ólafi Skúlasyni árið 1996.

ÞJÓÐKIRKJAN Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra, fundar í dag með Karli Sigurbjörnssyni biskupi um málefni þjóðkirkjunnar. Tilefnið segir Ragna vera þau ummæli Geirs Waage, sóknarprests í Reykholti, að þagnarskylda presta sé hafin yfir landslög, jafnvel í tilfelli kynferðisbrota gegn börnum.

Að sögn Rögnu munu hún og Karl einnig ræða almennt um aðkomu ráðuneytisins að málefnum þjóðkirkjunnar, en í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir að Þjóðkirkjan njóti sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka. „Svo virðist vera sem ráðuneytið hafi ekki eftirlit með því hvort starfsmenn kirkjunnar fari að lögum eða ekki. Hins vegar er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að sá skilningur sé réttur. Ég hef engan vilja til að hlaupast undan ábyrgð í þessu máli, en það þarf að vera skýrt hver ábyrgð ráðuneytisins er samkvæmt lögum," segir Ragna.

Biskup Íslands sendi á laugardag frá sér yfirlýsingu þar sem hann mótmælir ummælum Geirs. Karl segir fyrirmæli barnaverndarlaga taka af öll tvímæli um tilkynningaskyldu presta, að hún gangi framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu. Í kjölfar ummæla Geirs kallaði Bjarni Karlsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju, og fleiri prestar eftir því að biskup leysti Geir frá störfum. Hrefna Friðriksdóttir, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, telur að biskup kunni að hafa tilefni til að áminna Geir eða víkja honum úr starfi.

Ennfremur sendi Karl Sigurbjörnsson biskup frá sér yfirlýsingu seint í gær, þar sem hann vísar því á bug að hafa reynt að þagga niður mál Sigrúnar Pálínu Ingvadóttur á hendur Ólafi Skúlasyni, þáverandi biskupi, árið 1996.

Að sögn Rögnu stendur ekki til að ræða það mál á fundi hennar og biskups í dag. „Ég þekki það mál ekki nógu vel. Þetta virðist vera löng saga og ekki ljóst hverjir vissu hvað og hvenær, svo ég tjái mig ekki um það," segir Ragna. Spurð hvort þjóðkirkjan hafi beðið álitshnekki síðustu daga segist Ragna þurfa að kynna sér málið betur áður en hún tjái sig um það. kjartan@frettabladid.is

PRESTASTEFNA Í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir að þjóðkirkjan njóti sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka.

KARL SIGURBJÖRNSSON

RAGNA ÁRNADÓTTIR

GEIR WAAGE

Bótasjóður vegna olíuleka:

Málshöfðunarrétti afsalað

BANDARÍKIN, AP Ken Feinberg sem stjórnar greiðslum úr bótasjóði vegna olíulekans í Mexíkó-flóa sagði það sína hugmynd að þeir sem fái lokagreiðslu úr bótasjóðnum afsali sér rétti til málshöfðunar.

Feinberg sagði greiðslur úr bótasjóðnum verða hagstæðari heldur en bætur frá dómstólum. „Ef mér finnst þú ekki hafa mun engum dómstól finnast það."

Hver sá sem fær skammtímagreiðslu frá bótasjóðnum sem hefur starfsemi á mánudag getur lögsótt BP. Nú þegar hafa hundruð gert það. - mmf

KEN FEINBERG

Svínaglímu í Montana frestað:

Svínin sjá við mannfólkinu

MONTANA, AP Svínaglímu í norðurhluta Montana sem átti að fara fram á föstudag hefur verið frestað vegna þess að ekki var hægt að smala svínunum sem áttu að taka þátt í henni.

Shirley Ebelton, umsjónarmaður glímunnar, segir þrjátíu villisvínum á tíu mílna svæði meðfram Marias ánni í Montana alla jafna smalað saman samdægurs fyrir glímuna en að þessu sinni hafi einungis tekist að fanga eitt. Glímunni var í fyrstu frestað fram á laugardag en svínin voru hvergi sjáanleg. Embelton segir að á næsta ári verði hafist handa við að smala skepnunum fyrr. -ve

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

HELDUR HLÝNAR á landinu frá því í gær og má búast við að hitinn verði á bilinu 8 til 16 stig næstu daga og þá heldur svalara norðanlands en sunnan heiða. Það dregur úr úrkomu í dag en næstu daga gætu skipst á skin og skúrir.



Á MORGUN
Hægur vindur víða um land.

MÁNUDAGUR
Hæg norðlæg eða breytileg átt víða.

HEIMURINN

Alicante	33°
Basel	33°
Berlín	27°
Billund	20°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	24°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	24°
London	20°
Mallorca	31°
New York	23°
Orlando	33°
Ósló	19°
París	22°
San Francisco	26°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 51042 08/10

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

FRÁ 18.100 KR.

MANCHESTER

Þú safnar frá 1.500 Vildarpunktum.

Þú safnar frá 1.800 Vildarpunktum.

HELSINKI

FRÁ 20.500 KR.

FRÁ 33.300 KR.

ORLANDO

Þú safnar frá 2.400 Vildarpunktum.

Þú safnar frá 1.800 Vildarpunktum

PARÍS

FRÁ 20.500 KR.

FRÁ 29.800 KR.

TORONTO

Þú safnar frá 2.100 Vildarpunktum.

Hvert á að fara í vetur? Við höfum góð svör við því. Veldu úr allt að 39 freistandi áfangastöðum okkar á icelandair.is og þú finnur rétta svarið fyrir þig.

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug og flugvallarskattar aðra leiðina.

KJÖRKASSINN

Hefur þú gaman af kórsöng?

Já	60,1%
Nei	39,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Sóttir þú atburði á menningarnótt?

Segðu þína skoðun á vísir.is

GEKK VEL Tíu manns hjóluðu með félögunum síðasta spölinn. MYND/ÚR EINKASAFNI

Hjólað til heilla lokið:

Ánægðir með viðtökurnar

SAMFÉLAGSMÁL Tólf daga hringferð Hjólað til heilla lauk á laugardag. Margmenni tók á móti þeim félögum Haraldi Hreggviðssyni hjólreiðakappa og Haraldi Helgasyni aðstoðarmanni hans í húsakynnum Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna sem þeir styrktu með ferðinni.

„Við erum mjög ánægðir með viðtökurnar," segir Haraldur Helgason og bætir við að söfnunin standi til mánaðamóta. „Ferðalagið gekk frábærlega vel. Við lentum í alls kyns veðri en náðum samt að vera degi á undan upphaflegri áætlun." - mmf

Flætt hefur í fjórar vikur:

Fjórar milljónir yfirgefa Sukkar

PAKISTAN Tugir þúsunda flýja heimili sín í Suður-Pakistan vegna yfirvofandi flóðbylgju. Þrjár vikur eru síðan miklar monsúnrigningar hófust segir BBC.

Talið er að nú þegar hafi fjórar milljónir yfirgefið borgina Sukkar, sem er þriðja stærsta borg Sindh héraðs í Suður-Pakistan. Íbúar Sindh héraðs hafa orðið hvað verst úti í flóðunum og embættismenn segja að í það minnsta tvö hundruð þúsund manns hafi flúið svæðið á síðasta sólarhring.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, óttast útbreiðslu sjúkdóma á svæðinu. - mmf

Blómavasanum eftir Vincent van Gogh var stolið í Kaíró um helgina:

Öryggisgæslan á safninu sögð vera léleg

EGYPTALAND, AP Málverkinu Blómavasanum eftir Vincent van Gogh, sem er metið á um 6 milljarða króna, var stolið af Mahmoud Khalil safninu í Kaíró á laugardag. Það var skorið úr ramma sínum og komust ræningjarnir undan.

Abdel-Meguid Mahmoud, aðalsaksóknari Egyptalands, kennir öryggisgæslu safnsins um en engar viðvörunarbjöllur og aðeins sjö af 43 eftirlitsmyndavélum voru virkar á laugardag. Málverkinu var stolið af sama safni árið 1978 en var endurheimt frá Kúveit áratug síðar.

Faruq Hosni, menningarmálaráðherra Egyptalands, sagði á laugardag að lögreglan hefði handtekið ítalskt par á flugvellinum í Kaíró og hefði það málverkið í fórum sínum. Hann dró það síðan til baka og sagðist hafa fengið rangar upplýsingar. Lögreglan hefur aukið eftirlit sitt á flugvöllum og á landamærum í Egyptalandi í von um að stöðva ræningjana.

Blómavasinn er talinn marka tímamót á ferli Vincents van Gogh en hann málaði það nýkominn frá Frakklandi, þar sem hann hafði orðið fyrir miklum hughrifum, árið 1886. -ve

VIÐ SAFNIÐ Lögreglumaður stendur vörð við hliðið að Mahmud Khalil nútímalistasafnið í Kaíró í Egyptalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Töf forðaði stórum gjaldeyrislánum

Framkvæmdir við heilsulind á reit gamla gufubaðsins við Laugarvatn eru komnar ágætlega af stað. Gamla gufubaðið var rifið árið 2007. Í kjölfar bankahrunsins var framkvæmdum frestað á ný. Í sumar var hafist handa aftur.

SKIPULAGSMÁL Stefnt er að því að ný heilsulind verði opnuð í júní á næsta ári á reit gamla gufubaðsins á Laugarvatni. Framkvæmdir við heilsulindina hófust í sumar en hafa tafist í tvö ár eftir að bankahrunið setti áætlanirnar í uppnám.

„Framkvæmdirnar mjakast, þetta gekk aðeins hægt í byrjun en er komið á góðan rekspöl núna," segir Jónas Jónasson verkefnastjóri framkvæmdanna.

Fyrsta skóflustungan að nýja gufubaðinu var tekin 9. júní síðastliðinn en fullbúið verður það 750 fermetra náttúruleg heilsulind. Í heilsulindinni munu gestir geta notið sömu aðstöðu og var að finna í gömlu gufunni en náttúruleg gufa úr iðrum jarðar stígur upp á reitnum. Auk gufubaða verða laugar og heitir pottar á svæðinu ásamt útiaðstöðu.

Gamla gufubaðið var rifið árið 2007 en þar til í júní fóru engar framkvæmdir fram á svæðinu. Nokkuð hefur borið á óánægju meðal heimamanna vegna tafanna og frágangs verkefnisins en gamla gufubaðið var fastur punktur í tilveru Laugvetninga um áratugaskeið. Spurður um töfina segir Hafþór Birgir Guðmundsson, sem er í varastjórn Gufu ehf. sem stendur að baki framkvæmdinni: „Þegar við vorum tilbúin að fara í gang skall bankakreppan á okkur og sem betur fór vorum við ekki farnir af stað því þá hefðum við sennilega verið búnir að taka stór gjaldeyrislán og allt hefði farið til fjandans, þannig að þetta lagðist í smá bið."

Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir 1.200 fermetra byggingu en Hafþór segir að ýmsir þættir hafi verið skornir niður. „Útlitslega séð er húsið mjög svipað en það var farið í miklar aðhaldsaðgerðir," segir Hafþór.

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, segir alla á svæðinu spennta fyrir framkvæmdunum. „Það sáu margir eftir gamla gufubaðinu og fannst eitthvað vanta en það er nú samt meiri eftirvænting eftir því að hitt komi núna."

magnusl@frettabladid.is

Á LAUGARVATNI Eftir tveggja ára hlé eru hafnar framkvæmdir við nýja heilsulind á Laugarvatni. Vatnið er vinsæll áfangastaður ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÉTTABLAÐIÐ 9. JÚLÍ 2008 Fréttablaðið fjallaði um málið þegar ljóst þótti að töf yrði á framkvæmdunum.

Ekkert gufubað við Laugarvatn næstu ár

STÓRHUGA ÆTLANIR

Reykjavíkurmaraþon vel sótt:

Íslenskur karl sigraði í fyrsta sinn síðan 1984

ÍÞRÓTTIR **Björn Margeirsson kom fyrstur í mark í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1984 sem íslenskur karlmaður sigrar í Reykjavíkurmaraþoni.**

BJÖRN MARGEIRSSON

Rannveig Oddsdóttir kom fyrst í mark í maraþoni kvenna á tólfta besta tíma kvenna hingað til og besta tíma síðustu fimm hlaupa.

Fjöldi Íslendinga sem tóku þátt í maraþoninu var 9.427 og útlendingar voru 1.017. Góðgerðarfélögin sem tóku þátt í söfnuninni voru 96 og seinni part laugardags höfðu safnast 28,5 milljónir en áheitasöfnun verður opin til miðnættis í kvöld. - mmf

LÖGREGLUMÁL

Sex óku ölvaðir

Sex voru teknir fyrir ölvun við akstur á menningarnótt. Fimm voru stöðvaðir í Reykjavík og einn í Mosfellsbæ, fimm karlar og ein kona. Einn hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.

Ósiðlegur dans

Kona um þrítugt var handtekin í miðborginni á menningarnótt eftir kvartanir sem lögreglu bárust, en hún var sögð iðka ósiðlegan dans.

Fíkniefni á menningarnótt

Nokkur fíkniefnamál komu til kasta lögreglu á menningarnótt. Fjórir karlar voru handteknir grunaðir um fíkniefnamisferli en á þremur þeirra fundust fíkniefni, bæði amfetamín og marijúana.

Hörð átök stóðu í gær í austur- og suðurhluta Afganistan:

Fjórir bandarískir hermenn drepnir

AFGANISTAN, AP Fjórir bandarískir hermenn féllu í austur- og suðurhluta Afganistan í gær, að sögn NATO. Þrír þeirra létust í átökum við uppreisnarmenn en einn lést þegar hann varð fyrir heimagerðri sprengju. Þá varð fyrrum skæruliðaleiðtoginn Slaam Pahlawan fyrir bílsprengju í Faryab-héraði í norðurhluta landsins.

Pahlawan var í bíl ásamt sonum sínum, fimm og tíu ára, og tveimur lífvörðum þegar uppreinsnarmenn sprengdu bíl þeirra í loft upp með fjarstýrðri sprengju. Hann barðist við sovéskan innrásarher á níunda áratugnum en margir eftirlifandi hermenn frá þeim tíma hafa verið skotmörk talibana vegna samvinnu þeirra og ríkistjórnarinnar í Kabul.

Það sem af er þessum mánuði hafa 42 hermenn verið drepnir í Afganistan, en þar af eru 28 bandarískir hermenn. Sextíu og sex bandarískir hermenn létu lífið í júlí en þeir hafa ekki verið fleiri frá því ráðist var inn í landið árið 2001.

Nákvæm staðsetning átakanna í gær er ekki ljós en þó hafa borist fréttir af hörðum átökum í Jajiumdæmi í austurhluta Paktiya-héraðs, um 12 kílómetra frá landamærum Pakistan. Afganski herinn og landamæralögreglan komu bandarískum hermönnum til aðstoðar á jörðu niðri og þyrlur gerðu árás úr lofti, að sögn afganska hersins. Ekki er vitað hve margir vígamenn féllu. -ve

Í AFGANISTAN Hermanni bandaríkjahers hjálpað inn í sjúkraþyrlu í Zhari héraði í Kandahar í Afganistan á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ódýrt í skólann

Mikið úrval af skólavörum *á betra verði*



Fyllt pennaveski - Allt í einum pakka

Margar gerðir

- Tússlitir
- Trélitir
- Blýantar
- Strokleður
- Yddari
- Reglustika
- Þríhyrningur

OPIÐ 24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 24. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað veldur hækkandi vatnsyfirborði í Bláa lóninu?*
2. *Hver keypti Vestia, eignarhaldsfélag Landsbankans, fyrir helgi?*
3. *Hvað varð til þess að loðfílar dóu út?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Stofnandi Wikileaks-síðunnar segir ákærur á hendur sér samsæri bandarískra stjórnvalda:

Wikileaks ætlar að birta fleiri leyniskjöl

FJÖLMIÐLAR Sænskur saksóknari dró síðdegis á laugardag til baka nauðgunarkæru og handtökuskipun á hendur Julian Assange, stofnanda og forsvarsmanns Wikileaks.

Ákærurnar voru lagðar fram á föstudag og vöktu heimsathygli. Assange var sakaður um að hafa nauðgað tveimur konum, einni í Stokkhólmi og annarri í Enköping í Svíþjóð. Handtökuskipunin var dregin til baka síðdegis á laugardag og dregið úr ákærum. Assange er nú sakaður um misbeitingu. Karin Rosander, talsmaður saksóknaraembættisins, vildi ekki segja hvað væri fólgið í misbeitingunni.

JULIAN ASSANGE

Julian Assange sagði, í samtali við sænska dagblaðið Aftonbladet um helgina, ákærurnar tilhæfulausar. Tilgangur þeirra virtist sá einn að sverta Wikileaks, sem nýverið hafi lekið tugþúsundum leyniskjala um veru bandaríska hersins í Afganistan. Hann útilokar ekki aðkomu bandaríska varnarmálaráðuneytisins. Assange sagði á blaðamannafundi í Svíþjóð að frekari skjöl úr safni bandaríska hersins um stríðið í Afganistan yrðu birt. Ákæran væri tilraun til að koma í veg fyrir það.

- jab

Bandaríkjamenn vilja loka Wikileaks

„Þetta er farsi, vandræðalegt mál fyrir sænska saksóknaraembættið," segir Kristinn Hrafnsson, starfsmaður Wikileaks. Hann telur undarlegt að sænska dagblaðið Expressen hafi komist yfir dagsgamla kæru á hendur Assange. „Það er vitað að Pentagon [innskot blm: bandaríska varnarmálaráðuneytið] og bandarískir herinn hafa teiknað upp ýmsar leiðir til að koma óorði á Wikileaks og loka fyrirtækinu," segir hann og rifjar upp að í vor hafi lekið út á netið tveggja ára gamalt skjal frá bandarískum yfirvöldum þar sem þetta komi fram. „Við höfum haft fregnir af því að í undirbúningi væri einhvers konar bakslag."

Stjórnarmyndun Belga gengur hægt

Tveimur mánuðum eftir þingkosningarnar í Belgíu hefur ekkert gengið að mynda ríkisstjórn. Kröfur Vallóna um aukin sjálfstjórnarréttindi flækjast fyrir. Þegar síðast var kosið tók átta mánuði að mynda starfhæfa ríkisstjórn.

BELGÍA, AP Elio di Rupo, leiðtogi Sósíalistaflokksins í Belgíu, hefur fengið lengri frest til þess að reyna stjórnarmyndun með sex öðrum flokkum.

Í síðustu viku gekk di Rupo á fund Alberts konungs og skýrði frá því að fjögurra vikna stjórnarmyndunartilraunir hefðu ekki borið þann árangur sem vonast var eftir.

Vonir hafa því dvínað um að stjórnarmyndun takist á næstunni. Síðast þegar gengið var til kosninga í Belgíu tók það átta mánuði að mynda starfhæfa ríkisstjórn, sem entist þó ekki út kjörtímabilið.

ELIO DI RUPO

Það sem flækir málið er að flokkarnir skiptast ekki bara eftir hefðbundnum mælikvörðum í hægri og vinstri, heldur einnig eftir því hvort fylgið kemur frá Vallónum eða Flæmingjum.

Vallónar búa í norðurhluta landsins og tala hollensku en Flæmingjar búa í suðurhlutanum og tala frönsku. Meðal Vallóna er sterk hreyfing fyrir því að stofna sjálfstætt ríki aðskilið frá Belgíu, eða í það minnsta að efla heimastjórn Vallóna svo um muni.

Sigurvegarar þingkosninganna 13. júní voru flokkar Flæmingja, með Nýja flæmska bandalagið í fararbroddi. Sá flokkur vill ganga alla leið og skipta Belgíu í tvennt á milli Vallóna og Flæmingja. Flokksmenn telja þjóðirnar tvær hafa fjarlægst hvor aðra svo mikið að þær eigi enga samleið lengur.

KONUNGURINN VEIFAR Albert II konungur Belgíu veifar Elio di Rupo fyrir utan konungshöllina í Brussel eftir fund þeirra þar síðastliðinn miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogi þess flokks, Bart de Wever, fékk stjórnarmyndunarumboðið fyrstur, en gafst upp eftir þrjár vikur. Umboðið rann síðan til di Rupos, sem enn er að reyna.

Hugmyndir um að skipta Belgíu í tvennt voru fyrir aðeins fáeinum árum nánast einkaeign hægrisinnuðustu íbúa hins flæmskumælandi hluta landsins, þar sem velmegun er mun meiri en í frönskumælandi hlutanum. Þessar hugmyndir eru hins vegar ekki lengur einangraðar við öfgamenn heldur orðnar harla útbreidd skoðun meðal almennra Flæmingja.

Frönskumælandi Flæmingjar hafa ekki ljáð máls á neinum breytingum í þá átt að styrkja stöðu Vallóna, en virðast nú hafa áttað sig á því að þeir verði að gefa eftir að einhverju marki.

Um það eiga viðræðurnar næstu daga og vikur að snúast, samkvæmt því endurnýjaða umboði frá konunginum sem di Rupo fékk fyrir helgi. **gudsteinn@frettabladid.is**

Aðalfundur Exista ehf.
31. ágúst 2010

EXISTA

Aðalfundur Exista ehf. verður haldinn þriðjudaginn 31. ágúst 2010 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 9:00.

Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2009.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2009 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Exista ehf.
7. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Framboð til stjórnar félagsins skal berast skriflega til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi frá kl. 8:30 á fundarstað.

Reykjavík, 23. ágúst 2010.
Stjórn Exista ehf.

EXISTA ehf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600

Enginn yfirheyrður um helgina vegna morðsins á Hannesi Þór Helgasyni:

Gögn rannsökuð um helgina

LÖGREGLUMÁL Ekkert nýtt kom fram um helgina og enginn var yfirheyrður í tengslum við rannsókn lögreglu á morðinu á Hannesi Þór Helgasyni fyrir viku. „Helgin var nýtt til rannsókna á gögnum," segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar. Hann vildi ekki tjá sig nánar um málið en vísaði til upplýsinga, sem fram komu á blaðamannafundi á föstudag.

Fram kom á fundinum að allnokkur sýni hafi verið tekin af vettvangi morðsins og þau send til rannsóknar í Svíþjóð. Niðurstöður eru væntanlegar innan fjögurra vikna. Friðrik vildi hvorki fara nánar út í það hversu mörg sýnin væru né af hversu mörgum einstaklingum.

Unnusta Hannesar kom að honum látnum á heimili þeirra í Hafnarfirði á sunnudag í síðustu viku. Hannes mun hafa verið einn í húsinu og bendir allt til þess að sá sem verknaðinn framdi hafi haft lykil að því eða komist inn um ólæstar dyr. Hannes hlaut fjölda stungusára.

Lögreglan hefur yfirheyrt tugi manna í tengslum við málið en enginn er í haldi. Hátt í fjörutíu lögreglumenn vinna að málinu. Heimili Hannesar hefur verið innsiglað frá því líkið fannst.

- jab

FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON Um fjörutíu lögreglumenn vinna að rannsókn á morðinu á Hannesi Þór Helgasyni, sem fannst á heimili sínu fyrir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eitt verð - fyrir klárar konur

Má bjóða þér aðgang að öllum tímum, jafnt opnum sem lokuðum námskeiðum?
Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði
og hefur aðgang að öllu þessu með þátttöku í KK klúbbnum.
Klárar konur sjá hvaða leið er hagstæðust.

Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590* kr. á mánuði
og færð frítt í alla opna og LOKAÐA tíma.
Hot jóga - ***frítt***
Heilsuátak - ***frítt***
Aðhaldsnámskeið - ***frítt***
Tabata - ***frítt***
Afró - ***frítt***
Magadans - ***frítt***
Bollywood - ***frítt***
Les Mills tímar - ***frítt***
Salsa - ***frítt***
Flamenco - ***frítt***
Tæbox - ***frítt***
o.*mfl.*

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug,
vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

Baðhúsið - fyrir klárar konur
Vertu velkomin.

Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk

Ljósmyndari Vera Pálsd.

Komdu strax í klúbbinn, fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í október!

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími 515-1900

5.590* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 3 leiðir,
Skólaáskrift, Grunnáskrift og Eðaláskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum fylgir Grunn- og Eðaláskrift.

SVALAR ÞORSTANUM Þessi kornunga stúlka fékk sér svolítinn sopa úr litlum gosbrunni í dýragarði í borginni Lafayette í Indianaríki í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ferða- og útivistarfélagið Slóðavinir lagaði brú á Mosfellsheiði:

Brúin var orðin ótraust og götótt

SAMGÖNGUR Ferða- og útivistarfélagið Slóðavinir tók sig til í sumar og lagaði brú á Mosfellsheiði. Brúin liggur á vegarslóða frá Skálafellsafleggjara og inn á Mosfellsheiði

„Brúin mátti muna fífil sinn fegurri," segir Halldór Sveinsson félagi í Slóðavinum. Brúargólfið var ótraust og götótt að sögn Halldórs. „Þessi brú var orðin hættuleg, við sáum að jeppamenn voru farnir að fara yfir ána fyrir neðan og þar var farið að myndast ljótt sár." Slóðavinir skiptu um brúargólfið og sáðu í sárin sem farin voru að myndast í landinu í kring. **- mmf**

EFTIR VIÐGERÐ Slóðavinir sáðu í sárin sem farin voru að myndast í landinu í kring. MYND/ÚR EINKASAFNI

TF-LIF send á slysstað:

Kona slasaðist á Öræfajökli

SLYS Kona slasaðist á fæti á Hrútfjallstindum á Öræfajökli tæplega hálf átta á laugardagskvöld. Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, var kölluð á slysstað.

Ekki reyndist unnt að lenda á slysstað og því var lent við Freysnes til að létta þyrluna áður en haldið var aftur á slysstað þar sem hin slasaða var hífð um borð ásamt tveimur ferðafélögum.

Konan var svo skilin eftir ásamt ferðafélögunum á Freysnesi þar sem ætlun þeirra var að keyra til Reykjavíkur. **- mmf**

Friðarumleitanir í Afganistan:

Fórna ekki réttindum kvenna

AFGANISTAN, AP Forseti Afganistan, Hamid Karazai, segir réttindum afganskra kvenna ekki verða fórnað í friðarumleitunum við talibana. Í samtali við ABC fréttastofuna á sunnudag sagðist hann nú reyna að ná til talibana sem væru tilbúnir að hætta samskiptum við al-Kaída og aðra hryðjuverkahópa.

HAMID KARZAI

Hann sagði afganskar konur ekki þurfa að óttast um stöðu sína og að þær myndu hafa traustan málsvara í öllum formlegum viðræðum. Hann sagði pólitískan, félagslegan og efnahagslegan ábata þeirra ekki einungis verða varinn heldur aukinn.

-ve

REYKJAVÍK

Ljósmyndir af landsmóti

Landssamband hestamannafélaga hefur í samvinnu við Reykjavíkurborg komið upp ljósmyndasýningu í Hljómskálagarðinum. Á sýningunni er stiklað á því helsta frá upphafi landsmóts árið 1950 til dagsins í dag.

Lausnir verði raunverulegar

Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor í félagsfræði, segir skipan stýrihóps, sem ætlað er að vinna að eflingu námsárangurs drengja, í grunnatriðum þarfa og góða. Lausnir þurfi þó að byggja á traustum heimildum.

FRÉTTASKÝRING

Er þörf á sérstökum úrræðum til að efla námsárangur drengja?

Menntaráð Reykjavíkur skipaði í síðustu viku átta manna stýrihóp með fulltrúum skólastjóra, kennara, foreldra og sérfræðinga, sem ætlað er að vinna markvisst að því að efla námsárangur drengja í grunnskólum. Hvatinn að skipun stýrihópsins er sagður rannsóknir sem gerðar hafa verið við Menntavísindasvið HÍ, sem sýna marktækan mun á námsáhuga og námsánægju stúlkna og drengja strax í 1. bekk.

INGA DÓRA SIGFÚSDÓTTIR

Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor í félagsfræði við Háskólann í Reykjavík og Columbia University í New York, hefur rannsakað kynjamun á námsárangri barna og unglinga frá árinu 1997. Hún segir þá staðreynd löngu kunna að strákum gangi og líði verr í skóla en stelpum. „Í grunnatriðum þykir mér skipan stýrihópsins þörf og góð. Staðan hefur verið ljós nokkuð lengi en ekki hefur verið brugðist við með beinum aðgerðum fyrr en nú, nema þá í sérstökum tilfellum þar sem ákveðnar tilraunir hafa verið gerðar. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa í huga að þetta er flókið mál og byggja þarf á traustum rannsóknum sem miða að því að finna úrlausnir," segir Inga Dóra.

Hún segir rannsóknir sínar og fleiri hafa leitt í ljós að strákar hafi almennt minna eftirlit og njóti minni stuðnings foreldra en stelpur, og þeir þættir séu veigamiklir í að skýra námsárangur. „Þetta eru þættir sem þarf að breyta í samfélaginu og þegar rýnt er í tölurnar kemur raunar í ljós að dregið hefur úr kynjamun í námsárangri. Samfélaginu hættir til að líta á skólann sem einangraða stofnun, en það sem gerist innan veggja skólanna á sér oft orsakir fyrir utan hann."

Formaður stýrihópsins, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í menntaráði Reykjavíkurborgar, telur að kerfið hafi á einhvern hátt misst sjónar á strákum, meðal annars vegna fækkunar á körlum sem fyrirmyndum í skólakerfinu. Inga Dóra segir slíkt ekki eiga við rök að styðjast. „Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á að engu máli skiptir fyrir námsárangur kynjanna hvort karlar eða konur kenni. Þetta er meðal þess sem þarf að gæta að þegar lausna er leitað, að þær séu raunverulegar og byggi á traustum heimildum," segir Inga Dóra Sigfúsdóttir.

kjartan@frettabladid.is

Á LEIKVELLINUM „Sérfræðingar eru góðir og gildir en foreldrar eru alltaf helstu sérfræðingar í málefnum barna sinna," segir Inga Dóra Sigfúsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Munurinn mestur hjá Íslendingum

Af 41 þjóð sem tók þátt í alþjóðlegu námsmatskönnuninni PISA (Programme for International Student Assessment) árið 2003 mælist kynjamunur á námsárangri í þeim greinum sem rannsakaðar voru mestur hjá Íslendingum. Námsárangurinn reyndist betri hjá stelpum í stærðfræði, raungreinum og lestri.

Forskot stelpna í ofantöldum greinum var ljóst í 4. og 7. bekk og allt upp á háskólastig.

Sagt vinna gegn hagsmunum barna með úreltum kenningum

Ákvörðun menntaráðs Reykjavíkurborgar um að setja af stað stýrihóp til að efla árangur drengja í grunnskólum, var ekki einróma samþykkt innan ráðsins. Líf Magneudóttir, fulltrúi VG, er ósammála aðgerðinni og segir ekkert benda til þess að góður árangur stúlkna í skóla sé á kostnað drengja og hún gagnrýnir ákvörðun menntaráðs harðlega.

LÍF MAGNEUDÓTTIR

„Það er ekki hægt að gefa sér að drengir séu einsleitur hópur sem þarfnist eins og sama úrræðisins," segir Líf. „Rannsóknir sýna að munur er á nemendum eftir öðrum breytum en kyni, eins og efnahag foreldra og þátttöku þeirra í skólastarfi. Meirihlutinn er að vinna gegn hagsmunum barna með því að styðjast við úreltar kenningar."

Björn Pétursson, skólastjóri Melaskóla, telur málið flókið og erfitt sé að komast að einni niðurstöðu. „Skólinn er eitt, heimili er annað, fjölmiðlun enn annað. Það þarf að ræða við börnin til þess að komast að því hvað má betur fara. En ég tel að það sé góðra gjalda vert að rannsaka þetta sérstaklega."

Aðgerðirnar voru settar af stað meðal annars vegna þess að samkvæmt könnun Háskóla Íslands frá árinu 2008 eru drengir ekki eins ánægðir með nám í fyrstu bekkjum grunnskóla og stúlkur. **- sv**

STRÁKAR Í SKÓLA Skólastjóri Melaskóla telur varasamt að styðjast of mikið við niðurstöður kannana í málefnum barna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Orkuveita Reykjavíkur

Gönguferð um Öskjuhlíðina

Þriðjudagskvöldið 24. ágúst verður gengið um Öskjuhlíðina undir leiðsögn Einars Gunnlaugssonar, jarðfræðings, og Stefáns Pálssonar, sagnfræðings. Öskjuhlíðin er forvitnilegt, bæði út frá náttúrufræðilegu og sögulegu sjónarhorni, auk þess sem starfsemi Orkuveitunnar tengist svæðinu á ýmsan hátt. Lagt verður af stað frá Perlunni kl. 19:30.

• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

Athugið að efni dagsins getur riðlast af ýmsum ástæðum og er því bent á að nánari upplýsingar er að finna á vef Orkuveitunnar.

www.or.is

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA

Tölvuskólinn heim til þín!

Innritun hafin...

Haustönn 2010

Skrifstofuskólinn

Skrifstofunám

Viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins. Nám fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu námi á þessari braut eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritarar og við bókhald. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi (alþjóðleg próf) eða verkefni.

Tölvugreinar:
Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

Viðskiptagreinar:
Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

Persónuleg færni:
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf , íslensk og ensk. Sölutækni og markaðsmál.

Hefst 8. sept. Morgun og kvöldhópar
Lengd: 260 std. (13 einingar) Verð kr. 199.000,-

Tölvu og bókhaldsnám

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri.
Námsbrautin skiptist í tölvugreinar og viðskiptagreinar.
Hægt er að taka þátt í fjarkennslu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu.

Hefst 8. sept. morgun og kvöldhópar
Lengd: 200 std. (10 einingar) Verð kr. 153.000,-

Stök námskeið

Bókhald 1 Lengd 100 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 13. okt

Bókhald 2 Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,-

Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)
Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 17. nóv

Tollskýrslugerð Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

Vefur, grafík og myndvinnsla

Grafísk hönnun
Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag: Photoshop, Illustrator og InDesign. (CS4)
Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,- Hefst 7. sept.

Vefsíðugerð
Photoshop og Dreamweaver.
Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 6. sept.

Vefsíðugerð 2
Dreameweaver frh. og Flash
Lengd: 42 std Verð kr. 49.000,- Hefst 6. okt.

Almenn tölvunámskeið

Tölvan og byrjandinn
Námskeið ætlað byrjendum á öllum aldri
Lengd 42 std. Verð kr. 39.000,- Hefst 7. sept. morgun og kvöldhópar

Almennt tölvunám
Windows – Word – Excel - Internet – Outlook
Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 8. sept. morgun og kvöldhópar

ECDL tölvunám
Windows – Word – Excel – PowerPoint – Internet og Outlook
Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,- Hefst 8. sept.
morgun og kvöldhópar

Tölvuskólinn heim til þín!

Tölvuskólinn heim til þín!

Nemendur tengjast beint inn í kennslustofu heiman frá sér á einfaldan hátt.
Allt sem þarf er tölva og sæmileg nettenging, heyrnartól með hljóðnema og þú ert komin/n á námskeið sem fullgildur staðarnemi. Nemendur sjá og heyra allt sem fram fer í kennslustofunni og geta tekið beinan þátt í umræðum og með fyrirspurnum sem svarað er strax.

Sl. önn vorum við með nemendur í „beinni“ á ýmsum námsbrautum m.a. frá Danmörku, Hellissandi, Ólafsvík, Bíldudal, Sauðárkróki, Dalvík, Akureyri, Árskógssandi, Vík, Vestmannaeyjum og Sandgerði. Sjá nánari upplýsingar og umsagnir nemenda á heimasíðu skólans **www.isoft.is**

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is

Á ÞEYSIREIÐ Kaþólski presturinn Zoltan Lendvai sést oft þeytast á hjólabretti fyrir utan kirkju í litlu þorpi í Ungverjalandi. Hann kennir líka ungmennum í söfnuði sínum listina. NORDICPHOTOS/AFP

Helgarumferð í kringum höfuðborgina dregst saman í ágúst:

Umferðin minnkar stöðugt

SAMGÖNGUMÁL Hratt hefur dregið úr helgarumferð til og frá höfuðborgarsvæðinu undanfarnar helgar. Umferðin hefur dregist stöðugt saman frá því um miðjan júlí, en jókst aðeins aftur um verslunarmannahelgina.

Umferðin var um átta prósentum minni aðra helgina í ágúst en hún var um verslunarmannahelgina. Helgina þar á eftir dróst hún svo saman um sjö prósent til viðbótar og fóru þá um 167 þúsund bílar um sex talningarstaði Vegagerðarinnar. Sömu helgi í fyrra var óvenjulega mikil umferð og skýrir það að umferðin í ár var rúmum ellefu prósentum minni en þá.

Vegagerðin mælir umferðina við Ingólfsfjall, á Hellisheiði og á Sandskeiði til austurs og á Kjalarnesi, í Hvalfjarðargöngum og á Hafnarmelum til norðurs.

Mest var umferðin í sumar helgina 16. til 18. júlí, þegar tæpir 200 þúsund bílar fóru til og frá höfuðborgarsvæðinu. Vegagerðin býst við því að umferð dragist áfram saman það sem eftir er af ágúst. **- þeb**

HVALFJARÐARGÖNGIN Vegagerðin mælir fjölda bíla sem fara um Hvalfjarðargöngin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Borgartré 2010 kynnt:

Silfurreynirinn í Víkurgarði

REYKJAVÍK Borgartré 2010 hefur verið valið. Jón Gnarr borgarstjóri kynnti tréð á menningarnótt og er það silfurreynir sem er í Víkurgarði á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis.

Georg Schierbeck landlæknir gróðursetti tréð árið 1884 og er það eina tré garðsins sem eftir er frá tíð Shierbecks og jafnframt elsta tré borgarinnar.

Tilgangur verkefnisins Borgartré er að vekja athygli á merkilegum trjám sem nauðsynlegt þykir að varðveita og hlúa að. **- mmf**

Opið til kl. 18 í kvöld

Komdu og sjáðu úrvalið á rýmingarsölu hjá Thrifty bílaleigu

Gerðu bílakaup dagsins!

Notaðu tækifærið og gerðu góð kaup á notuðum bíl í dag. Thrifty bílaleiga þarf að rýma til fyrir veturinn. Komdu og sjáðu úrval af fólksbílum, jeppum, sportjeppum og sendiferðabílum sem standa þér til boða með alvöru afslætti. Reynsluaktu smáum og stórum gæðabílum í öllum verðflokkum frá Thrifty bílaleigu. Komdu í dag og gerðu frábær kaup.

Rýmingarsala á bílaleigubílum
Opið til 18 í kvöld

Thrifty bílaleiga rýmir til fyrir veturinn

Citroën C4 Saloon Comfort (OR908)
Skrd. 09/2007
Thrifty rýmingarverð 1.750.000 kr.

Komdu í dag!
Nýttu tækifæri þessa árs! Kauptu bíl af Thrifty. Frábært úrval af fólksbílum og sportjeppum og jeppum á frábærum kjörum.

Þessi bíll er í hópi bíla í leit að nýjum eiganda. Komdu í dag og skoðaðu úrvalið!

Rýmingarsala! Kauptu bíl á rýmingarverði af Thrifty

Þú finnur okkur þar sem Brimborg er, að Bíldshöfða 6, Reykjavík og Tryggvabraut 5, Akureyri. Sölufulltrúar Brimborgar sjá um söluráðgjöf fyrir Thrifty.

Opið til kl. 18 í kvöld

Thrifty Íslandi
Bíldshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

Thrifty Íslandi
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

Thrifty Bílaleiga
www.thrifty.is

STÓRVERKSMIÐJA Mjöltankar Granda í Reykjavík voru fluttir austur á Vopnafjörð þegar fullkomið uppsjávarfrystihús fyrirtækisins var tekið þar í notkun. Nú hefur starfsemin mengað fjörur og höfn Vopnfirðinga af grút.

HB Grandi biðst afsökunar á grút

Grútarmengun í höfn og fjörum veldur óþægindum og ama á Vopnafirði. Mengunin er rakin til bilunar í búnaði og frárennsli frá frystihúsi HB Granda.

MENGUN Mikil mengun frá frystihúsi HB Granda hefur mengað höfn og fjörur á Vopnafirði í sumar. Höfnin og ströndin í grennd við þéttbýlið hafa verið löðrandi í grút. HB Grandi hefur beðið bæjarbúa afsökunar með bréfi sem fyrirtækið lét bera í öll hús í plássinu.

„Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma fráveitumálum okkar í fyrirmyndarlag og hraða því ferli eins og hægt er," segir í bréfi HB Granda sem er birt á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps. „Við biðjum íbúa Vopnafjarðar enn og aftur afsökunar á þessu."

Mengunin er rakin til bilunar í búnaði og til þess að frárennsli frá frystihúsi Granda hafi verið meira en búist var við. „Það hefur aldrei verið unnið annað eins magn af síld og makríl í uppsjávarfrystihúsinu og nú í sumar," segir í bréfi HB Granda. „Nú er t.d. búið að frysta rúm 7.500 tonn af afurðum á móti 1.200 tonnum í fyrra. Við þessa vinnslu er að falla til gífurlegt magn af fitu og hafa tæki okkar og úrræði greinilega ekki verið nægilega viðbúin því."

Hreinsun á fjörunni er hafin og einnig hefur HB Grandi falið verkfræðistofu að gera tafarlausa úttekt á fráveitumálum. **-pg**

SKIPTU UM SKOÐUN

Komdu í skoðunarstöð Tékklands við Reykjavíkurveg eða í Holtagörðum og njóttu þess að láta skoða bílinn þinn.

Það er **ódýrara**.

Samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins 22. júlí 2010

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Reykjavíkurvegi / Holtagörðum / Sími 414 9900 / tekkland@tekkland.is / www.tekkland.is

HOT YOGA Sporthúsinu

NÝ NÁMSKEIÐ – NÝIR TÍMAR HEFJAST 25. & 26. ÁGÚST

Vegna mikilla vinsælda bætum við eftirfarandi námskeiðum við:

HOT YOGA morgnar – 60 mín
26. ágúst – 5. október
þri + fim kl: 06:15

HOT YOGA kvöld – 60 mín
25. ágúst – 4. október
mán + mið kl: 21:00

6 vikna námskeið
verð aðeins 12.900 kr.

Síðustu námskeið fylltust strax og komust færri að en vildu!
Tryggðu þér pláss í s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is

CrossFit Sporthúsinu

CROSSFIT Í SPORTHÚSINU HEFUR ALDREI VERIÐ VNSÆLLA!

Vegna fjölda áskorana hefjast ný grunnnámskeið 25. ágúst
4 vikur – 3 æfingar í viku – aðgangur að líkamsrækt og opnum hóptímum.

CROSSFIT MORGNAR
mán + mið + fim
kl: 6:00

CROSSFIT HÁDEGI
mán + mið + fös
kl: 12:00

CROSSFIT SÍÐDEGI
mán + mið + fös
kl: 17:30

verð: 17:500 kr.

Fyrirspurnir og skráning í s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is
Nánari upplýsingar á www.sporthusid.is

SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050

Menningarnótt 2010

Á ARNARHÓLI Heldur fleiri voru í bænum á menningarnótt en á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tóm hamingja á menningarnótt

Í kringum eitt hundrað þúsund manns voru viðstaddir flugeldasýningu menningarnætur á laugardagskvöld samkvæmt upplýsingum frá Skúla Gautasyni, framkvæmdastjóra menningarnætur. „Það er tóm hamingja með menningarnótt almennt séð," segir Skúli. Aðstandendur hátíðarinnar sem og lögregla, slökkvilið og björgunarsveitir telja að hátíðin hafi gengið vel fyrir sig. „Það var svolítið stórt skref stigið með því að loka allri miðborginni fyrir umferð en það þótti takast vel."

FLATKÖKUGERÐ Mikið var um að vera í grennd við Óðinstorg á menningarnótt, fatamarkaður, vöfflukaffi og flatkökugerð.

SKREYTT BANKASTRÆTI „Það er tóm hamingja með menningarnótt almennt séð," segir Skúli Gautason, framkvæmdastjóri menningarnætur.

MENNINGARNÓTT 2010 Prófessorinn og Memfismafían komu fram á tónleikum Bylgjunnar og Hljóðs X sem haldnir voru á Ingólfstorgi.

Ertu klár í skólann?

Vinir að eilífu
Fáðu vini þína til að skrifa skilaboð og skemmtið ykkur með þeim, þegar þið lesið þetta eftir 30 ár. Vinabókin er hönnuð af Tiger. 300 kr.

Er allt í röð og reglu?
Þá eru þessar öskjur málið. Fyrir litla hluti, sem maður notar ekki daglega. Það eru líka til stílabækur í stíl. Hannað af Tiger. 300 kr. askjan.

Lekkert límband
Skreyttu skólabækurnar eða gerðu fallega innpökkun enn fallegri. Tvær rúllur af gamaldags köflóttu límbandi á 200 kr.

Köflótt skipulag
Ýmsar möppur, geymslukassar og stílabækur í hressandi litum. Fyrir allt sem þú gætir gleymt.

Línuleg verkfæri
Gerir kennarann glaðan. Fáðu þér reglustrikusett og vertu tilbúinn í stærðfræðitímann. 200 kr.

Vindknúin myndastatíf
Láttu léttan vind leika um myndirnar úr fríinu. Vindmylluminningahaldari 500 kr.

Vertu vel skrifandi
Vel yddaður blýantur skrifar betur. Vertu skriffær með rafknúnum yddara. 1000 kr.

Talandi minnisblokk
Talbólu-minnisblokkir, svo þú getir heyrt skilaboðin með augunum. Þrjár í pakka fyrir 200 kr.

Fylltu pennaveskið!
Tiger leggur þér lið með nýjum blýöntum, strokleðrum, yddurum og öllu hinu, sem þarf til að fylla pennaveskið, áður en skólinn byrjar.

Límmiðagleði
Ekki gleyma að leika þér, þó að skólinn sé byrjaður. Límmiðabók eða dúkkulísubók á 300 kr.

Til í slaginn?
Þ.e.a.s. skólaslaginn? Skólatöskurnar bera bækurnar þínar fyrir 1000 kr. Þrjú ólík mynstur.

Lærðu að þekkja heiminn
Heimslíkanið sýnir þér hvernig heimurinn er uppbyggður. Sjáðu, hvernig litla Ísland liggur miðað við önnur lönd heimsins og hvað hin stóru heimshöf heita. Heimslíkanið er líka lampi og kostar 4000 kr.

TIGER

Villidýr á verði

Kringlan / Laugavegur / Smáralind / Akureyri / tiger.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Kirkjan reynir að gera hreint fyrir sínum dyrum:

Hvernig er hægt að þegja?

Þjóðkirkjan hefur að undanförnu verið harðlega gagnrýnd fyrir að taka ekki nógu hart og ákveðið á grun um kynferðisbrot innan stofnunarinnar. Vilji kirkjunnar manna til að bæta um betur hefur þó ekki farið á milli mála og á síðustu dögum hafa verið tilkynntar aðgerðir og gefnar upplýsingar, sem benda eindregið til að kirkjan vilji gera hreint fyrir sínum dyrum.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, skrifaði grein hér í blaðið síðastliðinn föstudag þar sem hann ítrekaði afstöðu kirkjunnar og rifjaði meðal annars upp siðareglur fyrir starfsfólk kirkjunnar, sem kirkjuþing samþykkti í fyrra. Í grein biskups segir: „Í siðareglunum er og skýrt kveðið á um upplýsingaskyldu skv. barnalögum þar sem segir að starfsfólk og vígðir þjónar kirkjunnar skuli „vera ávallt upplýst um lög og reglur sem gilda um börn og unglinga og að skylt sé að tilkynna barnaverndaryfirvöldum ef ætla má að barn búi við óviðunandi aðstæður eða er þolandi ofbeldis.“ Þessar siðareglur voru samþykktar á Kirkjuþingi 2009 og gilda fyrir alla presta og starfsmenn þjóðkirkjunnar undantekningarlaust.“

Eins og stundum áður hefur séra Geir Waage, sóknarprestur í Reykholti, ekki reynzt mjög hjálplegur við að útskýra að kirkjan hugsi í takt við þjóðina. Í grein í Morgunblaðinu á laugardag segist hann í raun ekki geta lotið ákvæðum barnaverndarlaga um að skylda embættismanna til að tilkynna um brot gegn börnum, þar með talin kynferðisbrot, gangi framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Prestar eru sérstaklega nefndir í lögunum, ásamt fleiri stéttum.

Séra Geir segir í grein sinni að trúnaður prests og þess, sem skriftar fyrir honum, sé „algjör eða enginn“. Séra Geir skrifar: „Vitaskuld er enginn maður yfir lög hafinn og heldur engin stofnun, svo fremi að lög geri ekki þá kröfu til manns að hann breyti gegn samvizku sinni, allra sízt styðjist hún við Guðs orð. Þær aðstæður geta komið upp og eru raunar algengar í harðræðisríkjum að menn verði að gera það upp við samvizku sína hvort þeir treysti sjer til þess að hlýða lögunum þegar það fer í bága við samvizkuna.“

Þeir sem þetta lesa, hljóta að spyrja: Neiti skjólstæðingur prests, sem hefur játað fyrir honum kynferðisbrot, að gefa sig fram sjálfur, getur þá samvizka prestsins leyft honum að þegja og þar með jafnvel að hindra það að glæpunum linni? Hvernig má það yfirleitt vera að prestar telji sig geta þagað yfir slíku?

Karl biskup brást skjótt við og sendi frá sér yfirlýsingu, þar sem segir að landslög og kirkjuréttur hafi um langan aldur gengið út frá því að skriftabarnið geti ekki bundið samvizku prests: „Presti sem verður áskynja í skriftum að lífi eða heill annarra er ógnað er skyldugt að leiða viðkomandi fyrir sjónir að honum beri skylda til að koma í veg fyrir það og að prestinum sé skylt að tilkynna slíkt ef viðkomandi geri það ekki sjálfur.“

Þá liggur afstaða biskups skýrt fyrir. En eftir stendur spurningin: Hvað ætlar hann að gera við kirkjunnar þjón sem segist hvorki geta farið að siðareglum kirkjunnar né landslögum?

FRÁ DEGI TIL DAGS

Dagbækurnar horfnar

Matthías Johannessen, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, virðist vera búinn að loka dagbókum sínum á vefnum, þær voru alltént ekki aðgengilegar í gær. Það er miður því þar gætti ýmissa grasa. Til dæmis var athyglisverð frásögnin úr afmæli Davíðs Oddssonar árið 1998. Þar sat Matthías meðal annars til borðs með Ólafi heitnum Skúlasyni biskupi. Matthías lýsir því hvernig hann og aðrir sessunautar göntuðust með ásakanir um kynferðisofbeldi á hendur biskupnum. „Ég var raunar undrandi hvað hann leyfði okkur að gantast með sín mál og fór það vel í mig,“ skrifar Matthías.

Gott svar

Matthías segir einnig að sér hafi líkað vel svar biskups við þeirri spurningu hvernig manni liði „sem þyrfti að ganga í gegnum þann eld sem á sr. Ólafi hefði brunnið.“ Biskupinn svaraði á þá leið að það væri ekki hægt að ganga í gegnum slíkt „nema vera annað hvort idjót eða saklaus – og ég er ekki idjót!“ bætti hann við. „Það þótti mér gott svar,“ skrifar Matthías.

En nú er annað komið á daginn. Vonandi verða dagbækur Matthíasar aftur aðgengilegar á vefnum sem fyrst.

Lög og regla

Sagt var frá því í fjölmiðlum í gær að þrátt fyrir líkamsárásir, mikla ölvun og frekju í umferðinni telji lögreglan menningarnótt hafa tekist vel. Það vekur upp spurningu um hvað þarf að ganga á til að lögreglan telji að menningarnótt hafi tekist illa.

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Skólabyrjun

Umferðarmál

Sigrún A. Þorsteinsdóttir
forvarnafulltrúi VÍS

Á kveðinn sjarmi er alltaf yfir skólabyrjun á hverju hausti. Börnin fara af stað að morgni dags með tösku á baki, komast í sína rútínu, hitta félagana og fara yfir sumarið. Að mörgu er þó að hyggja til að allt fari rétt og örugglega fram. Umferðin er stór þáttur þar. Í raun skiptir ekki öllu hvort um byrjendur í skólagöngu er að ræða eða börn sem eru búin að vera lengur í skóla. Þau sem eldri eru taka oft meiri áhættu t.d. með því að stytta sér leið, sem er oftast ekki öruggasta leiðin.

Mikilvægt er að gefa sér tíma til að fara yfir öruggustu leiðina í skólann með barninu. Hún er yfirleitt leiðin þar sem sjaldnast er farið yfir götu. Ef barnið er byrjandi í skólanum er gott að ganga fyrstu dagana með því í skólann. Ef fara þarf yfir götu ítrekaðu við barnið að það noti gangbraut ef hún er til staðar, stoppi, líti vel til beggja hliða og hlusti áður en það fer yfir. Upplýsa þarf barnið um það að ekki sé víst að ökumaður sjái það þó svo að það hafi séð bílinn og að best sé að gera alltaf ráð fyrir því að ökumaður hafi ekki séð það. Benda þarf barninu á að ganga ekki yfir bílastæði skólans heldur meðfram því og að bílastæði sé ekki leikvöllur.

Gott er að kynna sér hvort skólinn er með reglur um hjólreiðar barna úr og í skóla. Ef barnið fer hjólandi tryggðu að barnið sé með hjálm og gangi vel um hann þegar það geymir hann í skólanum. Í allmörgum skólum eru skólarútur notaðar. Farðu yfir helstu öryggisatriði m.a. að barnið standi ekki of nærri rútunni þegar hún kemur, fari í röð en troðist ekki og spenni beltin.

Ef foreldrar aka barninu í skólann þá er barnið öruggast í aftursætinu fram að 12 ára aldri. Þau sem ekki hafa náð 36 kg þyngd eiga að vera í sérstökum öryggisbúnaði umfram bílbelti eins og sessu, með eða án baks. Þegar barnið fer úr bílnum er alltaf öruggast að barnið fari út gangstéttarmegin, en ekki umferðarmegin.

Barn með endurskinsmerki sést fimm sinnum fyrr heldur en barn sem ekki er með endurskinsmerki. Tryggðu að barnið þitt sjáist í umferðinni þegar rökkva tekur.

Sem ökumaður virtu hraðatakmarkanir í kringum skóla, sýndu varkárni, vertu með hreinar rúður og stoppaðu fyrir gangandi vegfarendum. Mundu jafnframt að þú ert fyrirmynd barna í umferðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Kirkjugrið og níðingar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Ætli okkur sé ekki flestum heldur hlýtt til þjóðkirkjunnar? Fólk treystir þessari stofnun til þess að vera vettvangur fyrir mikilvægustu stundir lífsins. Kirkjan er svolítið syfjuleg stundum sem er ágætt, því ekki fer vel á æsingi og hamagangi í trúarefnum. Vissulega kemur fyrir að maður fái á tilfinninguna við jarðarfarir að líkið sé hálfgerð boðflenna í prívatsamsæti prestsins og Guðs og margir þekkja þá tilfinningu að fá engan botn í stólræðuna en vita að hún á eftir að dragast áfram í hálftíma enn; við þekkjum ótal sögur af breyskum prestum, einkum frá fyrri tíð, hvort heldur delerandi í messum í ölæði eða sankandi að sér óhæfilegum auði. Fólk veit alveg að prestar eru menn og aðeins Guð er fullkominn. Og fólk umber sína breysku presta ef þeir þykja standa sig vel í öðrum greinum starfsins. Fólk ber virðingu fyrir starfinu – svona fyrirfram. Presturinn hefur svo að segja bréf upp á að vera góðmenni. Og hann hefur vald á Orðinu.

Andköf vikunnar?

Dómharka og refsigleði er áberandi um þessar mundir í opinberri umræðu, og menn í valdastöðum þurfa að gæta orða sinna eins og lögreglumaður mátti reyna á dögunum þegar hann fór yfir strikið í ummælum um fórnarlömb kynferðisbrota: hann hefði ef til vill komist upp með svona tal fyrir fimm eða tíu árum, en ekki lengur. Og nú er það kirkjan.

Í fljótu bragði kann hneykslunaraldan vegna kirkjunnar að verka svolítið einkennilega á mann og ýmsir gætu freistast til að ranghvolfa augunum af þreytu á þessari sífelldu vandlætingu. Stundum finnst manni andlegt ástand í samfélaginu eins og Henging vikunnar – Andköf dagsins – Skotmark ágústmánaðar.

En málið er ekki alveg svo einfalt að maður geti afgreitt það með þessum hætti. Hneykslisefnin eru raunveruleg. Eitt er vitaskuld sú hugmynd síra Geirs Waage að hér sé enn katólskur siður og fólk stundi skriftir – maður þarf eiginlega að skreppa í Reykholt til að vita hvort hann flytur messur sínar á latínu. Það segir sig vitaskuld sjálft að fólk verður að geta treyst sálusorgara sínum fyrir syndum sínum en hitt segir sig eiginlega líka sjálft að prestum ber að fara að landslögum og sumir glæpir eru svo óheyrilegir að þagnarskyldan víkur fyrir því heiti prestsins að standa ávallt með þeim sem minna mega sín: sá sem vinnur börnum miska hefur fyrirgert rétti sínum til trúnaðar.

> Stundum finnst manni andlegt ástand í samfélaginu eins og Henging vikunnar – Andköf dagsins – Skotmark ágústmánaðar. En málið er ekki alveg svo einfalt.

Fram í ljósið

Á sínum tíma hrökklaðist Ólafur Skúlason úr embætti vegna ásakana um að hafa misnotað vald preststarfsins og leitað á konur sem höfðu komið á hans fund í leit að þeirri sálgæslu sem fólk heldur fyrirfram að það megi vænta hjá presti. Þótt Ólafur hafi verið knúinn til að segja af sér þá voru viðbrögð kirkjunnar engu að síður fálmkennd og virtust einkennast af hálfvelgju og löngun til að þegja um „svona hluti". Það áttu eftir að líða mörg ár uns kirkjan bað þær konur afsökunar sem fyrir þessu urðu, en þegar það gerðist var það í rauninni of seint og of veikt því að enn skelfilegri ásakanir á hendur biskupnum fyrrverandi voru þá þegar að koma fram án þess að kirkjan hefði einurð til að takast á við þær. Kirkjuráð virðist ekki hafa treyst sér til að taka á móti Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur fyrr en það var knúið til þess af fjölmiðlum. Og Karli Sigurbjörnssyni hefur ekki tekist að bregðast þannig við þessum upplýsingum að fólk sætti sig almennt við það.

Þegar Karl vísar til hins æðsta dómstigs í málum fyrirrennara síns í embætti þá er það svar til þess fallið að drepa málinu á dreif því að hér er um að ræða raunverulegt samfélagsmein, hér þessa heims, sem hefur verið þaggað niður en þarf að tala um – samfélagsmein sem hefur grafið um sig innan kirkjunnar. Og þegar Karl segir að hver maður sé saklaus uns sekt sé sönnuð og viðkomandi sé nú látinn þá talar hann eins og verjandi í sakamáli en ekki eins og biskup þjóðarinnar. Með slíku tali dregur hann kjarkinn úr fórnarlömbum kynferðisofbeldis að fylgja fordæmi hinnar hugrökku konu, Guðrúnar Ebbu, að draga fram í ljósið gömul myrkraverk, en það er eina leiðin til að takast á við slíka glæpi: að sjá til þess að skíni á þá ljós heimsins.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Makríllinn og tvískinnungurinn

Sjávarútvegur

Atli Hermannsson
fyrrverandi veiðarfærasölumaður

Framkvæmdastjóri LÍÚ, Friðrik Jón Arngrímsson, gerði þann 13. ágúst athugasemd við ritstjórnargrein Fréttablaðsins frá því 11. ágúst. Þess efnis að samningsstaða okkar væri örugglega verri, en ekki betri, þegar kemur að því að semja við ESB um hlutdeild í makrílkvótanum ef við værum nú þegar aðilar að ESB. Þetta kann að vera rétt hjá honum. En hafa ber í huga þegar rætt er um skiptingu á milli ríkja á hinum svokölluðu deilistofnum, að makríll er eina tegundin sem ekki er þegar búið að semja um. Það helgast að sjálfsögðu af því hversu stutt er síðan makríllinn fór að venja komur sínar hingað. Þegar er búið að semja um loðnuna, norsk-íslensku síldina og kolmunna.

Þær erlendu útgerðir sem nýtt hafa sér makrílinn í áratugi og skipta kvótanum á milli sín eru eðlilega óánægðar með að við Íslendingar séum farnir að veiða ótæpilega úr „þeirra" fiskstofni. Því beita þær sjávarútvegsráðherrum sínum gegn sjálftökuveiðum okkar Íslendinga. Þeir bera óánægju sína upp við fiskveiðinefnd ESB sem eðlilega bregst við – enda í vinnu fyrir þá en ekki okkur. En réttur okkar Íslendinga sem strandríkis til veiða úr þeim fiskistofnum sem finnast innan lögsögunnar er engu að síður ótvíræður og því er komin upp staða sem verður að leysa. Sé það skoðun LÍÚ að vænlegra sé að gera það utan ESB aðildar en innan er kannski vissara að gera það fyrr en seinna.

Sagt er að erfiðlega hafi gengið að fá fiskveiðinefnd ESB Common Fisheries Policy að samningaborðinu og er það skiljanlegt. Þeir gætu t.d. verið að velta því fyrir sér; að ef makríllinn færði sig aftur út úr íslensku landhelginni eftir tiltölulega stutta dvöl hér; er klárlega verra fyrir erlendu útgerðirnar að búið sé að semja við okkur um ákveðna hlutdeild í heildarkvótanum. Við getum einnig snúið þessu dæmi upp á loðnuna – okkar og Norðmanna. Ef hin venjubundna ganga loðnunnar breyttist og hún færi t.d. að veiðast við Skotland, yrðu okkar fyrstu viðbrögð örugglega ekki þau að semja við þá um hlutdeild. Við myndum m.ö.o. bíða og vona í lengstu lög að þetta nýja göngumynstur gengi sem fyrst til baka.

Þegar menn falla í þá gryfju að ófrægja ESB vegna þess að stjórna þarf veiðum úr sameiginlegum fiskstofnum nokkurra sambandsríkja má benda á að þó ESB yrði lagt niður þyrfti engu að síður að taka sameiginlegar ákvarðanir með svipuðum hætti – byggðar á rannsóknargögnum sömu vísindamanna.

Ein er sú regla fiskveiðistjórnar ESB sem mikið hefur verið fjallað um að undanförnu og er kölluð hlutfallslegur stöðugleiki. Í reglunni felst að ekki er hægt að taka fiskveiðiheimildir af einni þjóð og færa annarri. Það þýðir m.ö.o. að eftir inngöngu okkar í Evrópusambandið verður ekki hægt að taka eitthvað af okkar veiðiheimildum og færa t.d. Spánverjum eins og svo margir virðast óttast.

En sjálfhverfa okkar Íslendinga er vitaskuld alger eins og fram kom hjá framkvæmdastjóra LÍÚ er hann segir; að semji ESB við okkur um hlutdeild í makrílkvótanum, þá verði það ekki öðruvísi gert en að minnka hlutdeild ríkja eins og Breta, Dana, Íra og Hollendinga. Um leið og þetta er vitaskuld hárrétt hjá honum er mjög athyglis-vert að velta þessum ummælum fyrir sér. Því ekki má einu sinni nefna það hér að auka lítillega við hlutdeild strandveiðibáta, línuívilnun eða byggðakvóta, þá bendir LÍÚ umsvifalaust á að verið sé að taka það af þeim – og það sætti þeir sig ekki við. En það er talið mjög eðlilegt og sanngjarnt að taka makrílkvóta af erlendum útgerðum og færa okkar. Einhverjir kynnu að kalla þetta tvískinnung.

Viljum við kannski að regla ESB um hlutfallslegan stöðugleika verði lögð niður?



Stefnir - *Samval*.
Meiri möguleikar á breytilegum markaði.



ÍSLENSKA SIA.IS ARI 49433 04/10

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

*Upplýsingar fengnar af www.sjodir.is fyrir tímabilið 31.05.2005-31.05.2010.

- Fjárfestir í þeim eignaflokkum sem ákjósanlegastir eru hverju sinni – eignastýring í einum sjóði
- Virk stýring í skuldabréfum og hlutabréfum. Áhersla á ríkistryggð skuldabréf undanfarin misseri
- Fjárfestir að mestu í öðrum sjóðum til að auka enn frekar áhættudreifingu
- Góður kostur í langtímasparnaði og hentar vel í reglulegan sparnað
- 13,9% meðalnafnávöxtun síðastliðin 5 ár*
- Lágmarkskaup 10.000 kr. en 5.000 kr. í reglulegum sparnaði

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki

Ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur þeirra. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

Landið tekur að rísa!

Þjóðmál

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra

Almenningur þekkir vel af eigin raun hversu mikið högg íslenska hagkerfið hlaut við fall bankanna síðla árs 2008. Stærð þeirra og umsvif ollu því að vandi Íslands varð mun meiri en önnur ríki hafa staðið frammi fyrir af sambærilegum ástæðum. Um orsakir þessa hef ég þegar fjallað í fyrri greinum, en sný mér nú að jákvæðum teiknum sem eru á lofti í íslensku efnahagslífi.

Í opinberri umræðu um efnahagsmál hefur ekki skort úrtöluraddir sem lítið sjá hér nema svartnætti framundan. Iðulega eru þetta fulltrúar afla í samfélaginu sem göptu upp í útrásina og nýfrjálshyggjuna og bera mikla ábyrgð á óförum okkar. Formaður Framsóknarflokksins lýsti því yfir fyrir Alþingiskosningarnar 2009 að annað efnahagshrun væri yfirvofandi. Ýmsir í þessum hópi hafa alið á ótta um landflótta, að atvinnuleysi fari í 20% eða meira og íþyngjandi skattaálögur muni sliga allt. Sannast sagna, og sem betur fer, hafa þetta reynst hrein öfugmæli.

Minni samdráttur – mikill árangur

Vissulega er það rétt að íslenskt efnahagslíf á enn langt í land að ná fullum bata en nú nærri tveimur árum eftir hrun eru komin fram skýr merki um viðsnúning. Þá hafa margar hagstærðir, sem gefa okkur glögga vísbendingu um stöðu efnahagsmála, þróast til betri vegar en spár, t.d. Seðlabanka Íslands, Hagstofunnar, hagdeildar ASÍ og AGS, gáfu okkur tilefni til að ætla.

Samspil margra þátta orsakar að staðan er ekki jafn slæm og margir óttuðust. Eitt veigamesta atriðið er að samdráttur í landsframleiðslu hefur ekki orðið eins mikill og ráð var fyrir gert. Í stað þess að verg landsframleiðsla félli niður í 1.450 ma. kr. á árinu 2009 varð hún um 1.500 ma. kr.

Í stað þess að falla umtalsvert í viðbót á árinu 2010 eins og spáð hafði verið er nú talið að landsframleiðslan lækki óverulega og verði um 1.600 ma. kr. á verðlagi þessa árs. Gangi spár um 2,5-3% vöxt landsframleiðslu á næsta ári eftir, verður það 70 – 100 milljörðum króna stærra hagkerfi sem tekur að vaxa en spárnar á fyrstu misserum eftir hrun gerðu ráð fyrir.

Það munar um minna.

Raunhagkerfið hefur sýnt styrk sinn og drifið efnahagslífið áfram. Útflutnings- og samkeppnisgreinar hafa notið hagstæðrar gengisskráningar, innlend framleiðslustarfsemi hefur aukið markaðshlutdeild sína og nýjar vaxtargreinar sækja fram. Alger viðsnúningur hefur orðið á vöru- og þjónustujöfnuði frá útrásartímanum. Í stað mörg hundruð milljarða uppsafnaðs halla árin fyrir hrun er nú orðinn verulegur uppsafnaður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum frá árslokum 2008 (nálægt 200 ma. kr. um mitt ár 2010). Þetta ásamt öðru hefur stuðlað að verulegri styrkingu og stöðugra gengi krónunnar. Áhrifanna á lífskjör almennings er þegar farið að gæta.

Aðrir mikilvægir hagvísar gefa jafnframt til kynna verulegan viðsnúning. Hagvöxtur mældist síðustu tvo ársfjórðunga í röð – sem er þvert á allt tal um lamað hagkerfi. Raunar er hagvöxtur að mælast mun fyrr en flestir greiningaraðilar gerðu ráð fyrir. Það sama gildir um atvinnuleysi sem mælist nú 7,5% en flestar spár gerðu ráð fyrir allt að 10% atvinnuleysi um mitt ár 2010. Um 2000 fleiri störf voru í boði á öðrum ársfjórðungi 2010 en á sama tíma 2009. Þó þessar atvinnuleysistölur séu óviðunandi miðað við það sem við þekkjum og sættum okkur við er það engu að síður athyglisvert að atvinnuleysi á Íslandi er með því lægsta sem finnst innan OECD, mun lægra en að meðaltali í ESB ríkjunum (10%+) og lægra en í Bandaríkjunum (9,5%).

Þegar ríkisstjórnin tók við mældist verðbólga 17,8% en mælist nú um 4,8%. Síðustu þrjá mánuði hefur verið verðhjöðnun í stað verðbólgu. Stýrivextir Seðlabankans hafa lækkað um 11% og eru komnir niður í 7%. Almennir vextir hafa lækkað að sama skapi. Þessi árangur í efnahagsmálum sem skiptir miklu máli fyrir kaupmátt og skuldastöðu heimila

> Spyrjum að leikslokum, tökum ekkert út fyrirfram og munum að það er mikið eftir, segi ég. Þó er full ástæða til að draga fram það sem vel gengur í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Nægar vísbendingarnar eru til að segja að það sé farið að sjá til sólar og bölmóður eigi nú að víkja fyrir bjartsýni.

í landinu, byggist á styrkri stjórn í peninga og gjaldeyrismálum, hagstæðri niðurstöðu við endurreisn fjármálakerfisins og ábyrgum ríkisfjámálum. Við erum með stefnufestu og af ábyrgð að endurheimta hægt og bítandi stöðugleika og skapa þá tiltrú sem er nauðsynleg forsenda við endurreisn efnahagslífsins.

Árangur í ríkisfjármálum

Núverandi stjórn tók við með 215 milljarða halla á ríkissjóði. Í lok árs 2009 var hann kominn í um 140 milljarða. Það var 34 milljarða króna betri afkoma en spár gerðu ráð fyrir. Viðsnúningurinn er um heil 6%, úr -15% af vergri landsframleiðslu (VLF) í rúm -9%. Þess má geta að Þjóðverjar settu sér nýlega það markmið að ná fram 3% betri afkomu á ríkissjóði á þriggja ára tímabili sem þykir afar metnaðarfullt.

Í stað aðgerðaleysis í ríkisfjármálum á árinu 2009, eins og áform stóðu til, ákvað ný ríkisstjórn að hefjast þegar handa og greip til aðgerða á miðju ári 2009, bæði með lækkun útgjalda og tekjuöflun upp á rúma 20 milljarða króna. Það eru alltaf þung spor að stíga að skera niður, einkum í samneyslunni, en slíkt var og er enn óhjákvæmilegt og reynt var og verður að hlífa undirstöðu velferðarþjónustunnar eins og kostur er. Útgjöld ríkissjóðs án vaxtagjalda voru þannig lækkuð úr nærri 44% af VLF á árinu 2008 í um 33% af VLF 2009 og áætlað að þau verði um 29% af VLF á yfirstandandi ári, sem er svipað hlutfall og var á árunum fyrir hrun þótt mikil óumflýjanleg útgjöld, tengd ástandinu, hafi bæst við.

Þó tekjur ríkissjóðs yrðu nokkru meiri á árinu 2009 en áætlanir gerðu ráð fyrir eru þær engu að síður miklu lægra hlutfall af landsframleiðslu en fyrir hrun. Aðgerðir hafa því beinst að því að koma í veg fyrir enn meira tekjuhrap en ella hefði orðið. Um leið var skattkerfinu breytt í átt til aukinnar tekjujöfnunar og nú er það staðfest að hinum tekjulægstu var hlíft við skattahækkunum. Þá hafa verið stigin fyrstu skrefin í átt til umhverfis- og auðlindaskatta.

Markmið í ríkisfjármálum eru fullkomlega samkvæmt áætlun eftir fyrstu sjö mánuði ársins 2010 og góðar vonir til þess að halli ríkissjóðs verði vel innan við 100 milljarða eða um 5,5% af VLF. Erum við þá komin langan veg frá 15% halla ársins 2008. Það óvænta er að staða okkar í þessu tilliti verður þá betri en fjölmargra Evrópuríkja sem glíma við fjárlagahalla upp á tveggja stafa prósentutölu.

Hér að ofan hefur þróunin verið borin saman við spár. Engir, ekki einu sinni svartsýnustu heimsendaspámenn, geta borið á móti því að mikill árangur hefur náðst og að við erum á réttri leið. Það eru góðu fréttirnar en hitt er ljóst að það er mikil glíma eftir. Staðreyndin er að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í fjármálum vegna áranna 2009 og 2010 voru markvissar og hafa heppnast. Þær urðu ekki til að magna kreppuna eða kæfa atvinnulífið eins og ýmsir héldu fram heldur þvert á móti. Veruleikinn, staðreyndirnar, eiga síðasta orðið.

Glöggt er gestsaugað

Sumt það sem hér að ofan var lýst gæti hafa orðið kveikjan að nýlegum pistli bandaríska nóbelsverðlaunahafans í hagfræði, Paul Krugman, um það sem hann kallar íslenskt efnahagsundur eftir hrun. Að algjör breyting hafi orðið á stjórn efnahagsmála á Íslandi. Krugman er þeirrar skoðunar að hér hafi ríkt efnahagsóstjórn sem leiddi til eins hlutfallslega stærsta efnahagshruns sögunnar en að viðsnúningurinn sem orðið hafi á Íslandi sé undraverður. Spyrjum að leikslokum, tökum ekkert út fyrirfram og munum að það er mikið eftir, segi ég. Þó er full ástæða til að draga fram það sem vel gengur í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Nægar vísbendingarnar eru til að segja að það sé farið að sjá til sólar og bölmóður eigi nú að víkja fyrir bjartsýni.

FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...
ÚTSALA
Eikarparket 14 mm
kr 3.990 m²
Þúsundir fermetra
af flísum með
20 -70% afslætti
Allar baðherbergisvörur
25% afsláttur
ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

exquisit

WA-6014

Ódýr og endingargóð þvottavél með 1000/1400 sn. vinduhraða

- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hrað-, ullar- og blettakerfi**
- **Seinkun** á gangsetningu möguleg 0-23 klst.
- Stórt hurðarop
- **Tímaskjár**
- A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Þriggja ára ábyrgð
- Verð áður kr **119.900**

6 KG

1400 SNÚNINGA

ÞÚ SPARAR 40.000

Verð nú **79.900**

Electrolux

EWF-14631

Vönduð þvottavél með notenda-vænu stjórnborði og skjá sem sýnir eftirstöðvar tíma

- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hraðval**
- Hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann
- **Stórt 30 cm hurðarop**
- Öflugt handþottakerfi
- Viðbótarskolun möguleg
- Mishleðsluvörn
- A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Verð áður kr **129.900**

6 KG

1400 SNÚNINGA

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **99.900**

AEG

TN-88470 Iron Aid þurrkari

Sérstök gufutækni dregur allt að 95% úr krumpum með Iron Aid tækninni.

- Tekur allt að 7 kg
- Rakaskynjari - stoppar sjálfkrafa þegar þvotturinn er þurr
- Stór LCD skjár með rauntíma
- 13 kerfi þ.á.m. sérkerfi fyrir m.a. sængurfatnað ull og sportfatnað
- Hljóðmerki í lokin
- Orkuflokkur B
- Hljóðlátur
- Krumpuvörn og niðurkæling
- Verð áður kr **169.900**

7 KG

AEG TOPP MÓDEL ★★★★★

Barkalaus

Þurrkar & straujar

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **139.900**

AEG

F-87004P / F-87004MP

Toppgerðin frá AEG með óviðjafn-**anlega hljóðeinangrun, einstök þvottagæði og lúxus innréttingu**

- **6 þvottakerfi** þ.á.m. hraðkerfi og pottakerfi og glasakerfi
- 4 hitastig 45-70°C
- **XXL innra rými**, 20% meira pláss
- **ProClean** þrívíddarþvottatækni
- Aðeins **39 dB(A)**
- Aqua Sensor óhreinleikaskynjari
- Innrétting breytanleg
- Séstök áhaldagrind
- Mjög öflug vatnslekavörn
- Án toppplötu
- Verð áður kr **169.900/179.900**

3xA EINKUNN

39 DESIBIL

AEG TOPP MÓDEL ★★★★★

HVÍT — ÞÚ SPARAR 30.000 — Verð nú **139.900**

STÁL — ÞÚ SPARAR 30.000 — Verð nú **149.900**

175 CM

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **139.900**

Electrolux

ERB-34233X

Vandaður kæli- og frystiskápur með meira rými en þú átt að venjast

- **223 lítra kælir** / 92 lítra frystir
- **3 stórar** stórar og millistórar skúffur
- Flöskurekki
- FreshZone kæliskúffa
- **Sjálfvirk affrysting í kæli**
- Hljóðlátur aðeins 38 dB (A)
- HxBxD 175x59,5x63 cm
- Verð áður kr **169.900**

84 CM

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **34.900**

Takmarkað magn

exquisit

KS-119A

- 91 lítra kæliskápur / 10 lítra íshólf
- Hitastillir
- Orkuflokkur A
- HxBxD: 84x47x46 cm
- Verð áður kr **54.900**

23.-30. AGÚST VERÐFALL VIKUNNAR

Electrolux

IEL-8256-RF

Innbyggður ofn hlaðinn þægindum og öðrum tækninýjungum

- Snertitakkar og Dot Matrix skjár
- **Sjálfhreinsandi ofn**
- Lykteyðir sem hreinsar útblástur
- Innbyggð matreiðslubók með þyngdarsjálfvirkni
- Kjöthitamælir
- Kæld fjórglerjuð hurð
- Útdregnar brautir
- Non-Stick plötur/skúffa/grind
- Tvöföld lýsing
- Verð áður kr **229.900**

Sjálfhreinsandi



ÞÚ SPARAR 70.000

Verð nú **159.900**

Electrolux TOPP MÓDEL ★★★★★

exquisit

GS-30

- 240 litra rúmmál
- No Frost tækni, engin affrysting
- Stafrænt stjórnborð og skjár
- HxBxD: 175x59,5x64 cm
- Verð áður kr **139.900**

exquisit TOPP MÓDEL ★★★★★

175 CM

NO FROST

Engin hrímmyndun

ÞÚ SPARAR 30.000

Verð nú **109.900**

exquisit

KGC-270/70WE

- Kælir 139 lítrar og frystir 68 lítrar
- Orkuflokkur A
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 151x55x58 cm
- Verð áður kr **94.900**

151 CM

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **69.900**

TRISTAR

WG-2419 Baðvog

Falleg þunn baðvog úr gleri

- **Nákvæmi +/- 100g**
- **Lithium rafhlaða**
- Verð áður kr **5.990**

Örþunn glervog

ÞÚ SPARAR 50%

Verð nú **2.990**

ÞÚ SPARAR 50%

Verð nú **2.490**

TRISTAR

KW-2431 Eldhúsvog

Hárnákvæm eldhúsvog með skjá. Notaðu þína eigin skál.

- **Hámark 5 kg**
- Verð áður kr **4.990**

TRISTAR

BL-4417 Blandari

Flottur kraftmikill blandari sem mylur ís

- **500W kraftmikill mótor**
- **Glerkanna**
- Sérhönnuð blöð til að mala ís
- Burstað stál
- Verð áður kr **10.990**

ÞÚ SPARAR 28%

Verð nú **7.990**

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
Lokað laugardaga í ágúst

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Efamol

Efalex

Vönduð blanda fiski- og kvöldvorrósarolíu sem eflir og styrkir:
- Hugsun
- Einbeitingu
- Sjón
- Hormónajafnvægi

Einstakt gegn lesblindu og ofvirkni.

Hentar fólki á öllum aldri.

Fæst í fljótandi formi og hylkjum í lyfja- og heilsuverslunum.

heilsa -hafðu það gott

Vertu skarpari!

Efalex eflir einbeitingu og sjón og stuðlar þannig að betri námsárangri.

Efalex er einstök samsetning úr hreinni kvöldvorrósarolíu og fiskiolíu sem innihalda þrjár mikilvægar fitusýrur, DHA, AA og GLA ásamt tveimur öflugum andoxunarefnum, E-vítamíni og tímían olíu sem vinna saman að viðhaldi lífsnauðsynlegra fitusýra í líkamanum. Nægt magn þessarra olía í líkamanum stuðla að skarpari hugsun og betri einbeitingu sem eykur færni okkar til þess að læra.

Brennuvargar gagnrýna

Stjórnmál

Sveinn Valfells
eðlisfræðingur og hagfræðingur

Ýmsir krefjast afsagnar viðskiptaráðherra fyrir meint afglöp í tengslum við mat á gengistryggðum lánum, svokölluðum myntkörfulánum. Ekki sakar að rifja upp aðdraganda málsins.

Í lögum númer 38 frá 28/05/2001 stendur að heimilt sé að verðtryggja lán og sparifé með vísitölu neysluverðs og hlutabréfavísitölur. Ekki er minnst á aðrar vísitölur. Mánuði áður en frumvarp var samþykkt mótmælti fulltrúi fjármálafyrirtækja að verðtrygging yrði takmörkuð við þessar tilteknu vísitölur. Fjármálafólk vissi gjörla í hvað stefndi. Núverandi forsætisráherra líka, hún sat í efnahags- og viðskiptanefnd.

Frumvarpið var stjórnarfrumvarp ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar. Þeir voru enn við völd haustið 2005. Þá skipaði hinn síðarnefndi hinn fyrrnefnda seðlabankastjóra. Skömmu áður hafði nýr forstjóri Fjármálaeftirlits verið ráðinn.

Ætla mætti að sömu fjármálafyrirtæki og mótmæltu takmörkun verðtryggingar hefðu haldið sig við leyfðar vísitölur. Svo var ekki. Árið 2005 höfðu þau um nokkurt skeið boðið upp á lán tengd gjaldeyrisvísitölum. Ætla mætti að nýskipaðir stjórnendur Seðlabanka og FME sem sátu í umboði sömu ríkisstjórnar hefðu fljótlega skipt sér af lögbroti fjármálafyrirtækjanna. Svo var ekki. Og fyrirtækin héldu áfram að veita ólögleg lán með vísitölum tengdum erlendum gjaldmiðlum.

Myntkörfulán eru einfaldlega erlend lán. Lán í erlendri mynt til íslenskra viðskiptavina eru ekki „raunveruleg eign í erlendri mynt“ samkvæmt þekktum hagfræðikenningum sem bent er á í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Samkvæmt henni voru þau samt færð til bókar sem eign í erlendri mynt hjá fjármálafyrirtækjum sem lutu eftirliti Seðlabanka og FME. Þrátt fyrir lága vexti er lán í erlendri mynt mjög áhættusamt ef tekjur og eignir á móti eru í sveiflukenndri smámynt, höfuðstóllinn getur hækkað mikið og snögglega. Þetta voru og eru augljós sannindi í fjármálafræðum. En sérfræðingar bankanna hjálpuðu íslenskum neytendum að leggja þessa snöru um háls sér. Margir neytendur hafa eflaust verið grunlausir þótt sumir hafi líka viljandi tekið sjénsinn. Á erlendum vettvangi eru viðskipti með stóra gjaldmiðla umfangsmikil og ópersónuleg, fáir hafa áhrif á markaði. Í hinu örsmáa hagkerfi Íslands gegnir öðru máli. Þegar innstreymi gjaldeyris þraut og ljóst var að leiðréttingin krónunnar var í vændum lögðust innherjar bankanna á eitt að hjálpa til við að fella gengið. Um leið hengdu þeir marga vini, ættingja og nágranna í snöru myntkörfulána.

Fjármálakerfið er rjúkandi rúst, gjaldmiðillinn er ónýtur, mörg heimili og fyrirtæki gjaldþrota. Öllum er ljóst hvað gerðist. Innherjar létu greipar sópa í fjármálafyrirtækjum. Ríkisstjórn, Alþingismenn og eftirlitsaðilar voru ýmist skeytingarlaus eða tóku þátt í leiknum. Seðlabanki og Fjármálaeftirlit sýndu sérstaklega vítavert aðgerðarleysi í aðdraganda hrunsins.

Vissulega má gagnrýna nýskipaðan utanþingsráðherra fyrir að hafa yfirsést sum minnisblöð um lögfræðileg álitamál tengd einum flokki útlána gjaldþrota fjármálastofnanna. En að krefja hann um afsögn er í besta falli hrænsi, í versta falli tilraun til að beina athygli og ábyrgð frá gerendum hrunsins og varpa skuld á björgunarfólk. Ekki síst þegar krafan kemur frá þeim sem áttu að gæta almannahagsmuna í aðdraganda hrunsins. Brennuvörgum fer illa að gagnrýna slökkviliðsmann þó hann sprauti óvart aðeins út í loftið.

Brotnar kirkjusögur

Þjóðkirkjan

Sigríður Guðmarsdóttir
sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli og doktor í guðfræði

Fjögurra manna fjölskylda með börn á grunnskólaaldri óskar eftir rúmgóðu einbýlishúsi til leigu á Akranesi. Við erum reglusöm og göngum vel um. Öruggar greiðslur. S:862-4191 eða oddurb@simnet.is

Óska eftir að taka á leigu 4-5 herb íbúð á Völlunum í Hfj helst í skiptum við 3 herb íbúð á Völlunum. Uppl í s: 690-0771 og 860-1305

Sumarbústaðir

Sumarhús í Borgarbyggð
Til leigu í Skorradal. 4-6manna sumarhús m/ heitum potti og veiði. V. 30þ. vikan. Eignaland@gmail.com

Atvinnuhúsnæði

3.herb.íbúð á 1.hæð v/Snorrabraut með öllum húsgögnum og húsbúnaði ef með þarf. Falleg, hreinleg og snyrtileg. Sérinngangur. Leiga 95þús. á mánuði með rafm. hita og húsfélagi. Frábær fyrir litla fjölskyldu eða 1-2 háskólanema. Sími 869-3079

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

HÚSVANGNAGEYMSLA
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Góð verð. S: 564-6500.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Vetrarleiga í Skorradal fyrir tjadvagna, fellihýsi, hjólhýsi og fl. Uppl. indridastadir@indridastadir.is

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Starfsfólk óskast á dagvaktir í fullt starf og í hluta starf. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. Upplýsingar veittar á staðnum.

Bakarí
Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl. 06-13. Möguleiki á helgarvinnu. Framtíðarvinna. Uppl. í s. 551 1531, f.h. Ingunn, eða á staðnum fyrir hádegi. Björnsbakarí, við Skúlagötu.

Húðflúrari óskast
Fullbúin húðflúrstofa í down town Rvk óskar eftir vönum flúrara til að sjá um stofuna. Áhugasamir sendi fyrirspurn með uppl. á hudflur@gmail.com

Ertu orðin leið/ur á borg óttans! Langar þig út á land í kyrðina og öryggið. Okkur vantar kokk/grillara sem er einnig góð/ur í austurlenskri matargerð. Frítt húsnæði og fæði. Upplýs. í síma 6925519

Óskum eftir mönnum í hellulagnir og lóðavinnu. Ekki yngri en 20 ára. Vinsaml. sendið uppl. hellur@visir.is

Hressingarskálinn og Bjarni Fel Sportbar óska eftir fólki í hlutastarf/fullt starf. Umsóknir á staðnum, Austurstræti 20. Einnig er hægt að senda umsókn á hresso@hresso.is

Cafe Óliver
Óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús. Umsóknir í síma 821 8500, Arnar eða arnar@cafeoliver.is (Góð íslenska skilyrði).

Stýrimann vantar á 100 tonna línubát sem gerir út frá Hafnarfirði. Uppl. í s. 848 9071 & 893 5590 milli kl. 8-17

Kvöldvinna, auka- eða aðalvinna
Okkur vantar íslenskumælandi fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá kl.18-22 Góð laun í boði. Aldur 22+++ Uppl. í síma 699 0005 milli kl.14-19 virka daga.

Atvinna óskast

Handlaginn maður óskar eftir framtíðarstarfi á höfuðborgarsvæðinu, t.d. við húsvörslu, umsjón eigna eða lagerstörf. Vanur að vinna sjálfstætt. Upplýsingar í síma 6611852

Viðskiptatækifæri

Atvinna/viðskipti: Einstaklega áhugavert viðskiptatækifæri tengt ferðaþjónustu, skemmti- og ævintýraferðir. Vanti þig verkefni þá er þetta etv. fyrir þig uppl. 772 0075.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Spjalldömur 908 5500
Opið þegar þér hentar.

PurpleRabbit.is
Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.

Auglýsingasími
512 54 01

Allt sem þú þarft...

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Atvinna

Stýrimann vantar á 100 tonna línubát sem gerir út frá Hafnarfirði.

Uppl. í s. 848 9071 & 893 5590 milli kl. 8–17.

Til sölu

Til sölu veitingarekstur í hjarta borgarinnar

Staðurinn býður upp á mikla möguleika og er vel tækjum búinn, með fullt veitinga-, skemmtana- og útiveitingaleyfi.

Áhugasamir hafi samband á tölvupósti; veitinga.rekstur@gmail.com

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Föðurlandsást og þjóðernisstefna

Þjóðernismál

Hermann Þórðarson
fyrrum flugumferðarstjóri

Það getur verið erfitt að vera þjóðernissinni í dag. Oft er sett samasemmerki á milli þjóðernisstefnu og fasisma. Þeir sem helst gagnrýna þjóðernissinna eru þeirrar skoðunar að best sé að þurrka út allt þjóðerni og eitt tungumál eigi að duga öllu mannkyni. Þetta eru ef til vill göfugar skoðanir að mati sumra en óásættanlegar fyrir aðra. Því miður hefur Þjóðernissósíalistaflokkur nasista í Þýskalandi (Nasistaflokkurinn) komið þessu óorði á þjóðernisstefnuna. En er það sanngjarnt? Nei, ekki að mínu mati. Þótt nasistarnir hafi skreytt sig með þessum nöfnum, þjóðerni og sósíalisma og stolið Þórshamrinum okkar og gert úr honum hakakrossinn, átti tilurð og stefna þessa flokks ekkert sameiginlegt með þeim hugtökum.

Maður getur einnig spurt sig hvort Alþýðuflokkurinn gamli hafa átt nokkurn einkarétt á að nota nafn alþýðunnar á sínum stjórnmálaflokki. Alþýðan flykkti sér ekki um þann flokk. Sama má segja um Alþýðubandalagið og ekki voru allir sósíalistar og jafnaðarmenn einhuga um að styðja þessa flokka. Það er auðvitað rannsóknarefni fyrir stjórnmálafræðinga og þjóðfræðinga að svara því hvernig á því stendur að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið yfirburðaflokkur á Íslandi svona lengi. Jafnvel í dag þótt honum sé að mestu kennt um hrunið. Það út af fyrir sig þýðir ekki að hrunið sé honum einum um að kenna. Allir stjórnmálaflokkar á Íslandi eiga sinn þátt í því, einnig þeir sem nú hafa skipt um nafn. En það er ekki á dagskrá í þessari grein.

Tilurð þessarar greinar er áróður andstæðinga þjóðernisstefnu sem veður uppi í vaxandi mæli í fjölmiðlum í dag. Það er eins og fjölmiðlunum finnist þetta vera í lagi og það eigi rétt á sér og taki þannig undir áróður þessara hópa gegn þjóðernisstefnu sem einhvers konar öfgastefnu. Við þjóðernissinnar erum oft kallaðir fasistar og kynþáttahatarar þótt ekkert sé að finna í okkar hugsjónum sem bendir til þess enda er það eingöngu ást á landi okkar og þjóð sem að baki stendur. Þegar ég var í barnaskóla á Grímstaðaholtinu í byrjun stríðs, þá hófst skólinn á því að allir nemendurnir stóðu upp og sungu ættjarðarlag. Íslenski fáninn var alltaf hafður uppi í þessum skóla. Þetta þætti víst vera hallærislegt í dag en það lýsir einnig því hvernig hugarfarið hefur breyst og hve skólarnir leggja litla áherslu á þjóðernið og menningu þjóðarinnar. Það er jafnvel talað um það að íslenskukennslu sé ábótavant, jafnvel í háskólum landsins. Eftir því sem ég hef komist að í samtölum við skólabörn og ungmenni þá fer ekki mikið fyrir kennslu í sögu og menningu þjóðarinnar í skólum í dag. Er þetta í lagi? Ég bara spyr.

Ef við viljum halda áfram að vera sérstök þjóð með eigið tungumál og menningu, þá þarf að verða breyting hér á. Menntamálayfirvöld verða að taka til hendinni. Ég tala nú ekki um það ef við verðum svo ógæfusöm að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Þá mun bæði þjóðerni og tunga hverfa á einni öld, er ég hræddur um. Íslendingar! Hugsið! Hvað viljið þið? Takið afstöðu! Látið í ykkur heyra!

AF NETINU

Prestar og ákærur

Pokaprestarnir Karl Sigurbjörnsson og Hjálmar Jónsson voru á sínum tíma í skítverkum fyrir ríkiskirkjuna. Lögðu hart að konum að kæra ekki óeðli Ólafs Skúlasonar biskups. Karl Sigurbjörnsson biskup segist núna harma, að ekki séu til neinar kærur. Hann sjálfur sá til þess. Þannig er hræsnin í kirkju, sem lifir á skattgreiðendum. Karl segir menn verða dæmda hjá guði. Þýðir í raun, að veraldlegir dómstólar séu óþarfir.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Gefur prik

Það var vel orðað, þegar sagt var í fréttum Ríkisútvarpsins (20.08.2010) að fyrrverandi forstjóri Actavis hefði verið að bera víurnar í fjölmarga starfsmenn Actavis, – reyna að fá þá til starfa fyrir sig. Á vef Stofnunar Árna Magnússonar er þetta orðatiltæki skýrt svona: „Orðasambandið er að bera víurnar í einhvern eða eitthvað. Vía er egg maðkaflugunnar í fiski eða kjöti. Orðasambandið, sem þekkt er frá þessari öld, er þannig hugsað að einhver hafi ágirnd á einhverju, vilji leggja eitthvað undir sig eins og flugurnar gera þegar þær verpa í kjöt eða fisk“. Sá sem skrifaði þessa frétt fær prik fyrir fínt orðalag.

eidur.is

Eiður Guðnason

Bakhjarl í baráttunni

Fátækir eiga sér fáa málsvara. Sjálfir hafa fátækir ekki myndað með sér samtök. Fyrr á tímum átti fátækt fólk bakhjarl í verkalýðshreyfingunni. Þar átti tekjulítið fólk vettvang til að heyja baráttu sína og naut stuðnings þeirra sem voru ívið betur settir. Þarna varð til brennandi barátta fyrir réttlæti. Í krafti samtakamáttarins, innleiddi verkalýðshreyfingin í samstarfi við pólitísk öfl, mestu félagslegu umbætur Íslandssögunnar. En það gerðist ekki átakalaust. Menn sultu frekar en að gefa eftir í verkföllum. Samtakamátturinn þjappaði fólki saman og stéttvísin jókst.

http://blog.eyjan.is/thorleifur/

Þorleifur Gunnlaugsson

bmvalla.is



Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn

- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt annað sem skreytir umhverfið

Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

GÆÐAKERFI VOTTAÐ AF VOTTUN HF IST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0613-2

RIVER PHOENIX (1970-1993) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Grænmetishyggja er tengd fullkomnun og friði.“

River Phoenix var bandarískur leikari sem lést langt fyrir aldur fram.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 23. ÁGÚST ÁRIÐ 1967

Íslendingar tapa 14-2 fyrir Dönum

Þennan dag árið 1967 fékk íslenska landsliðið í knattspyrnu skell sem aldrei gleymist, þegar þeir töpuðu fjórtán tvö fyrir Dönum á þjóðarleikvangi Dana í Kaupmannahöfn. Þó í dag séu liðin rúmlega fjörtíu ár síðan hefur útreiðin síður en svo gleymst.

Mörk Íslendinga gerðu þeir Helgi Númason og Hermann Gunnarsson. Mikill hugur hafði verið í íslenska landsliðinu eftir góðan árangur gegn Spánverjum en leikurinn reyndist verða hin mesta háðung og eru þetta mestu hrakfarir íslenskrar knattspyrnu fyrr og síðar.

HERMANN GUNNARSSON skoraði annað mark Íslendinga.

Í bókinni Knattspyrna í heila öld kemur fram að leikurinn hafi verið samfelld hrakfallasaga hjá íslenska liðinu, en tónninn var gefinn þegar Elmar Geirsson fékk bolta í höfuðið í búningsklefanum svo hann rotaðist og gat ekki spilað með. Staðan í hálfleik var 6:0 og eftir leikhlé héldu dönsku landsliðsmennirnir áfram að skora hvert glæsimarkið á fætur öðru.

MERKISATBURÐIR

1914 Japan sagði Þýskalandi stríði á hendur.

1942 Orrustan um Stalíngrad hefst.

1946 Gunnar Huseby setur Evrópumet í kúluvarpi í Ósló.

1954 Við fornleifauppgröft í Skálholti finnst steinkista Páls biskups Jónssonar, sem lést 1211.

1989 Íbúar Eistlands, Lettlands og Litháens mynda 600 km langa mennska keðju og krefjast frelsis og sjálfstæðis.

2006 Austurríska stúlkan Natascha Kampusch sleppur úr haldi mannræningja eftir átta ára innilokun í kjallara hans.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Árnadóttir

lést sunnudaginn 15. ágúst 2010 á sjúkradeild Hornbrekku Ólafsfirði.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Hornbrekku fyrir góða umönnun.

Eiríkur Óskarsson
Birna Óskarsdóttir
Inga Hrönn Sigurðardóttir
Hilmar Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.

SAFNARI Kristján á myndarlegt SG-plötusafn. Hann hefur sett alla útgáfuna inn á Wikipediu en þar er að finna upplýsingar um hverja plötu fyrir sig ásamt hljóðdæmum. Hér er hann með fyrstu plötu hljómsveitarinnar Þeys sem kemur saman í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍSLENSKA HLJÓMPLATAN: HUNDRAÐ ÁRA

Tónlistarsagan í tónum og tali

Íslenska hljómplatan er hundrað ára og af því tilefni verður vegleg dagskrá í Norræna húsinu í allan dag. Dagskráin er í umsjón Hljómplötuklúbbsins íslensk tónlist sem var stofnaður fyrir tveimur árum. Klúbburinn er vettvangur fyrir hljómplötusafnara til að hittast og bera saman bækur sínar og strax á fyrsta fundi var það haft á orði að fyrsta íslenska hljómplatan, með íslenska söng-laginu Dalvísur með Pétri A. Jónssyni, hafi komið út árið 1910. Skömmu síðar var farið að skipuleggja afmælið.

Kristján Frímann Kristjánsson, formaður klúbbsins, er beðinn um að segja frá fyrstu plötunni og nefna fleiri þætti sem tilheyra gullöld íslenskra popptónlistar. „Pétur A. Jónsson var óperusöngvari í Þýskalandi skömmu eftir þarsíðustu aldamót og drýgði tekjur sínar með því að syngja inn á plötur í Danmörku. Hann sendi Dalvísur til Íslands og þá varð ekki aftur snúið.“ Kristján segir plötugerð og -sölu hafa verið nokkuð stopula á Íslandi fyrstu árin og enga í seinni heimsstyrjöldinni ef frá eru taldar djassplötur sem bárust til landsins með hernum. Íslendingum þótti það undarleg tónlist.

„Fysta rokklagið kom út árið 1957. Það fékk nafnið Vagg og velta (rock and roll) og var flutt af Erlu Þorsteinsdóttur. Lagið var þó nær samstundis bannað þar sem textinn þótti dónalegur en hann var útursnúningur úr vísunni Afi minn fór á honum Rauð,“ segir Krisján. Árið 1961 hljóðritaði Ómar Ragnarsson sína fyrsu plötu en á henni voru meðal annars lögin Sveitaball og Ást, ást, ást. Ári seinna kom fyrsta lagið sem var samið fyrir íslenska kvikmynd út en það hét 79 af stöðinni. Titillinn breyttist og það er nú þekkt sem Vegir liggja til allra átta. Lagið var síðar valið dægurlag aldarinnar á Íslandi.

Árið 1964 hóf tónlistar- og skemmtikrafturinn Svavar Gests að gefa út hljómplötur undir merkinu SG-hljómplötur sem áttu eftir að verða lífsseigar. „Árið 1971 kemur fyrsta og eina stóra plata Ragga Bjarna út en á henni er auk þess eina lagið sem hann hefur samið. Það heitir Barn og er við ljóð Steins Steinarr. Eftir kvennafrídaginn árið 1975 kom platan Áfram stelpur út við góðar undirtektir og sama ár kom hulduhljómsveitin Stuðmenn fram á sjónarsviðið með plötu sína Sumar á Sýrlandi. Hljómur plötunnar þótti betri en áður hafði þekkst og vinnsla hennar öll hin fagmannlegasta,“ segir Kristján og heldur áfram: „Árið 1977 gaf Fálkinn út plötu með ellefu ára óþekktri stúlku. Það þótti heldur sérstakt en lagið Arabadrengurinn náði þó nokkrum vinsældum. Seinna átti stelpan Björk Guðmundsdóttir eftir að ná heimsfrægð.” Áfram mætti lengi telja en í anddyri Norræna hússins verður sýning þar sem sagan verður rakin í máli og myndum.“

Á dagskránni verða síðan erindi um 78 snúninga plöturnar, smáskífur, og hæggengar LP og SG hljómplötur svo dæmi séu nefnd. Ómar Ragnarsson verður heiðraður fyrir textagerð, Garðar Thor Cortes syngur Dalvísur og Ragnar Bjarnason flytur nokkur lög sem komu út á fyrstu 45 snúninga plötunum. Dagskráin endar á því að hljómsveitin Þeyr kemur saman í fyrsta skipti í 28 ár í tilefni 30 ára afmælis síns en hún kom fyrst saman í Norræna húsinu árið 1980.

vera@frettabladid.is

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Helga Felixsonar

húsasmiðs, Andrésbrunni 17, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

Fríða Freymóðsdóttir
Erla Helgadóttir
Tómas Guðmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýjar kveðjur vegna andláts

Jónínu Jónsdóttur

frá Gemlufalli, áður til heimilis Safamýri 51, Reykjavík.

Sigríður Pétursdóttir
Jón Ágúst Pétursson
Ólafur Pétursson
Kristín Pétursdóttir
Jan Overmeer
Hólmfríður Helga Þórsdóttir
Anna M.Þ. Ólafsdóttir
Þröstur Harðarson
og barnabörn.

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Fri áletrun Fallegir legsteinar á einstöku verði

Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

†

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnlaugur Ó. Guðmundsson

frá Ísafirði, Ársölum 1, Kópavogi,

lést laugardaginn 14. ágúst. Útför hans fer fram frá Garðakirkju Álftanesi þriðjudaginn 24. ágúst kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimaþjónustu Karitas og Krabbameinsfélag Íslands.

Jónína Nielsen
Theódóra Gunnlaugsdóttir
Tryggvi Ólafsson
Guðmundur Gunnlaugsson
Sólrún Anna Jónsdóttir
Margrét Gunnlaugsdóttir
Sveinbjörn Jóhannsson
Sif Gunnlaugsdóttir
barnabörn og langafabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Mjallhvít Þorláksdóttir,

Hraunbæ 16, Reykjavík,

sem lést á dvalarheimilinu Mörk þriðjudaginn 7. ágúst, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 25. ágúst kl. 13.00.

Sigmar Eyjólfsson,
börn og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

Auglýsingin gildir til og með 22.ágúst eða meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og mynadbrengl.

ÓDÝRT Í SKÓLANN!!!

SPARA SPARA

114 KR
Föndurskæri

221 KR
Skóla sirkill

188 KR
Teygjumappa
A4 plast

59 KR
Áherslupenni gulur

199 KR
Límstifti stórt
35gr



129 KR
Millispjöld A4
pappi 1-10

79 KR
Reikningsbók A4
vírheft

119 KR
Blýantur HB
með gripi

129 KR
Gormabók
A4 línustrikuð

GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI

OPIÐ 10-22

SKEIFUNNI 11 S: 5331010
griffill.is

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

67%
Lesa bara Fréttablaðið

5%
Lesa bara Morgunblaðið



27%
Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **95%** lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.

Það sem gleymist

BAKÞANKAR Þórunnar Elísabetar Bogadóttur

Það hefur alltaf tíðkast að konum sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi sé ekki trúað. Ýmist það eða það hefur bara ekki þótt ástæða til að aðhafast neitt í málunum, og ofbeldið þannig samþykkt. Að minnsta kosti höfum við séð mörg dæmi um þetta á Íslandi, sérstaklega þegar um er að ræða sifjaspell – svo ekki sé talað um ef ofbeldismaðurinn er þekktur í samfélaginu.

SEM betur fer hefur orðið breyting í þessum efnum síðustu árin. Á síðustu dögum höfum við þó fengið tvær alvarlegar áminningar um það hversu langt er enn í land.

YFIRMAÐUR kynferðisbrotadeildar lætur út úr sér í umræðu um nauðganir að fólk setji sig í hættu með áfengisdrykkju og sé útsett fyrir að lenda í vandræðum. Svo ekki sé minnst á hversu erfitt það er að fólk bendi alltaf á einhverja aðra og líti ekki í eigin barm. Það er alveg sama hvað hann meinti með orðunum. Þau voru líklega nóg til þess að stöðva eitthvert fórnarlamb nauðgunar í að leita til lögreglu, annað hvort nú eða síðar. Það er of mikið.

OG SEINT og um síðir kemst almennilega í sviðsljósið að hér viðgekkst í fjölda ára að níðingur sæti í æðsta embætti kirkjunnar. Það þurfti mörg ár og margar tilraunir til. Og ef háttsettur maður í kirkjunni gerði svona lagað, höldum við þá virkilega að það hafi ekki einhvern tímann átt við um önnur há embætti líka?

SEM betur fer eru það orðin frekar almenn viðhorf samfélagsins að svona lagað eigi ekki og megi ekki líðast. Við höfum stuðningskerfi fyrir fórnarlömb ofbeldis sem flestir eru sammála um að séu nauðsynleg. Það myndi enginn mótmæla mikilvægi Stígamóta eða Neyðarmóttöku vegna nauðgana í dag, og ekki kvennaathvarfinu. Að minnsta kosti ekki upphátt og opinberlega.

VIÐ megum ekki gleyma því hverjum ber að þakka fyrir þær breytingar sem þó hafa orðið. Auðvitað eru fórnarlömbin sem þora að koma fram og segja sannleikann hetjurnar í sögunni. Þau hafa líka stofnað stórmerkileg hjálparsamtök fyrir önnur fórnarlömb. En það gleymist líka oft að þessi stuðningskerfi sem til eru í dag urðu ekki til af sjálfu sér og spruttu sko ekki upp úr kerfinu. Stígamót urðu til dæmis til fyrir tilstilli kvennasamtaka, það sama má segja um Samtök um kvennaathvarf, og kvennasamtök hvöttu lengi til stofnunar Neyðarmóttöku vegna nauðgana. (Það er vert að muna það þegar þú heyrir næst neikvæðu umræðuna um helvítis femínistana.)

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

100%

endurgreiðsla

á virðisaukaskatti af keyptri vinnu og allt að 300.000 kr. frádráttur frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

Gæða-múrvörur í BYKO!

Íslensk framleiðsla í hæsta gæðaflokki.

Mikið úrval af múrvörum fyrir stór og smá múrverk. Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður tryggja betri endingu.
Í BYKO færðu gæðamúrvörur á frábæru verði.

BYKO

EXPO · www.expo.is

> FIMM PÚTTVELLIR

Popparinn og golfáhugamaðurinn Justin Timberlake hefur látið setja upp fimm púttvelli fyrir utan heimili sitt í Los Angeles. Þannig getur hann æft sig að pútta hvenær sem honum dettur í hug. Púttvellirnir fylgja í kjölfar körfuboltavallar sem popparinn hafði áður látið koma fyrir.

fólk

folk@frettabladid.is

Scorsese stýrir sjónvarpsseríu

Hinn heimsfrægi Martin Scorsese er einn af leikstjórum nýrrar sjónvarpsþáttaraðar, Boardwalk Empire, sem hefur göngu sína á Stöð 2 í haust. Höfundur þáttanna er Terence Winter, hinn sami og stóð á bak við hina vinsælu mafíuþætti, Sopranos.

Boardwalk Empire kemur úr smiðju sjónvarpsstöðvarinnar HBO eins og Sopranos og gerist í Atlantic City árið 1920 þegar bannárin eru að hefjast í Bandaríkjunum. Þá lagði ríkisstjórnin blátt bann við sölu áfengis í landinu, sem varð til þess að glæpagengi spruttu upp eins og gorkúlur. Vegna staðsetningar sinnar var Atlantic City kjörin til að smygla áfengi en borginni stjórnaði Enoch „Nucky“ Thompson sem Steve Buscemi leikur. Á meðal kunnra glæpmanna sem koma við sögu í þáttunum eru Al Capone, Lucky Luciano og Arnold Rothstein.

Þættirnir eru byggðir á bókinni Boardwalk Empire: The Birth, High Times and Corruption of Atlantic City eftir Nelson Johnson.

VIÐ TÖKUR Martin Scorsese við tökur á Boardwalk Empire.

WILL SMITH Smith kallaði sig The Fresh Prince áður en hann sneri sér að leiklistinni.

Besti fyrrum rapparinn

Leikarinn Will Smith hefur verið kjörinn besti leikarinn sem áður var rappari samkvæmt skoðanakönnun síðunnar Movietickets.com. Smith, sem er 41 árs og hefur leikið í myndum á borð við Men in Black og Hancock, sigraði með yfirburðum og fékk 58% atkvæða. Hann var þekktur sem rapparinn The Fresh Prince áður en hann sneri sér að leiklistinni. Í öðru sæti í könnuninni lenti Mark Wahlberg, áður þekktur sem Marky Mark, með 23% atkvæða og TI komst í þriðja sætið með 7% atkvæða. Á eftir þeim komu Mos Def og Ludacris með 6% hvor.

BEYONCÉ Ein besta stund hennar sem listamanns var þegar hún söng fyrir Obama.

Stolt af söng fyrir Obama

Söngkonan Beyoncé Knowles segir það hafa verið eina bestu stund lífs sín sem listamanns þegar hún söng fyrir Obama, Bandaríkjaforseta. „Að syngja fyrir Barack Obama þegar hann var vígður inn í embættið var mikið og persónulegt afrek fyrir mig, bæði sem listamann og Bandaríkjamann,“ sagði Beyoncé. Hún hefur einnig tjáð sig um góðgerðarstarfsemi sína en hún hefur sett á laggirnar bæði snyrtiskóla og meðferðarstofnun. „Foreldrar mínir tóku þátt í góðgerðarstarfsemi og það sýndi mér hversu mikilvægt er að gefa mikið af sér.“

Er ekki á föstu

Kynbomban Kim Kardashian hefur dregið til baka fyrri yfirlýsingar sínar um samband sitt við bandarísku fótboltastjörnuna Miles Austin. Nú tekur hún það skýrt fram að hún sé einhleyp.

Síðustu vikur hefur sést mikið til parsins saman og hefur því verið talið að hún sé búin að jafna sig á sambandsslitunum við fyrrum kærasta sinn, Reggie Bush.

„Þið sjáið honum bregða fyrir, en ég er einhleyp. Þetta er í fyrsta sinn í mínu lífi sem ég get einbeitt mér að mér sjálfri og mínum frama," sagði bomban í viðtali við US Weekly.

KIM KARDASHIAN Er ekki tilbúin að viðurkenna að hún sé á föstu.

Snæddu saman

Leikararnir Michelle Williams og Ryan Gosling áttu notalega kvöldstund saman í Toronto fyrir skemmstu. Gosling og Michelle léku par í kvikmyndinni Blue Valentine og veltu margir því fyrir sér hvort leikararnir væru að stinga saman nefjum utan vinnutíma.

„Michelle er við tökur á kvikmynd í Toronto og Ryan flaug þangað til að vera viðstaddur myndatöku og var augljóslega mjög spenntur fyrir því að hitta hana aftur," var haft eftir heimildarmanni. Eftir annasaman vinnudag hittist parið á veitingastað þar sem þau snæddu saman og sagði sjónarvottur að þau hefðu ekki getað haft augun hvort af öðru á meðan.

Michelle Williams er sem kunnugt er barnsmóðir ástralska leikarans Heath Ledger en hann lést við sviplegar kringumstæður fyrir tveimur árum. Williams hefur nánast haldið sig til hlés síðan þá en virðist nú reiðubúin til að takast á við hlutverk sitt sem Hollywood-leikkona á ný.

NÝTT PAR? Ryan Gossling og Michelle Williams eru góðir vinir, en eru þau par? NORDICPHOTOS/GETTY

ÓSÁTT Janice Dickinson er ósátt við söngkonuna Lady Gaga. NORDICPHOTOS/GETTY

Vill rassskella Lady Gaga

Fyrrum fyrirsætan Janice Dickinson, sem er þátttakandi í sjónvarpsþættinum Celebrity Rehab, er ósátt við ummæli söngkonunnar Lady Gaga, en hún sagðist neyta eiturlyfja endrum og sinnum í nýlegu viðtali.

„Lady Gaga er hálfviti. Mér finnst það ætti að rassskella hana fyrir það hvernig hún talaði um eiturlyfjanotkun," sagði fyrirsætan hneyksluð. „Hún á unga aðdáendur og ummæli sem þessi geta haft slæm áhrif á börn. Tónlist hennar minnir mig á lyftutónlist. Hún er búin að vera."

Dickinson var vinsæl fyrirsæta á níunda áratugnum og starfaði einnig sem dómari í sjónvarpsþáttunum America's Next Top Model.

BYRJA AÐ BÚA Leikaraparið tók aftur saman á þessu ári og ætlar að byrja búa á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kaupa saman íbúð

Leikaraparið Jude Law og Sienna Miller, sem nýverið tóku saman aftur, hafa gert tilboð í hús í London. Tilboðið hljóðar upp á tæpar 700 milljónir íslenskra króna. Vinir parsins segja Miller og Law vera tilbúin að gleyma fortíðininni og hefja nýtt líf á nýjum stað. Eins og kunnugt er sleit parið trúlofun sinni fyrir fjórum árum eftir að upp komst um framhjáhald Law með barnapíunni. Parið tók aftur saman á þessu ári og er greinilega ekkert á leiðinni að hætta saman á ný.

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

EXPENDABLES	4, 6, 8 og 10(POWER)	16
SALT	6, 8 og 10	16
LAST AIRBENDER 3D	4, 6 og 8	10
GROWN UPS	10	10
LJÓTI ANDARUNGINN	4 - ÍSL TAL	L

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ísl. Tali	kl. 4 - 6	L
HUNDAR OG KETTIR 2 M/ísl. Tali	kl. 4 - 6	L
LETTERS TO JULIET	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
SALT	kl. 8 - 10:10 - 10:50	14
THE SORCERER´S APPRENTICE	kl. 8 - 10:20	7
INCEPTION	kl. 7 - 8 - 10	12
INCEPTION	kl. 5 - 8	
SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ísl. Tali	kl. 4 - 6	L
LEIKFANGASAGA 3 M/ísl. Tali	kl. 4:20	L
LEIKFANGASAGA 3-3D M/ísl. Tali	kl. 3:40	L

SAMBÍÓIN SELFOSSI

HUNDAR OG KETTIR 2 M/ísl. Tali	kl. 8	L
KNIGHT AND DAY	kl. 10	12
KARATE KID	kl. 8	L
22 BULLETS	kl. 10:50	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

LETTERS TO JULIET	kl. 8:10 - 10:30	L
HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ísl. Tali	kl. 4 - 6	L
THE LAST AIRBENDER-3D	kl. 5:50 - 8	7
THE SORCERER´S APPRENTICE	kl. 5:40 - 10:50	7
INCEPTION	kl. 8 - 10:10	12
SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ísl. Tali	kl. 3:40	L
LEIKFANGASAGA 3 M/ísl. Tali	kl. 3:40	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

CATS & DOGS-3D ísl tal	kl. 6	L
LETTERS TO JULIET	kl. 8 - 10	L
SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ísl. Tali	kl. 6	L
THE SORCERER'S APPRENTICE	kl. 8	7
INCEPTION	kl. 10:20	12

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

THE EXPENDABLES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE EXPENDABLES LÚXUS	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
VAMPIRES SUCK	kl. 6 - 8 - 10	12
SALT	kl. 8 - 10.50	14
THE LAST AIRBENDER 3D	kl. 3.30 - 5.40 - 10.20	10
LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG	kl. 4 (650 kr.)	L
KARATE KID	kl. 5.10 - 8	L
SHREK 4 2D ÍSL TAL	kl. 3.30	L

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919

THE EXPENDABLES	kl. 6.40 - 9 - 11.20	16
VAMPIRES SUCK	kl. 6 - 8 - 10	12
SALT	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14
THE KARATE KID	kl. 8 - 10.50	L
BABIES	kl. 6	L

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500

THE EXPENDABLES	kl. 8 - 10* Kraftsýning	16
VAMPIRES SUCK	kl. 6 - 8	12
SALT	kl. 10	14
THE LAST AIRBENDER 3D	kl. 6	10

MYND UM TÆKNIFRJÓVGUN

Nýjasta mynd hinnar vinsælu **Jennifer Aniston** fjallar um fertuga konu sem ákveður að fara í tæknifrjóvgun. Mótleikari hennar er Jason Bateman úr sjónvarpsþáttunum Arrested Development.

Þráir enn móðurhlutverkið

Jennifer Aniston leikur í nýrri mynd um fertuga konu sem ákveður að fara í tæknifrjóvgun til að eignast barn. Hún vill sjálf verða móðir einn góðan veðurdag.

Leikkonan og Vinurinn fyrrverandi Jennifer Aniston var á dögunum viðstödd frumsýningu á sinni nýjustu mynd, The Switch, í Hollywood. Myndin fjallar um einhleypa fertuga konu sem ákveður að fara í tæknifrjóvgun til að eignast barn.

Á meðal annarra gesta á frumsýningunni voru meðleikarar Aniston, Jason Bateman, Patrick Wilson og Juliette Lewis. Allra augu voru þó á hinni 41 árs Aniston eins og svo oft áður er hún gekk stórglæsileg eftir rauða dreglinum.

Hún er sjálf einhleyp rétt eins og persónan í The Switch en er aftur á móti ekki tilbúin að verða einstæð móðir. Aniston telur engu að síður að nútímakonur eigi að feta í fótspor persónu hennar ef þær hafa áhuga á því.

„Myndin fjallar um það sem er að gerast í heiminum. Við sem konur getum sjálfar valið hvernig og hvenær við viljum eignast börn. Fjölskyldan snýst ekkert endilega um að hina hefðbundnu móður, föður, tvö börn og hund sem heitir Snati. Ást er ást og fjölskyldan eru þeir aðilar sem þú hefur mest samskipti við," sagði Aniston. „Það sem mér finnst æðislegt við þessa bíómynd er að hlutirnir snúast ekki lengur bara um þessa hefðbundnu fjölskyldu sem samfélagið hefur kennt okkur að allt snúist um. Myndin sýnir þróunina sem hefur orðið."

Aniston, sem er fyrrverandi eiginkona leikarans Brads Pitt, hefur oft verið spurð að því hvort hún vilji sjálf eignast börn einn góðan veðurdag. Svarið er það sama og áður: „Ég sagði þetta fyrst fyrir mörgum árum og ég segi það enn. Mig langar að verða móðir einhvern daginn."

Íbúð Jimi Hendrix til sýnis

Íbúð gítarsnillingsins sáluga Jimi Hendrix í miðborg London verður opnuð fyrir almenningi í næsta mánuði í tilefni þess að fjörutíu ár eru liðin frá dauða hans. Íbúðin, sem er staðsett í Mayfair-hverfinu, verður opin í tólf daga. Þar samdi Hendrix fjölda laga og spilaði einnig fyrir gesti.

Opnunin er hluti af sýningunni Hendrix í Bretlandi sem verður haldin í Handel House-safninu. Þar verður meðal annars til sýnis appelsínugulur jakki og víður hattur sem gítarleikarinn klæddist á tónleikum.

„Við erum hæstánægð með að opna íbúðina hans sem var sannkallað heimili Hendrix á meðan hann var á nánast endalausri tónleikaferð um Bretland og fleiri lönd," sagði stjórnandi safnsins.

JIMI HENDRIX Íbúð gítarsnillingsins verður opin almenningi í tólf daga í næsta mánuði.

Hendrix lést árið 1970, aðeins 27 ára. Hann leigði íbúðina í London með kærustu sinni Kathy Etchingham. Tónskáldið George Handel bjó áður í íbúðinni.

Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst laugardaginn 11. september nk.

Ungbarnasund

Námskeiðið hefst 11. september 2010 í Árbæjarlaug.

Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 557-6618 Stella, stellag@torg.is stella.gunnarsdottir@reykjavik.is

27 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA
21. ÁGÚST 2010

Takk fyrir...

616 maraþonhlauparar
1353 hálfmaraþonhlauparar
3680 10 km hlauparar
16 boðhlaupslið
1670 skemmtiskokkarar
3071 Latabæjarhlauparar
450 starfsmenn og sjálfboðaliðar
96 góðgerðafélög
þolinmóðir og tillitssamir vegfarendur
öflugt hvatningarfólk
tryggir samstarfsaðilar
allir sem studdu góð málefni með áheitum

...og aðrir sem gerðu daginn ógleymanlegan.

Úrslit og myndir á www.marathon.is

REYKJAVÍKURMARAÞON

Íslandsbanki · vita · asics · POWERADE · Barilla · SUZUKI · margt smátt · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

> Sigurður vill vera áfram með landsliðið

Samningur Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar með íslenska kvennalandsliðið rennur út eftir undankeppni HM sem lýkur á miðvikudag. Sigurður vill framlengja samning sinn. „Ég hef ekki hugmynd um það hvort samningurinn verði framlengdur, það á eftir að ræða þau mál. Ég hef fullan hug á að vera áfram með liðið ef KSÍ vill semja aftur. Ég er stoltur af því að taka þátt í þessari uppbyggingu og er mjög ánægður í starfi. Ég held að ég geti komið liðinu enn lengra," sagði Sigurður.

sport
sport@frettabladid.is

ÍSLENSKU LANDSLIÐSTELPURNAR: TALA UM VONBRIGÐI Á VONBRIGÐI OFAN EFTIR TAPIÐ GEGN FRÖKKUM

Þetta er alveg ógeðslega leiðinlegt

Íslensku stelpurnar voru súrar eftir tapið gegn Frökkum og vonbrigðin leyndu sér ekki. Guðbjörg Gunnarsdóttir spilaði í markinu og fannst leikurinn nokkuð góður.

„Við lögðum upp með að spila hápressu og það var óheppni að byrja með vindinum. Hann var mjög stífur en svo lægði nánast í seinni hálfleik. Auðvitað hafði það áhrif. Við ætluðum að reyna að skora þrjú mörk en skoruðu ekkert og auðvitað eru það vonbrigði. Þó að við hefðum haldið hreinu hefði það ekki skipt máli. Ég veit ekki hvort það sé hægt að tala um að við höfum brugðist, Frakkar eru með svo gott lið. En auðvitað bregðumst við ef við töpum heima, hér á enginn að vinna okkur," sagði Guðbjörg.

Hún fékk á sig mark þegar Frakkar fundu hana í einskinsmannslandi. „Ég átti að spila mjög framarlega, sem aftasti varnarmaður í rauninni. Það gerði ég. Þegar svona bolti kemur innfyrir stoppar vindurinn hann stundum og það gerðist þegar þær skoruðu. Ég ætlaði í boltann en hætti við og þá var ég bara of framarlega," sagði markmaðurinn.

Rakel Hönnudóttir fór af velli í hálfleik eftir að hafa spilað vel sem hægri bakvörður. „Auðvitað eru þetta vonbrigði fyrir okkur. Við vorum að spila nokkuð vel og þetta var bara ágætt hjá okkur. Við fengum hálffæri sem við hefðum getað nýtt betur," sagði Rakel sem kann ágætlega við sig í „nýju" stöðunni. „Þetta er ágætt, þetta er fjórði leikurinn sem ég spila þarna svo ég er ekkert rosalega reynd. En þetta voru ekki sterkustu andstæðingarnir sem ég hef mætt."

Sif Atladóttir fannst íslenska liðið spila mjög vel. „Markmaður þeirra varði nokkrum sinnum frábærlega. Það vantaði herslumuninn hjá okkur og þetta er alveg ógeðslega leiðinlegt. En svona er fótboltinn. Stuðningur áhorfenda var frábær líka. Þetta er mjög sárt en við sýndum að við eigum heima þarna á meðal þeirra bestu. Það eru ekki allir sem standa svona vel í Frökkunum," sagði Sif.

RÆÐA Sigurður Ragnar ræðir við stelpurnar eftir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sigurður Ragnar Eyjólfsson:

Þurfum fleiri sóknarmenn

FÓTBOLTI „Ég er nokkuð ánægður með leikinn," sagði landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson. „Við höfum oft spilað við Frakka en aldrei verið svona mikið inni í leiknum. Það gekk reyndar illa að spila boltanum í vindinum í fyrri hálfleik en það stórbatnaði í seinni hálfleik. Stelpurnar lögðu sig 100 prósent fram og ég get ekki farið fram á meira en það," sagði þjálfarinn.

„Mér fannst það sem við lögðum upp með ganga nokkuð vel upp. Við pressuðum þær framarlega og reyndum að koma þeim á óvart. Við tókum áhættu með að spila framar en vanalega og við misstum þær á bakvið okkur einu sinni þegar þær skoruðu," sagði Sigurður sem segir að íslenska liðið þurfi fleiri framherja.

„Við vorum í smá basli. Margrét Lára er ekki í sínu besta formi og var að spila sem sóknartengiliður. Dagný er framherji en hennar besta staða er sem sóknartengiliður. Kristín Ýr kom ágætlega inn í leikinn en við þurfum að eignast fleiri góða framherja til að klára færin. Margrét Lára og Hólmfríður hafa skorað meira en helminginn af mörkunum okkar," sagði þjálfarinn. - hþh

Sterkir Frakkar brutu vígi Íslands

Íslenska kvennalandsliðið tapaði fyrir Frökkum í undankeppni HM á laugardag. Franska liðið var betra í leiknum og átti sigurinn skilinn. Íslenska liðið á ekki lengur möguleika á því að komast á HM í Þýskalandi.

FÓTBOLTI Draumur íslenska kvennalandsliðsins um að komast á HM í Þýskalandi er úti. Eftir verðskuldað tap gegn sterku liði Frakka er ljóst að Ísland lendir í öðru sæti riðilsins. Lokaleikur Íslands er gegn Eistum á miðvikudag.

Stelpurnar mættu ofjörlum sínum í Laugardalnum á laugardaginn. Þar hafði liðið hvorki tapað né fengið á sig mark í fjögur ár, síðan það tapaði þar 0-4 gegn Svíum. Sá glæsilegi árangur var þurrkaður út af flottum Frökkum sem réðu lengst af gangi leiksins.

Íslensku stelpurnar byrjuðu vel og pressuðu Frakkana stíft. Hólmfríður kom sér í færi á fyrstu mínútu en sparkaði í jörðina þegar hún var í dauðafæri. Pressa íslenska liðsins kom Frökkum í opna skjöldu en það tók þær þó aðeins nokkrar mínútur að átta sig og næsta hálftímann stýrðu þær leiknum.

Liðið heldur boltanum einkar vel innan liðsins, nokkuð sem íslenska liðið þarf að tileinka sér betur. Okkar stelpur voru of langt frá Frökkunum og skynsemi og yfirvegun skorti á síðasta þriðjungi vallarins. Ákvörðunartökur liðsins voru kolrangar á stundum. Til að mynda þegar Margrét Lára splundraði vörn Frakka með frábærri sendingu, Hólmfríður var í dauðafæri en í stað þess að skjóta reyndi hún að gefa boltann.

Frakkar fengu dauðafæri undir lok hálfleiksins, fyrst skutu þær yfir og svo varði Guðbjörg glæsilega í markinu. Staðan var markalaus í hálfleik og Frakkar betri.

Seinni hálfleikur byrjaði svipað og sá fyrri, okkar stelpur voru hættulegar en Frakkarnir minntu á sig líka. Sigurmarkið kom eftir klukkustundarlangan leik, löng sending innfyrir vörnina stoppaði fullkomlega með mótvindinum og Guðbjörg var í skógarhlaupi. Hún ætlaði út í boltann en hætti við og franski framherjinn Gaëtane Thiney átti ekki í erfiðleikum með að vippa yfir hana. Guðbjörg virkaði fremur óörugg í leiknum, vindurinn hafði líklega áhrif, en hún varði nokkrum sinnum mjög vel.

Okkar stelpur reyndu hvað þær gátu, meðal annars var Sara Björk í dauðafæri og vildi meina að brotið hefði verið á sér en ekkert var dæmt. Hólmfríður komst ein í gegn en eins og stundum áður tók hún ranga ákvörðun og var alltof lengi að athafna sig. Í stað þess að skjóta ætlaði hún að rekja boltann áfram og leika á varnarmenn sem endaði með því að hún tapaði boltanum. Hornspyrna Eddu fór svo í stöngina og út.

Frakkar drógu sig aðeins til baka eftir markið en fengu nokkur algjör dauðafæri undir lokin, í það minnsta þrjú, og hefðu getað bætt við. Það gerðu þær ekki og lokatölur 0-1.

Rakel var frábær sem hægri bakvörður en fór af velli í hálfleik. Varnarleikur Íslands var ágætur en þær frönsku voru klaufar að skora ekki meira. Miðjuspilið hefði getað verið betra og lítið sást til Dóru Maríu. Margrét Lára er greinilega ekki í mikilli leikæfingu en Dagný var dugleg í framlínunni. Liðið spilaði alls ekki illa en hefði klárlega getað spilað betur.

Liðið hefur náð frábærum árangri með að komast svona langt og á hrós skilið. Stelpurnar þurfa nú að klára riðilinn með sæmd og bíða svo eftir næstu undankeppni. Leikurinn gegn Frökkum bar þess merki að liðið getur vel staðið í bestu þjóðum heims.

hjalti@frettabladid.is

ÁKVEÐNAR Það skorti ekkert upp á barátttuna eða ákveðni íslensku stelpnanna á laugardag. Hér lætur Sara Björk Gunnarsdóttir Frakkana heyra það. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tölfræði leiksins:

0-1 Gaëtane Thiney (60.)

Áhorfendur: 3.710
Skot (á mark): 9-12 (3-6)
Varið: Guðbjörg 4 - Sapowicz 3
Horn: 4-5
Rangstöður: 1-4
Aukaspyrnur fengnar: 11-12

Lið Íslands:
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Sif Atladóttir
Ólína Viðarsdóttir
Katrín Jónsdóttir
Rakel Hönnudóttir (46. Guðný Óðinsd.)
Edda Garðarsdóttir
Sara Björk Gunnarsdóttir
Dóra María Lárusdóttir
Margrét L. Viðarsdóttir (78. Hallbera Gísla.)
Hólmfríður Magnúsdóttir
Dagný Brynjarsdóttir (68. Kristín Bjarnad.)

Staðan í riðlinum:

1. Frakkland	9	8	0	1	42-0	27
2. Ísland	9	8	0	1	29-3	21
3. Eistland	8	3	0	5	6-38	9

Hressandi

Tilboð 1
Vinaklúbbsáskrift kr. 4.990.-

Tilboð 2
Árskort á kr. 48.990.-
+ 3 x Hresshristingar*

Tilboð 3
Þrír mánuðir á kr. 19.990.-
+ Bolur + 3 x Hresshristingar *

Tilboðskort veita aðgang að:
Fjórum stöðvum- sundi- Hot yoga -Tabata - Les Mills tímum-
Hjólatímum- STOTT pilates - Stöðvaþjálfun - Boxi - Yoga - tækjasölum ofl. ofl.

*Meðan byrgðir endast, átt er við próteinhristinga. Tilboð gilda til 31.8.2010.

Skráning og nánari upplýsingar
í síma 565-2212/565-2712 mottaka@hress.is

ÁSMEGIN Sjúkraþjálfun HRESS

Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2
220 Hafnarfjörður
hress@hress.is www.hress.is

VINSÆL Hólmfríður gefur eiginhandaráritanir eftir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hólmfríður Magnúsdóttir:

Mér fannst þær ekkert betri

FÓTBOLTI „Þetta eru mikil vonbrigði," segir Hólmfríður Magnúsdóttir um leikinn gegn Frökkum. „Mér fannst við samt eiga góðan leik og þær ekkert mikið betri en við. Við hefðum þurft að nýta færin betur, meðal annars ég. Frakkar eru með frábært lið en þetta eru samt vonbrigði. Við vorum óheppnar nokkrum sinnum en ég var allan tímann á því að við myndum vinna þennan leik," sagði Hólmfríður. - hþh

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

TENGI

20% afsl. af hreinlætis- og blöndunartækjum*

HREINLÆTISTÆKJADAGAR

BYRJA Í DAG

GÆÐI ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Ifö Next sturtuklefi 90x90 m/stálbotni.
Tilboð kr. **85.000,-**

Mora sturtusett.
Tilboð kr. **3.990,-**

Ifö salerni. Tilboð kr. **27.900,-**

Sphinx upphengt salerni án setu. Tilboð kr. **12.550,-**

Sphinx Lugano borðhandlaug
Tilboð kr. **6.275,-**

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

*enginn afsláttur veittur af sérverðum

TORRES INN Sá spænski byrjar væntanlega leikinn í kvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Hangeland skoraði í bæði mörkin

Sjálfsmörkin eru byrjuð að telja fyrir Manchester United sem tapaði tveimur stigum á Craven Cottage í gær. United fór mjög illa að ráði sínu undir lok leiksins. Nýliðar Newcastle burstuðu Aston Villa 6-0.

FÓTBOLTI Andstæðingar Manchester United skoruðu tíu sjálfsmörk á síðasta tímabili og þau byrjuðu að telja aftur í gær. Brede Hangeland skoraði þá í eigið net undir lok leiks United og Fulham áður en hann stangaði boltann í net andstæðinganna og bjargaði þar með andlitinu.

Áður hafði Paul Scholes komið United yfir með frábæru marki og Simon Davies jafnað fyrir Fulham. Tveimur mínútum áður en Hangeland jafnaði á lokasekúndunum fékk Nani tækifæri til að klára leikinn af vítapunktinum en hann lét David Stockdale verja frá sér.

„Ég giskaði bara hvert vítið fór. Sem betur fer giskaði ég á rétt horn. Síðan skoraði Brede og fullkomnaði daginn, þetta var frábært," sagði markmaðurinn sem stóð vaktina fyrir Mark Schwarzer.

„Ég leit á klukkuna eftir að ég skoraði sjálfsmarkið og hugsaði með mér að ég hefði fimm mínútur til að skora hinu megin. Sem betur fer tókst mér það. Ég held að ég hafi ekki getað gert neitt í sjálfsmarkinu en sem betur fer tókst mér að bæta upp fyrir það," sagði Hangeland.

Leikurinn var góð skemmtun en Sir Alex Ferguson var vitanlega ekki sáttur. „Við vorum kærulausir. Við vorum með leikinn í okkar höndum en svona getur alltaf gerst. Það er ekki hægt að skamma strákinn, vítið var ekki lélegt," sagði stjórinn.

Nýliðar Newcastle voru frábærir gegn stjóralausu liði Aston Villa sem var í tómu tjóni allan leikinn. Liðið skoraði sex mörk á Villa sem vissi ekki sitt rjúkandi ráð.

John Carew reyndi að rífa netið þegar hann tók vítaspyrnu snemma leiks en var nær því að brjóta rúður í minjagripaverslun-inni í St. James´s Park. Skotið fór himinhátt yfir.

Joey Barton skoraði stórkostlegt mark og kom Newcastle á bragðið áður en þeir Kevin Nolan og Andy Carroll tóku við. Nolan skoraði tvö en Carroll þrjú. Hann var hreint magnaður í leiknum og nýliðarnir minntu heldur betur á sig.

„Ég hefði aldrei getað spáð fyrir um þessi úrslit. Við bjuggumst við mjög erfiðum leik en þegar við skoruðum fyrsta markið þá tók það allt stress úr okkur. Við spiluðum frábæran sóknarleik og héldum taktinum sem við náðum upp vel við. Mörkin sem við skoruðum voru frábær og gæði okkar og ákafi var þeim ofviða," sagði Chris Hughton, stjóri Newcastle.

Kevin McDonald stýrir Villa tímabundið og hann tók tapið á sig. „Kannski var ég kærulaus í liðsvali mínu og ég tek ábyrgðina á því sem gerðist gegn ágætu liði Newcastle. Marc Albrighton var alveg búinn og þeir réðust vel á hann auk þess sem Ciaran Clark var lítillega meiddur. Kannski hefði ég ekki átt að nota þá," sagði niðurlútur McDonald.

hjalti@frettabladid.is

SJÁLFSMARK Brede Hangeland horfir á eftir boltanum í eigið net. Hann bjargaði svo stigi fyrir Fulham. NORDICPHOTOS/AFP

Úrslit helgarinnar:

Arsenal 6-0 Blackpool
Walcott (13., 39. og 58.), Arshavin (32., víti), Diaby (49.), Chamakh (82.)

Birmingham 2-1 Blackburn
N´Zonzi - Gardner 2.

Everton 1-1 Wolves
Cahill (43.) - 1-1 Ebanks-Blake (74.).

Stoke 1-2 Tottenham
Fuller (25.) - Bale (20 og 30.).

West Ham 1-3 Bolton
Noble - Upson sjálfsmark, Elmander 2.

WBA 1-0 Sunderland
Odemwingie.

Fulham 2-2 Manchester United
S. Davies, Brede Hangeland - Scholes, Hangeland sjálfsmark.

Newcastle 6-0 Aston Villa
Barton, Nolan 2, Carroll 3.

Man. City mætir Liverpool:

Ætti að verða góður leikur

FÓTBOLTI Manchester City tekur á móti Liverpool í kvöld. Mario Balotelli byrjar væntanlega og James Milner gæti spilað sinn fyrsta leik. Aleksandar Kolarov og Jerome Boateng eru enn meiddir. Liverpool verður án Joe Cole sem verður í banni en Javier Mascherano ætti að geta spilað ásamt Fernando Torres.

„Liverpool er með sterkt lið. Þeir seldu enga leikmenn frá sér eftir síðasta tímabil. Við viljum vinna en við berum mikla virðingu fyrir Liverpool og ég ber einnig mikla virðingu fyrir Roy Hodgson. Þetta ætti að verða góður leikur," sagði Roberto Mancini, stjóri City. - hþh

Efsta og neðsta sæti í enska:

22 mörk á milli

FÓTBOLTI Chelsea trónir á toppi ensku úrvalsdeildarinnar, eftir tvær umferðir, á markatölu. Liðið hefur skorað tólf mörk, sex í hvorum leik. Það er aðeins annað upp á teningnum hjá Wigan sem er í neðsta sæti, með tíu mörk í mínus eftir 6-0 og 4-0 töp. Það er því 22 marka munur á liðunum í efsta og neðsta sæti deildarinnar. - hþh

ÚTSALA

Plankaparket
Verð frá: 5.960

Okkar eigin framleiðsla

Stafaparket
Verð frá: 4.450

PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31, 108 Reykjavík
Símar: 581 2220 - 840 0470 - 892 5070
www.parketverksmidjan.is

TILÞRIF Hólmfríður leikur á varnarmann Frakka í landsleiknum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Samningur Hólmfríðar Magnúsdóttur er að renna út:

Vill framlengja hjá Philadelphia

FÓTBOLTI Samningur Hólmfríðar Magnúsdóttur við bandaríska atvinnumannafélagið Philadelphia Independence rennur út eftir nokkrar vikur. Hún hefur fullan hug á því að vera áfram hjá liðinu.

„Ég fékk dauðafæri í landsleiknum eftir hálfa mínútu en skaut í jörðina. Ég hefði örugglega skorað ef ég hefði ekki verið að spila vinstri bakvörð úti og lítið æft mig í að klára færin. Ég er samt ekkert að afsaka mig," sagði Hólmfríður og glotti.

„Ég veit ekki hvort að ég fái samninginn endurnýjaðan. Þeir þurfa að semja við mig aftur til að halda mér og ég vona að þeir vilji það. Það er erfitt að vera erlendur leikmaður úti þar sem aðeins fimm slíkir mega vera hjá félaginu. Það er því ekkert auðvelt að komast að, þarna eru svo margir sterkir leikmenn. Ég er samt sem áður búin að byrja alla leiki nema einn og hef verið að spila vel, þetta hefur verið upp á við, sér í lagi í síðustu sex leikjum," sagði Hólmfríður og bætti við að málið ætti að skýrast fljótlega. - hþh

Garðar Jóhannsson fer væntanlega frá Stjörnunni:

Búinn að finna sér félag

FÓTBOLTI Garðar Jóhannsson er búinn að finna sér lið á Norðurlöndunum og er hann í viðræðum um að ganga í raðir þess. Garðar var ófáanlegur til að segja frá hvaða landi liðið er.

„Það er verið að vinna í þessu og þetta mun skýrast í vikunni. Það er ekkert í hendi ennþá en ég má ekkert tala um þetta," sagði Garðar sem reiknar ekki með að fara á reynslu til félagsins fyrst heldur semja strax við það.

Garðar samdi við Stjörnuna með því skilyrði að fá að fara út ef félag í Evrópu sæktist eftir kröftum hans. Hann hefur aðeins spilað í fjórtán mínútur í sumar en gæti komið við sögu gegn Keflavík í kvöld. - hþh

MESTA ÚRVALIÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI

8 BLS
2 GLÆSILEGIR BÆKLINGAR STÚTFULLIR AF TILBOÐUM

ÍS FYRIR ALLA
LJÚFENGUR EMMESS ÍS Í BOÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

emmessís

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

FH 4-2 Fylkir

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1.777 Kristinn Jakobsson (8)

0-1 Andrés Már Jóhannesson (27.)
0-2 Jóhann Þórhallsson (30.)
1-2 Freyr Bjarnason (44.)
2-2 Gunnar Már Guðmundsson (69.)
3-2 Atli Viðar Björnsson (71.)
4-2 Atli Viðar Björnsson (73.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark):	17-9 (10-3)
Varin skot:	Gunnleifur 1 – Fjalar 6
Horn:	7-2
Aukaspyrnur fengnar:	5-5
Rangstöður:	1-3

FH 4–5–1		FYLKIR 4–5–1	
Gunnleifur Gunnleifs.	5	Fjalar Þorgeirsson	4
Ásgeir G. Ásgeirsson	4	Kjartan Á.Breiðdal	5
(69. Gunnar Guðm.	6)	Valur F.Gíslason	5
Freyr Bjarnason	6	Þórir Hannesson	4
Tommy Nielsen	6	Andri Þór Jónsson	4
Hjörtur Valgarðsson	5	(73. Pape M. Faye	-)
Ólafur Páll Snorrason	5	Tómas Þorsteinsson	6
Björn D. Sverrisson	5	Ásgeir B. Ásgeirsson	6
Matthías Vilhjálmsson	6	Kristján Valdimarsson	5
Pétur Viðarsson	5	(68. Ólafur Stígsson	4)
Atli Guðnason	6	Andrés Jóhannesson	6
(86. Gunnar Kristjáns.	-)	(60. Ingim. Óskarss.	5)
Atli Viðar Björnsson 7*		Ásgeir Arnþórsson	5
		Jóhann Þórhallsson	6

**Maður leiksins*

ÍBV 0-1 Grindavík

Hásteinsvöllur, áhorf.: 816 Gunnar Jarl Jónsson (8)

0-1 Hafþór Ægir Vilhjálmsson (26.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark):	6-6 (15-10)
Varin skot:	Albert 5 – Óskar 6
Horn:	8-6
Aukaspyrnur fengnar:	9-1
Rangstöður:	4-0

ÍBV 4–4–2		GRINDAV. 4–4–2	
Albert Sævarsson	6	Óskar Pétursson	6
James Hurst	5	Alexander Magnúss.	8
Rasmus Christiansen	6	Ólafur Örn Bjarnason	7
Eiður Sigurbjörnsson	7	Auðun Helgason	7
Matt Garner	6	Jósef Kr.Jósefsson	6
Finnur Ólafsson	6	Scott Ramsay	6
(75. Ásgeir Ásgeirsson	-)	(88. Guðm. Bjarnason	-)
Andri Ólafsson	5	Orri Freyr Hjaltalín	7
Damien Warlem	5	Jóhann Helgason	7
Tony Mawejje	5	**Hafþór Æ. Vilhj.**	**8***
(71. Gauti Þorvarðars.	-)	(75. Óli Bjarnason	-)
Eyþór H. Birgisson	5	Grétar Hjartarson	6
(62. Denis Sytnik	4)	(62. Ray Jónsson	6)
Tryggvi Guðmunds.	5	Gilles Mbang Ondo	6

**Maður leiksins*

STAÐAN

ÍBV	**17**	**10**	**3**	**4**	**27-17**	**33**
Breiðablik	16	9	4	3	36-18	31
FH	**17**	**8**	**5**	**4**	**33-26**	**29**
KR	15	7	4	4	26-20	25
Stjarnan	**16**	**6**	**5**	**5**	**32-26**	**23**
Keflavík	16	6	5	5	17-19	23
Valur	**16**	**5**	**7**	**4**	**22-26**	**22**
Fram	16	5	5	6	23-24	20
Grindavík	**17**	**5**	**4**	**8**	**20-24**	**19**
Fylkir	17	5	3	8	29-32	18
Selfoss	**16**	**4**	**2**	**10**	**23-36**	**14**
Haukar	16	0	7	9	20-39	7

Endurkoma FH hélt lífi í titilvoninni

Ólafur Þórðarson íhugar að segja af sér hjá Fylki eftir 4-2 tap gegn FH í gær. Liðið er komið í bullandi botnbaráttu á meðan Íslandsmeistararnir eru aðeins fjórum stigum frá ÍBV. FH lenti 0-2 undir en vann samt.

FÓTBOLTI „Við tvíefldumst við markið sem Freyr Bjarnason skoraði undir lok fyrri hálfleiks og spiluðum svo virkilega vel í seinni hálfleik," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH eftir mikilvægan sigur liðsins á Fylki, 4-2, á Kaplakrikavelli í gær.

Fylkir komst tveimur mörkum yfir í leiknum með mörkum frá Andrési Má Jóhannessyni og Jóhanni Þórhallssyni. FH náði með miklum karakter að snúa leiknum sér í hag og halda lífi í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn. „Ég þurfti ekki að messa yfir mínum mönnum í hálfleik. Ég sá að þeir voru að leggja sig fram og spila saman sem eitt lið. Það er þá sem lið ná árangri."

Heimir gerði góða skiptingu í stöðunni 1-2 þegar hann setti Gunnar Má Guðmundsson inn á um miðbik síðari hálfleiks. Gunnar þakkaði traustið með að skora nokkrum sekúndum seinna úr sinni fyrstu snertingu. „Gunnar Már er góður skotmaður og var sneggri að setja mark sitt á leikinn en ég átti von á," segir Heimir og hlær.

SKALLI FH-ingar voru framar í gær, á nánast öllum sviðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Heimir bað mig að koma inn á til að reyna að breyta einhverju og það tókst í þetta skiptið. Þetta var algjört draumaskot hjá mér úr fyrstu snertingu. Eftir að við jöfnuðum leikinn þá varð ekki aftur snúið," sagði Gunnar Már.

FH er nú aðeins fjórum stigum á eftir ÍBV sem situr í efsta sæti deildarinnar með 33 stig þegar fimm umferðir eru eftir. Atli Viðar Björnsson var á skotskónum í gær og skoraði tvö mörk í leiknum á aðeins tveimur mínútum og tryggði FH sigurinn. Hann telur að sigurinn í gær geti haft jákvæð áhrif fyrir framhaldið.

„Við gerum okkur grein fyrir því að nú megum við ekki misstíga okkur. Þessi sigur getur hjálpað okkur gríðarlega. Andinn í hópnum verður örugglega mun léttari úr því að við unnum leikinn," segir Atli Viðar en FH-ingar mæta næst KR á útivelli í sannkölluðum stórleik.

Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, var sár og svekktur með gengi og stöðu sinna manna. Hann telur að einbeitingarleysi sé helsta ástæðan fyrir slæmu gengi liðsins að undanförnu. „Menn einfaldlega halda ekki haus og við höfum glímt við þetta vandamál í allt sumar," segir Ólafur sem veltir framtíð sinni hjá félaginu fyrir sér.

„Við þurfum annað hvort að fá betri leikmenn eða nýjan þjálfara. Við höfum reynt ýmislegt í sumar til að létta andann í hópnum þegar illa hefur gengið og verðum að halda því áfram. Það er hins vegar mjög erfitt að horfa upp á svona hluti leik eftir leik. Það er eitthvað sem vantar í hópinn, það er alveg ljóst, hvort sem það eru sterkari karakterar eða eitthvað annað," segir Ólafur sem útilokar ekki að hann hætti sem þjálfari liðsins. „Maður veit aldrei hvað gerist í lífinu og ég spái alvarlega í mína framtíð." **- jjk**

AÐÞRENGDUR Matthías Vilhjálmsson fyrirliði FH í baráttu við þrjá Fylkismenn í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grindvíkingar sendu Fylkismenn niður fyrir sig eftir frábæran sigur á toppliði ÍBV í Eyjum:

Eyjamenn brutu eigin reglur í vindinum

FÓTBOLTI Eyjamenn tóku á móti Grindvíkingum í vindasömum leik á Hásteinsvellinum í Vestmannaeyjum í gær en Grindvíkingar komu mörgum á óvart og hirtu öll þrjú stigin.

Þetta var mikilvægur leikur fyrir bæði liðin að berjast á sitthvorum endanum á töflunni. Grindvíkingar komust með sigri num upp fyrir Fylki og sitja nú í 9. sæti með 19 stig, fimm stigum frá fallsæti. Eyjamenn hefðu getað styrkt stöðu sína á toppi deildarinnar og náð fimm stiga forystu á Blika.

Grindvíkingar byrjuðu með vindinn í bakið en vindhraði á vellinum var um 20 metrar á sekúndu. Þeir voru mun hættulegri í fyrri hálfleiknum og uppskáru mark eftir 27. mínútna leik. Þar var að verki Hafþór Ægir Vilhjálmsson sem komst einn í gegn þegar sending kom fyrir aftan vörn Eyjamanna, Albert Sævarsson kom út á móti og reyndi að ná sendingunni en Hafþór Ægir náði að pota í boltann og urðu svo ekki á nein mistök á þegar hann renndi boltanum í tómt mark Eyjamanna.

Eftir markið héldu Grindvíkingarnir áfram að sækja en náðu ekki að bæta öðru markinu við fyrir hálfleik.

Eyjamenn reyndu svo að sækja í sig veðrið með vindinn í bakið í síðari hálfleik en ekkert gekk að brjóta vörn Grindvíkinga á bak aftur. Eyjamenn reyndu mikið að senda í svæði og náðu ekki að halda boltanum á jörðinni en það er ekki góðs viti í svona miklum vindi.

„Við vorum allavegana ekki að gera það sem þarf að gera og ætluðum að gera. Það eru einfaldlega ákveðnar reglur sem gilda þegar maður spilar í svona roki og við þekkjum þær reglur alveg, ég veit ekki hvað var í gangi hvort það var bara einhver taugaspenna og menn gleymdu sér bara. Í svona vindi verðum við bara að spila niðri, spila í fætur en ekki í svæði og bara ákveðnar reglur sem maður verður að fara eftir, " sagði Heimir Hallgrímsson eftir leikinn.

Grindvíkingar fóru með sanngjarnan 0–1 sigur af hólmi í leik þar sem lítið var um góð tilþrif. Mikil stígandi hefur verið á liði Grindvíkinga síðan Ólafur Örn Bjarnason tók við og ljóst er að þeir geta unnið hvaða lið sem er í þessari deild.

„Við ákváðum strax að leggja ekki áherslu á fallbaráttuna þannig séð heldur bara að einblína á okkur sjálfa. Við erum að reyna að bæta okkar leik, bæta leikskipulag og leikskilning hjá liðinu og þá koma stigin," sagði Ólafur Örn. **- vsh**

SIGRAÐIR Eyjamenn töpuðu á heimavelli í gær og geta misst toppsætið í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík...

... og passar með öllu

Kotasæla

www.ms.is

Alfreð Finnbogason leiðir framlínu Blika í kvöld fyrir framan fjölda útsendara:

Reyni að hugsa ekki um þetta

FÓTBOLTI Fjórir leikir fara fram í Pepsi-deild karla í kvöld. Keflvíkingar taka á móti Stjörnunni, Framarar á móti Selfyssingum, Valsmenn á móti KR-ingum og Alfreð Finnbogason og félagar í Breiðabliki á móti botnliði Hauka.

Fjöldi útsendara verður á leiknum í kvöld til að fylgjast með Alfreð. Þeir eru frá Frakklandi, Danmörku og Póllandi en þaðan hefur einmitt borist tilboð frá Lechi Gdansk. Samningaviðræður Blika og pólska félagsins eru enn í gangi en það hefur áhuga á að kaupa Alfreð eða fá hann að láni.

Áður var talið að tilboðið hljóðaði upp á um fimmtán milljónir íslenkra króna en samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins er það mun hærra.

„Ég reyni bara að hugsa um að standa mig. Auðvitað hugsar maður aðeins um þetta en ég hef áður vitað af því að menn séu að fylgjast með mér. Ég breyti ekki út af neinu, ég er ekkert að fara að reyna að klára leikinn einn heldur snýst þetta um liðið," segir sóknarmaðurinn geðþekki.

Hann á ekki von á auðveldum leik gegn Haukum. „Ef maður mætir ekki klár á maður ekki von á góðu. Það eru engir auðveldir leikir í þessari deild. Haukar hafa staðið sig vel í mörgum leikjum og hirt stig af KR og fleiri liðum. Þá er eflaust farið að þyrsta í fyrsta sigurinn líka," segir Alfreð. **- hþh**

EFTIRSÓTTUR Fjöldi félaga er að fylgjast með sóknarmanninum knáa sem hefur skorað tólf mörk í sextán leikjum í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GÓÐUR Ondo hefur verið góður í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gilles Ondo eftirsóttur:

Höfum ekki efni á að selja Gilles

FÓTBOLTI Gilles Ondo er eftirsóttur af félögum um allan heim og líklegt er að tilboð berist í hann áður en félagaskiptaglugginn lokar þann 1. september. Grindvíkingar mega ekki við því að missa sinn helsta markaskorara segir Þorsteinn Gunnarsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur.

„Það er mjög ólíklegt að við seljum hann. Við erum í bullandi fallbaráttu og við höfum bara ekki efni á því. Hann er samningslaus eftir tímabilið og það er ekkert launungamál að hann ætlar sér að spila í stærri deild," sagði Þorsteinn.

Nánast engar líkur eru því á því að hann fari þar sem ekkert félag er væntanlega tilbúið að greiða háa upphæð fyrir Ondo í ágúst þegar það getur fengið hann frítt í október. **- hþh**

U-18 ára landslið Íslands:

Elleftu á HM

HANDBOLTI Íslenska U-18 ára landsliðið hafnaði í tólfta sæti á Heimsmeistaramótinu í Svartfjallalandi. Það tapaði lokaleiknum gegn Tékkum 32-30 þegar spilað var um ellefta sætið. Akureyringurinn Geir Guðmundsson var maður leiksins en hann var markahæstur með tíu mörk. **- hþh**

Veigar Páll Gunnarsson:

Skoraði tvö og lagði upp eitt

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í 4-0 sigri Stabæk á Hønefoss í norsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Bjarni Ólafur Eiríksson spilaði allan leikinn eins og Veigar en Pálmi Rafn Pálmason síðustu þrettán mínúturnar. Kristján Örn Sigurðsson var í vörn Hønefoss.

Björn Bergmann Sigurðsson og Stefán Logi Magnússon var í byrjunarliði Lilleström sem vann Aalasund 1-0. Birkir Bjarnason og Indriði Sigurðsson léku allan leikinn fyrir Viking sem gerði 2-2 jafntefli við Start og Árni Gautur Arason fékk á sig þrjú mörk í 3-1 tapi Odd Grenland gegn Tromsö.

Ragnar Sigurðsson, Hjálmar Jónsson og Theodór Elmar Bjarnason léku allan leikinn í 2-0 tapi IFK Gautaborg gegn Djurgården í sænsku úrvalsdeildinni. Ragnar fékk tvö gul spjöld og þar með rautt í seinni hálfleik. **- hþh**

Markmiðum náð

Sex vikna átaksnámskeið hefjast 30 ágúst. M&N-training nýtt á Íslandi

Konuátak

- Meiri árangur og hámarks brennsla
- Vikulegur netpóstur
- Vigtun og mælingar sem veita aðhald
- Mataræði sem hreinsar, eykur bruna og gefur orku
- Fjölbreytt þjálfunarmunstur
- Þú kynnist m.a TABATA, Hot Yoga, Les Mills tímum og M&N-Training
- Ótakmarkaður aðgangur að fjórum stöðvum og sundi

Námskeið kl. 6.05, 9.15, 16.30 og 17.30. 3 x í viku.

Krefjandi konuátak

- Framhaldsnámskeið-hraðferð
- Árangur á met tíma
- Hámarks brennsla
- Vigtun, mælingar og mataræði sem veita strangt aðhald
- Vikulegur netpóstur
- Mjög fjölbreyttir tímar
- Ótakmarkaður aðgangur að fjórum stöðvum og sundi

Námskeið kl. 6.05 og 18.30 3 x í viku.



Karlaátak

- Meiri orka, kraftur og styrkur
- Hámarks brennsla
- Vigtun og mælingar sem veita gott aðhald
- Vikulegur netpóstur um bætt mataræði og fræðslupunkta
- Mjög fjölbreyttir tímar m.a stöðvaþjálfun, BodyPump, M&N-training
- Ótakmarkaður aðgangur að fjórum stöðvum og sundi

Námskeið kl. 18.30 3 x í viku.

Verð fyrir átaksnámskeið
kr. 21.990.- Korthafar kr. 12.990.-

Skráning og nánari upplýsingar
í síma 565-2212/565-2712 mottaka@hress.is

ÁSMEGIN Sjúkraþjálfun HRESS

Dalshrauni 11 og Ásvöllum 2
220 Hafnarfjörður
hress@hress.is www.hress.is

Grafika 10

> **Sylvester Stallone**

„Ég trúi því að allir hafi ákveðna formúlu í lífi sínu. Þegar fólk bregður frá formúlunni leiðir það annaðhvort til stórra mistaka eða frábærrar velgengni".

Vöðvabúntið Stallone fer með leikstjórn og aðalhlutverk í sjöttu myndinni um hnefaleikakappann Rocky, sem er á dagskrá Stöð 2 bíó kl. 22.00 í kvöld.



dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON SPÁIR Í NÝTT UPPHAF

Góðir matarsiðir endurheimtir

Ég ólst upp við það að fjölskyldan settist öll til borðs á kvöldin og snæddi saman kvöldverð. Við systkinin fengum aldrei að borða fyrir framan sjónvarpið, nema þá kannski við mjög sérstök tækifæri og þá eftir að hafa suðað mikið og lengi í foreldrum okkar.

Í dag borða ég aftur á móti nær alltaf fyrir framan sjónvarpsskjáinn því matmálstíminn á heimilinu er á sama tíma og fréttirnar – sem ég vil ekki missa af. Síðustu ár hef ég því setið hokin í sófanum með matardiskinn á hnjánum og þannig borðað hverja kvöldmáltíðina dag eftir dag, mánuð eftir mánuð. Það er ákveðin kúnst sem fylgir því að borða kvöldmat fyrir framan sjónvarpið, tala nú ekki um ef réttur kvöldsins er spagetti bolognese. Maður þarf að vanda sig mikið við að sulla ekki á sófann eða gólfteppið þegar maður ber gaffalinn svo langa leið frá diskinum og að kjafti. Þess utan neytir maður matarins aðeins með hálfum huga því maður er með augun límd við skjáinn allan tímann svo að fréttir líðandi dags fari ekki framhjá manni.

Þetta er mikill ósiður sem ég hef komið mér upp og ég ætti í raun að hætta þessu hið snarasta. Það ætti ekki að vera mikið mál þökk sé RÚV+ og Stöð 2+ þar sem ég get horft á sjónvarpsdagsskrána klukkutíma eftir rauntíma. Þökk sé tækninni heyra sjónvarpsmáltíðir nú vonandi sögunni til.

MÁNUDAGUR

▶ **20.10 So You Think You Can Dance** STÖÐ 2

▶ **21.05 Lífsháski** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.45 CSI: New York** SKJÁREINN

▶ **21.45 Monk** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **22.00 Rocky Balboa** STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

16.40 Áfangastaðir - Gengnar götur (9:12)
17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Gullfoss og Geysir (18:24)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Út í bláinn (Packat & klart sommar) Sænsk ferðaþáttaröð.
18.00 Sammi (21:52)
18.07 Franklín (2:13)
18.30 Skúli skelfir (8:52)
18.40 Kóngsríki Símonar
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Síðustu forvöð – Manatinn í Amasón (1:6) (Last Chance to See) Leikarinn góðkunni Stephen Fry ferðast um víða veröld og skoðar dýrategundir í útrýmingarhættu.
▶**21.05 Lífsháski** (Lost VI) Það er komið að lokaþættinum af Lífsháska sem er í tvennu lagi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.20 Lífsháski (Lost VI) Lokaþáttur, seinni hluti.
23.10 Íslenski boltinn
23.55 Framtíðarleiftur (16:22) (Flash Forward) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
00.35 Kastljós (e)
01.00 Fréttir (e)
01.10 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Journey to the Center of the Earth
10.00 Happy Gilmore
12.00 Red Riding Hood
14.00 Journey to the Center of the Earth
16.00 Happy Gilmore
18.00 Red Riding Hood
20.00 Showtime
▶**22.00 Rocky Balboa**
00.00 Twilight Samurai
02.10 The Constant Gardener
04.15 Rocky Balboa
06.00 The Love Guru

STÖÐ 2

06.59 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn, Krakkarnir í næsta húsi
08.14 Oprah Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
08.54 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel (5:6)
10.50 Cold Case (13:22)
11.45 Falcon Crest II (11:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (4:24)
13.30 Samurai Girl - Book of the Heart
15.00 ET Weekend
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Saddle Club, Apaskólinn, Könnuðurinn Dóra
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (14:22)
18.23 Veður Markaðurinn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (16:24)
19.45 How I Met Your Mother (14:22) (14.22)
▶**20.10 So You Think You Can Dance** (18:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 5 bestu dansararnir eru eftir í keppninni.
21.35 So You Think You Can Dance (19:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga von um að sigra í þessari stærstu danskeppni Bandaríkjanna.
22.20 Torchwood (8:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.
23.15 Cougar Town (10:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends.
23.40 White Collar Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
00.25 Gavin and Stacy (5:7)
00.55 The Legend of Evil Lake Suður-Kóreisk hrollvekja af bestu gerð.
02.30 New France
04.50 Cold Case (13:22)
05.35 Fréttir og Ísland í dag (e)

SPORT *besta sætið*

07.00 Pepsí deildin 2010 Sýnt frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
17.10 Pepsí deildin 2010 Sýnt frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
19.00 Pepsí deildin 2010 Bein útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
21.15 Ríkharður Jónsson Sjötti þátturinn af tíu í þessari þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Í þessum þætti verður fjallað um Ríkharð Jónsson og hans feril.
22.00 Pepsímörkin 2010 Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
23.00 Pepsí deildin 2010 Sýnt frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
00.50 Pepsímörkin 2010 Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Fulham - Man. Utd.
15.30 West Ham - Bolton
17.20 Rivellino
17.50 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
18.50 Man. City - Liverpool Bein úts.
21.00 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
22.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifinskoðuð í þaula.
22.30 Man. City - Liverpool

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Dynasty (17:30) (e)
09.30 Pepsi MAX tónlist
16.45 Dynasty (18:30)
17.30 Rachael Ray
18.15 Top Chef (12:17) (e) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu.
19.00 Real Housewives of Orange County (7:15) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
19.45 King of Queens (10:13) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
20.10 Kitchen Nightmares (4:13) Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsay heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu.
21.00 Three Rivers (12:13) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum.
▶**21.45 CSI: New York** (3:23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Raðmorðingi skilur eftir áttavita til að vísa rannsóknardeildinni veginn að næsta fórnarlambi.
22.35 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.20 The Cleaner (10:13) (e) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki.
00.05 In Plain Sight (9:15) (e)
00.50 Leverage (10:13) (e)
01.35 King of Queens (10:13) (e)
02.00 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Eldhús meistaranna Maggi í eldhúsinu á Grand Hótel.
20.30 Golf fyrir alla Sjötta og sjöunda braut leiknar á Hamarsvelli.
21.00 Frumkvöðlar Gestir Elínóru Ingu eru ótrúlega snjallir.
21.30 Eldum íslenskt Matreiðsluþáttur með íslenskar búvöru og eldhúsmeistara í öndvegi.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BREYTTUR SÝNINGARSALUR..!! 20% AFSLÁTTUR
HAGKVÆMAR LAUSNIR
HTH SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
ELDHÚSINNRÉTTINGAR
BAÐINNRÉTTINGAR
ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR
FATASKÁPAR
Af hverju að borga meira?
TIL Á LAGER
Sýningarsalurinn sýnir bæði lagerinnréttingar og sérpantanir
VASKAR OG BLÖNDUNARTÆKI
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2821 & 530 2919
● ORMSSON–AKUREYRI · Sími 461 5003 ● MODEL/ORMSSON–AKRANESI · Sími 431 3333

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 18.50

Man. City - Liverpool

Það er sannkallaður stórleikur á Manchester Stadium í kvöld þegar milljarðarlið Man. City undir stjórn Roberto Mancini tekur á móti lærisveinum Roy Hodgson í Liverpool. Bæði lið gerðu jafntefli í fyrstu umferð og hyggjast því ná í sinn fyrsta sigur á tímabilinu í kvöld. Það er mikil pressa á Roberto Mancini að skila árangri í hús í vetur á meðan Roy Hodgson tekur við liði Liverpool eftir afleitt gengi í fyrra. Hans bíður ærið verkefni með drengina frá Bítlaborginni.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Torchwood

Stöð 2 kl. 22.20

Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa þau. Liðsmenn sveitarinnar eru gæddir sérstökum hæfileikum sem nýtast þeim vel í baráttu við ill öfl sem vilja vinna mannkyninu mein.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Hringsól
14.03 Bak við stjörnurnar
15.03 Útvarpssagan: Eldfórnin
15.25 Fólk og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Á sumarvegi
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.22 Syrpan
18.50 Veðurfregnir
19.00 Húslestrar á Listahátíð 2010
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
21.30 Kvöldsagan: Rómeó og Júlía í sveitaþorpinu
22.10 Orð kvöldsins
22.25 Girni, grúsk og glóríur
23.15 Lostafulli listræninginn
23.50 Þjóðsagnalestur
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

19.35 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur

20.15 E.R. (12:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

▶21.45 Monk (9:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk. Hann heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamálanna sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

22.30 Lie to Me (11:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum.

23.15 The Tudors (5:8) Þriðja þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda.

00.10 E.R. (12:22)

00.55 The Doctors

01.35 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

02.00 Fréttir Stöðvar 2

02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.20 EastEnders **10.50** Dalziel and Pascoe **11.40** Torchwood **12.30** Black Adder **13.05** Black Adder **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** ‚Allo ‚Allo! **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Fawlty Towers **18.00** QI **18.30** Lead Balloon **19.00** Little Britain **19.30** Judge John Deed **20.20** Fawlty Towers **20.50** QI **21.20** Come Dine With Me **21.45** The Jonathan Ross Show **22.35** EastEnders **23.05** Torchwood **23.55** Fawlty Towers

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** OBS **10.15** Aftenshowet **10.45** Et sted som det her **11.30** Dage i haven **12.00** Ønskehaven **12.30** Danmark ser grønt **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Radiserne **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Sallies historier **15.30** Stor & Lille **15.40** Postmand Per **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Søren Ryge præsenterer **18.00** P. S. Krøyer - Sikken fest **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Taggart **21.10** En falden engel **22.20** OBS **22.25** Naruto Uncut **22.50** Boogie Mix

NRK 1

12.20 Uteliv om høsten **12.50** Solens mat **13.20** Ut i naturen **13.45** Poirot **14.40** Jakten på Storbritannias gjerrigste person **15.05** 30 Rock **15.30** Tingenes tilstand **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Hannas hjarte **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Garrows lov **20.30** Med spriten som følgesvenn **21.00** Kveldsnytt **21.15** Krøniken **22.10** Skjønnheitsprinsesser **23.10** Husdrømmen **23.40** Sport Jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Sportspegeln **10.35** Sverige! **11.05** Mat och grönt på Friland **11.35** Minnenas television **12.25** Musik ombord **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Förnuft och känsla **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.05** Schlagerpärlor **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Val 2010. Tom Alandh i Sverige **18.30** Djursjukhuset **19.00** Kvalster **20.00** Five Days **21.00** Dold identitet **23.00** Dokument inifrån **00.00** Kriminalhistoriska berättelser

Engjaþykkni
- því þú átt gott skilið

... milli mála



... í kaffitímanum

... í eftirrétt

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

... öllum stundum!

PERSÓNAN

Jóhannes Kjartansson

Aldur: 27 ára
Starf: Grafískur hönnuður og ljósmyndari
Fjölskylda: Það er kærasta og tveir brottfluttir kettir
Foreldrar: María Guðmundsdóttir, ferðamálafrömuður og Kjartan Jóhannesson, forritunarfrömuður
Búseta: Grettisgata í Reykjavík
Stjörnumerki: Þrjósk steingeit

Jóhannes Kjartansson gefur út ljósmyndabókina Joi de vivre sem hefur að geyma 500 ljósmyndir, átta myndir úr hverjum mánuði, sem hann hefur skrásett úr daglegu lífi síðan árið 2005

Hittir Spánardrottningu og Banderas

„Þetta kom ánægjulega á óvart," segir Stefán Einarsson, grafískur hönnuður á Hvíta húsinu, sem hlaut fyrstu verðlaun í alþjóðlegri auglýsingakeppni á vegum Sameinuðu þjóðanna. Viðfangsefnið var fátækt í heiminum.

Verðlaunin verða afhent í Madríd 10. september af Soffíu Spánardrottningu. Landi hennar, Hollywood-leikarinn Antonio Banderas, verður einnig á staðnum enda er hann viðriðinn átak Sameinuðu þjóðanna gegn fátækt sem miðar að því að binda enda á fátækt fyrir árið 2015. „Þetta verður forvitnilegt og skemmtilegt," segir Stefán og hlakkar til að hitta bæði Soffíu og Banderas.

Stefán hlaut einnig þriðju og fimmtu verðlaun í keppninni fyrir auglýsingar sínar en alls bárust 2.034 tillögur frá þrjátíu löndum. Auglýsingar Stefáns og nokkurra annarra keppenda verða á næstunni birtar í stórum dagblöðum í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Stefán segir að umfjöllunarefnið fátækt hafi verið sér hugleikið og þess vegna hafi hann ákveðið að taka þátt. „Það er þakklátt fyrir teiknara að geta tekið þátt í að koma skilaboðum á framfæri sem skipta meira máli en bara að selja varning," útskýrir hann. „Líka eftir hrunið á Íslandi þá hugsar maður meira um þessi mál og sér hvað við höfum það ótrúlega gott þrátt fyrir allt."

Með auglýsingum sínum vildi hann sýna andstæðurnar á milli hinna ríku vesturvelda og fátæku ríkjanna. Tvískipt verðlaunamyndin er þannig að neðri hlutinn er af börnum í Afríku að bíða eftir matargjöf á meðan efri hlutinn er af leiðtogum heimsins. Með auglýsingunni fylgir síðan textinn: „Kæru leiðtogar heims – við erum enn að bíða." -fb

STEFÁN EINARSSON Stefán hlaut fyrstu verðlaun í alþjóðlegri auglýsingakeppni á vegum Sameinuðu þjóðanna.



ANTONIO BANDERAS Stefán hittir Hollywood-leikarann í Madríd 10. september.

FRAMLEIÐA SAMAN

Hrefna Hagalín og Kristín Bára Haraldsdóttir framleiddu stuttmynd fyrir hönnuðinn Munda. Tökur fóru fram við Landmannalaugar, Vík í Mýrdal og Seljalandsfoss en það hellirigndi á tökuliðið á fyrsta degi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR AF FÓLKI

Heimildarmyndin Future of Hope verður frumsýnd í Háskólabíói 1. september. Myndin fjallar um einstaklinga sem vilja stöðva neysluhyggjuna sem hefur verið ríkjandi í heiminum. Einnig er rætt um Ísland sem sjálfbært ríki, lífrænan landbúnað, endurnýjanlega orku og frumkvöðlastarfsemi. Á meðal viðmælenda í myndinni eru rithöfundurinn **Andri Snær Magnason**, Guðni Gunnarsson, stofnandi Rope Yoga-setursins og Vigdís Finnbogadóttir. Leikstjóri er Henry Bateman og tónlistina gerði Birgir Hilmarsson, fyrrum liðsmaður Ampop.

Ljósmyndasýning með verkum **Þorvaldar Arnar Kristmundssonar** verður opnuð í Los Angeles 15. september í The KONA Gallery and Photojournalism Center.

Sýningin nefnist Náttúra er vörumerki eða Nature is Brand og er sú sama og Þorvaldur hélt á blaðaljósmyndarasýningu í Gerðasafni í vor þar sem þemað var kókflöskur úti í íslenskri náttúru. Það voru eigendur KONA-gallerísins sem sáu myndirnar á heimasíðu Þorvaldar og heilluðust svo að þeir buðu honum út með sýninguna.

Og meira af Þorvaldi því KONA-galleríið er með þeim virtari í bandarískri nútímaljósmyndum. Þrátt fyrir að enn séu um þrjár vikur í opnun sýningarinnar er þegar búið að hengja allar myndirnar upp og setja saman 3.500 manna gestalista fyrir formlegt opnunarkvöld sem verður 18. september. Fulltrúar stórblaðsins Los Angeles Times hafa einnig boðað komu sína auk nokkurra sjónvarpsstöðva. Og til að kóróna viðburðinn munu stúlkurnar í **The Charlies**, sem eru búsettar í Los Angeles, stíga á svið undir lok kvöldins.



LÁRÉTT
2. spil, **6.** skammstöfun, **8.** hestaskítur, **9.** loft, **11.** mun, **12.** skrá, **14.** gimsteinn, **16.** svörð, **17.** í viðbót, **18.** þrá, **20.** átt, **21.** tif.

LÓÐRÉTT
1. hluta sólahrings, **3.** pot, **4.** sýkn, **5.** svelg, **7.** mjólkursykur, **10.** sæ, **13.** herma, **15.** hrumur, **16.** form, **19.** karlkyn.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** gosi, **6.** al, **8.** tað, **9.** gas, **11.** ku, **12.** skjal, **14.** topas, **16.** mó, **17.** auk, **18.** ósk, **20.** sa, **21.** tikk.
LÓÐRÉTT: **1.** dags, **3.** ot, **4.** sakleysi, **5.** iðu, **7.** laktósi, **10.** sjó, **13.** apa, **15.** skar, **16.** mót, **19.** kk.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Svifagnir sem stífla hraunglufur og annað frárennsli.
2. Framtakssjóður Íslands.
3. Skortur á graslendi.

DUROL
BURSTAMOTTAN
5 ára ábyrgð
- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum
BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

HREFNA HAGALÍN: HELLIRIGNDI Á TÖKULIÐ OG TÆKI

Íslensk tískustuttmynd á tískuvikunni í París

„Þetta er stuttmynd frekar en auglýsing, en tilgangurinn með henni er að kynna nýja sumarlínu Munda og verður myndin frumsýnd á tískuvikunni í París í lok september," segir Hrefna Hagalín sem framleiðir stuttmynd fyrir hönnuðinn Munda ásamt Kristínu Báru Haraldsdóttur. Myndin er saga ungrar stúlku sem gengur í gegnum ákveðið ferli og hittir ýmsa kynlega kvisti í leiðinni og fer fyrirsætan Brynja Jónbjarnadóttir með hlutverk stúlkunnar.

Um fimmtán manna hópur dvaldi vikulangt við Landmannalaugar, Vík í Mýrdal og Seljalandsfoss við tökur á myndinni og segir Hrefna að það hafi gengið á ýmsu á meðan. „Á fyrsta tökudegi lentum við í mestu rigningu sem ég hef á ævinni upplifað. Þetta var tólf tíma tökudagur og í lok hans voru allir orðnir blautir inn að beini og grútskítugir og tjöldin okkar voru blaut það sem eftir var ferðarinnar," segir Hrefna og bætir við að sem betur fer sluppu flíkurnar frá Munda að mestu. Aðspurð segir hún að fólk hafi skemmt sér vel við tökur þrátt fyrir slæmt veður og þótti mörgum miður þegar þeim var lokið.

Hrefna og Kristín Bára reka saman framleiðslufyrirtækið Krúnk og framleiddu þær meðal annars stuttmyndina Knowledy, ásamt því að sjá um leikstjórn. Innt eftir því hvort mikill munur hafi verið á því að framleiða Knowledy og stuttmyndina fyrir Munda svarar Hrefna því játandi. „Það er allt önnur reynsla að taka upp á hálendinu. Þar er engin búð, engin bensínstöð og miklu fleira sem þarf að hugsa út í áður en lagt er af stað. Svo þurftum við auðvitað að laga myndina að veðrinu. Þannig að það gekk á ýmsu, en allt gekk upp að lokum," segir Hrefna og hlær. -sm

Vakti mikla lukku í Kaupmannahöfn

„Þetta gekk rosalega vel. Ég á í viðræðum við verslanir í Tókýó, París, London, Kaupmannahöfn, Kanada og nokkrar vefverslanir að auki þannig að móttökurnar hafa bara verið mjög góðar," segir fatahönnuðurinn Sonja Bent sem er nýkomin heim frá Danmörku eftir að hafa tekið þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn.

Sonja fékk í kjölfarið boð á tískuvikuna í Berlín og Pret a porter í París auk þess sem fjölmiðlar sýndu hönnun hennar mikinn áhuga. „Ég er búin að staðfesta þátttöku mína á tískuvikuna í París en er enn að velta fyrir mér boðinu til Berlínar. Í París tek ég þátt í sölusýningu sem er sérstaklega ætluð ungum fatahönnuðum og er meira eins og listræn innsetning heldur en eiginleg sölusýning. Í staðinn fyrir að hengja hönnun okkar á gínur og herðatré gerum við innsetningu, sem er mjög spennandi," útskýrir Sonja.

Aðspurð segist hún ánægð með þá athygli sem hönnun hennar hlaut á tískuvikunni í Kaupmannahöfn. „Ég er mjög ánægð með þessar góðu undirtektir enda virkar þetta mjög hvetjandi á mann og ég tek þessu sem hrósi. Það skemmir heldur ekki fyrir að ég var á frábærum stað á sölusýningunni í Kaupmannahöfn, alveg við hliðina á barnum," segir hún og hlær.

Sonja á einnig í viðræðum við framleiðendur úti í heimi um að framleiða hönnun hennar, en hingað til hefur hún að mestu séð um allan saumaskap. Auk þess er hún að undirbúa sig fyrir tískusýningu sem fram fer í Makedóníu þann þriðja september. „Maður er á fullu alla daga," segir hönnuðurinn að lokum. -sm

MIKIÐ HRÓS Sonja Bent er ánægð með þær góðu undirtektir sem hönnun hennar fékk á tískuvikunni í Kaupmannahöfn. Henni var í kjölfarið boðin þátttaka á tískuvikunum í París og í Berlín.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

218.889 gestir slógu öll met í fyrra
Vertu með okkur á nýju og mögnuðu leikári

Skelltu þér í Borgarleikhúsið

Kortasalan í fullum gangi
Tryggðu þér áskrift fyrir veturinn

Nýmalað og ilmandi Borgarleikhúsblað er komið út, glæsilegra en nokkru sinni fyrr. **Skoðaðu úrvalið** og veldu þær sýningar sem þú mátt ekki missa af.

GRÍMAN 2010 – 4 af 5 SÝNINGUM ÁRSINS

Hringdu núna í síma **568 8000**, farðu á **borgarleikhus.is** eða kíktu við í **miðasölu Borgarleikhússins** við Listabraut.

Opið hús næsta sunnudag
Líf og fjör allan daginn
Allir velkomnir!

Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

KÍKTU Í HITT HORNIÐ

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kátt var í höllinni

Laugardalshöllin var troðfull í gær af söngelsku fólki sem tók þátt í stóru kóramóti sem er haldið annað hvert ár á Norðurlöndunum eða í Eystrasaltsríkjunum. Um lokatónleika kóranna var að ræða og heppnuðust þeir einkar vel. Sungu þeir bæði saman og hver í sínu lagi og á meðal þeirra sem hlýddu á var forseti Íslands, **Ólafur Ragnar Grímsson**. Borgarstjóri Reykjavíkur, Jón Gnarr, ætlaði einnig að halda ræðu en sá sér ekki fært að mæta. Í hans stað mætti borgarfulltrúinn Oddný Sturludóttir og las upp ræðu Jóns við góðar undirtektir. Næsta kóramót verður haldið í Turku í Finnlandi að tveimur árum liðnum.

Biskupinn og börnin

Greinilegt var að **Karl Sigurbjörnsson**, biskup Íslands, skemmti sér vel, ef ekki guðdómlega, á barnaskemmtun Latabæjar eftir Latabæjarhlaupið á menningarnótt Reykjavíkurborgar á laugardag. Biskup stóð nálægt sviðinu þétt við hlið barnaskarans, sem hann studdi dyggilega í síðustu viku þegar hann lýsti því yfir að fyrirmæli barnaverndarlaga væru fremri ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu presta. Á skemmtuninni göptu margir af undrun yfir heljarstökkum Íþróttaálfsins, sem í einu atriðanna lét sig falla nokkrar mannhæðir. Venjulegur maður hefði vafalítið stórslasast í látunum.

- fb, jab

Mest lesið

VÍSIR.IS

1. Handtekin fyrir dónalegan dans
2. Morðrannsókn: Tilviljun að Hannes var einn heima
3. Hörð árás á Wikileaks vekur heimsathygli
4. Joly býður sig fram til forseta
5. Vandræðabarnið Christoph Schlingensief látinn
6. Séra Bjarni: Sjónarmið Geirs Waage varðar brottrekstur